allt

GUÐRÚN HEIMISDÓTTIR

*Göngutúr með hundinn besta líkamsræktin*

• heilsa • jólin koma



HJALTI ÚRSUS

*Gerir heimildarmynd um Jón Pál*

Enginn hefur fetað í fótspor hans

FÓLK 50









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. desember 2005 — 337. tölublað — 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Arnaldur heillar Vesturheim

Mýrin eftir Arnald Indriðason kom út fyrir skömmu í Bandaríkjunum. Gagnrýnendur segja söguna stórkostlega.



MENNING 34

### Styttra framhaldsskólanám

Ríkið græðir vissulega á því að stytta framhaldsskólanám um eitt ár en skólar eru ekki framleiðslustofnun, segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 24

### Eitt stórt atvinnuviðtal




Lítið hefur komist að hjá Unni Birnu annað en að taka við hamingjuóskum og svara spurningum fjölmiðla.

TILVERAN 18

### Eiður og Ásthildur best

Eiður Smári Guðjohnsen og Ásthildur Helgadóttir voru í gær kjörin knattspyrnumenn ársins við hátíðlega athöfn.



ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**SÚLD EÐA RIGNING** á Vestfjörðum og vestan til á Norðurlandi annars úrkomulítið lengst af. Bjart með köflum austan til á landinu. Hiti 2-6 stig.



**VIÐ SLÖKKVISTÖRF Í BRETLANDI** Slökkviliðsmenn börðust enn við elda í Buncefield olíubirgðastöðinni í London í gær og reyndu að kæfa eldana með sérstakri froðu. Hérlendis á fyrirtækið Olíudreifing mestar froðubirgðir og kom sér nýverið upp færanlegum slökkvibúnaði.

# Eitraður olíureykur bærist frá Örfirisey

**Ef kviknaði í olíubirgðastöðinni í Örfirisey gæti þurft að rýma hús í Reykjavík. Birgðastöðin uppfyllir skilyrði svokallaðrar Cevezo-tilskipunar um öryggi. Það gerði líka Buncefield-stöðin sem brann í London um helgina.**

**BRUNAVARNIR** „Þetta slys í Bretlandi er alveg með ólíkindum," segir Björn Karlsson brunamálastjóri um brunann í Buncefield olíubirgðastöðinni í London um helgina. „En alls staðar er áhætta og erfitt að girða algjörlega fyrir möguleikann á stórslysi."

Björn segir að í vor og næsta sumar verði farið í sérstakt átak tengt öllum 30 olíubirgðastöðum landsins, þær heimsóttar og æfð viðbrögð við eldsvoða. Þetta er gert í samvinnu Brunamálastofnunar og Olíudreifingar sem komið hefur sér upp færanlegum slökkvibúnaði en stærstu stöðvarnar hafa sínar eigin froðubirgðir.

Í Örfirisey í Reykjavík eru Olíudreifing og Skeljungur með birgðastöð en þar segir Björn unnið eftir ítrustu viðbragðsáætlunum og uppfyllt skilyrði svokallaðrar Cevezo-Evróputilskipunar um hættumat í iðnaðarstarfsemi. „Reglugerðin hér kallar á að gert sé stefnumarkandi skjal með viðbragðsáætlun vegna óhapps, en hún er síðan kynnt slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og það fer reglulega út í Örfirisey og æfir með Olíudreifingu hluta viðbragðsáætlunarinnar."

Björn segir að nákvæm áhættugreining vegna olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey hafi ekki farið fram. Þá væri reiknað út mögulegt tjón í verstu brunatilvikum eða hversu margir gætu mögulega skaðast. Hann segir þó ljóst að kæmi upp eldur í óhagstæðri vindátt færi svartur olíureykur yfir nálæga byggð. „Til dæmis hefði mest hætta myndast við Hringrásarbrunann ef vindur hefði staðið á Hrafnistu. En í slæmri vindátt gæti eitraður reykur farið yfir stórt svæði sem yrði að rýma í miðbæ Reykjavíkur."

Gestur Guðjónsson, yfirmaður öryggismála hjá Olíudreifingu, segir brunann í Bretlandi vera áminningu. „Við erum ekki síður útbúin en Bretarnir voru og betur ef eitthvað er. Svo erum við með föst slökkvikerfi á geymunum" segir hann, en kveðst vitanlega bíða eftir nánari upplýsingum um hvað olli brunanum í Buncefield. „Sprenging eins og þarna varð finnst mér með ólíkindum."

olikr@frettabladid.is

Virkjun á Hengilssvæðinu:

## Slagar upp í Kárahnjúka

**IÐNAÐUR** Áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur gera ráð fyrir að árið 2011 slagi raforkuframleiðsla á Hengilssvæðinu á Hellisheiði upp í Kárahnjúkavirkjun. Gangi vonir tengdar djúpborun eftir má gera ráð fyrir töluvert meiri orku.



GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir virkjanlegan jarðhita á landinu hugsanlega meiri en vatnsafl. Síðustu 15 ár hefur mikill gangur verið í virkjun á Hengilssvæðinu. „Gangi allt eftir verður framleiðslan þar árið 2011 orðin tæplega 500 megavött," segir hann en Kárahnjúkavirkjun er á milli 500 og 600 megavött. Varðandi mögulega framleiðsluaukningu tengda djúpborunarverkefninu segir Guðmundur að það sé nú bara rannsóknarverkefni ennþá.z

- óká / sjá síðu 20

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði:

## Starfsmannaleiga innsigluð

**VINNUMARKAÐUR** Fulltrúar frá sýslumanninum í Hafnarfirði stöðvuðu starfsemi starfsmannaleigunar Tveir plús einn þar í bæ vegna vangoldinna vörsluskatta. Um 60 til 70 manns starfa hjá fyrirtækinu.

Verkalýðsfélagið Hlíf hefur fengið umboð starfsmanna fyrirtækisins, sem allir eru frá Þýskalandi, til að fara yfir kjaramál þeirra. „Svo virðist sem þeir fái allt greitt á dagvinnutaxta, þar sem enginn munur er gerður á yfirvinnu og svo var þeim sagt að laugardagur teldi sem virkur dagur," segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður verkalýðsfélagsins.

Kolbeinn segir að reynt sé að tryggja mönnunum aðra vinnu hér á landi en nokkrir hafi þurft að snúa til síns heima slyppir og snauðir.

- jse






Margir smábátasjómenn hjá útgerðum kjarasamningslausir:

# 200 samningslausir sjómenn

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég er nokkuð viss um að við erum eina stéttin í landinu sem hefur enga samninga og því dapra stöðu gagnvart okkar vinnuveitendum," segir Þorkell Pétursson, smábátasjómaður frá Skagaströnd.

Hann er í hópi tæplega 200 sjómanna sem hafa enga samninga við útgerðir þær er eiga þá smábáta er þeir starfa á. Þorkell segir það þýða að kjör þeirra fari hægt og bítandi versnandi og að þeir séu réttlausir með öllu. „Við höfum leitað stuðnings hjá öllum sem okkur dettur í hug en án mikils árangurs enn sem komið er. Undirtektir við beiðnum okkar hjá smábátafélögum og aðildarfélögum hafa verið litlar. Þetta snýst um kjör okkar en einnig annað sem sjálfsagt þykir eins og lífeyrisgreiðslur, tryggingar, veikindarétt og annað þvíumlíkt og við viljum að sett verði um þetta lög ef ekkert fer úr að rætast því kjör okkar verða lakari ár frá ári enda engin samtök að baki okkur eins og hjá öllum öðrum í þessu þjóðfélagi."



**VERSNANDI KJÖR** Á milli eitt og tvö hundruð smábátasjómenn, sem starfa fyrir stærri útgerðir landsins, eru samningslausir og sitja því ekki við sama borð og aðrir í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirspurn til Árna Magnússonar félagsmálaráðherra vegna réttarstöðu smábátasjómannanna var lögð fram á þingi í síðustu viku. Svaraði hann því til að ekki hefði verið leitað formlega til hans ráðuneytis vegna þessa en yrði það gert yrði farið yfir málið enda sjálfsagt og eðlilegt að smábátasjómenn eins og aðrir kæmu sér saman um kjarasamning. Eðlilegra væri þó að aðilar vinnumarkaðarins og launafólk semdu sjálf um kjör sín.

- aöe






## SPURNING DAGSINS

*Ragnar, rakarðu saman peningum fyrir jólin?*

„Já, svo sannarlega."

Landsmenn flykkjast á hársnyrtistofurnar fyrir jólin og fer Ragnar Harðarson, rakari á Vesturgötu, ekki varhluta af jólaösinni.

Alls hefur 227 börnum verið vísað í Barnahús það sem af er árinu:

# Aldrei fleiri börn í Barnahús

**BARNAVERND** Það sem af er árinu 2005 hefur 227 börnum verið vísað í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þeim. Er það metfjöldi ábendinga. Að sögn Vigdísar Erlendsdóttur, forstöðumanns Barnahúss er fyrra met, samanborið við sama árshluta, 210 börn áá árinu 2003.

Á annað þúsund mál hafa borist inn á borð Barnahúss frá stofnun þess 1998. Rúmlega 200 viðtöl hafa verið tekin þar við börn á aldrinum tveggja til fimm ára á sama tímabili. Þá hafa 300 viðtöl verið tekin við börn á aldrinum 6 til 9 ára og 410 viðtöl við börn á aldrinum 10-18 ára.




**FJÖLDI VIÐTALA FRÁ 1998** Ríflega þúsund börn hafa komið í viðtal í Barnahús frá stofnun þess 1998.

Varðandi alvarleika brota hefur komið í ljós að meintir gerendur hafa brotið mjög alvarlega á þeim börnum sem þeir beita kynferðislegu ofbeldi, því í 77 prósentum tilvika eru brotin orðin nokkuð gróf eða jafnvel mjög gróf að sögn Vigdísar.

Vigdís segir að mun fleiri tilkynningar berist um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Umræða um þessi mál sé meiri hér á landi en víða annars staðar og fólk því betur upplýst. Þá skiptir miklu máli að fólk getur tilkynnt grun sinn í neyðarsímann 112. **- jss**

Stofnmælingar á botnfiski:

## Lítil ástæða til bjartsýni

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er að flestu leyti eins og við var að búast og við höfðum spáð fyrir um," segir Kristján Kristinsson hjá Hafrannsóknarstofnun.

Frumniðurstöður úr stofnmælingu botnfiska á þessu hausti gefa litla ástæðu til bjartsýni. „Stofnvísitala þorskins hefur minnkað enda er árgangurinn frá 2001 að koma inn í veiðina en sá mældist mjög lélegur. Ýsan mælist einnig minni en áður en við höfum engar sérstakar skýringar á því en hafa ber í huga að um frumniðurstöður er að ræða. En í þeim er ekkert til að hrópa húrra yfir." ■



**NÓGU HRESS TIL AÐ KJÓSA** Sjúklingar á sjúkrahúsum voru á meðal þeirra sem fengu að greiða atkvæði í gær. AP

Þingkosningar í Írak:

## Kjörfundurinn hófst í gær

**ÍRAK** Fyrsti áfangi þingkosninganna í Írak hófst í gær. Stjórnvöld í Írak hafa gripið til víðtækra öryggisráðstafana í aðdraganda kosninganna þar sem óttast er að uppreisnarmenn geri fjölmargar árásir.

Hermenn, lögreglumenn, sjúklingar á sjúkrahúsum og fangar sem bíða dóms fengu fyrstir að greiða atkvæði. Í dag hefst svo atkvæðagreiðsla utan kjörfundar í öðrum löndum en Írak. Sjálfar kosningarnar fara svo fram á fimmtudaginn.

Íröksk stjórnvöld ætla að loka landamærum og setja útgöngubann á ákveðnum stöðum í landinu frá og með deginum í dag. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Heimabankaþjófur játar milljónastuld

**Maðurinn sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa stolið úr heimabönkum hefur játað. Ekki hefur dregið úr notkun fólks á netbönkum þrátt fyrir umrædd þjófnaðarmál.**

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu og fimm ára karlmaður hefur játað að hafa stolið úr heimabönkum einstaklinga ríflega tveimur milljónum króna. Hann hefur einnig játað að hafa tekið fjárhæðirnar út og ráðstafað þeim. Hann var leystur úr gæsluvarðhaldi á föstudag.

Maðurinn var handtekinn á mánudagskvöld fyrir viku og úrskurðaður í gæsluvarðhald morguninn eftir. Hann var grunaður um að bera ábyrgð á fjórum svikamálum. Hið fyrsta kom upp í lok sumars en það nýjasta fáeinum dögum áður en hann var handtekinn. Í síðastnefnda málinu varð ungur maður var við að 100 þúsund krónur voru horfnar af debetreikningi hans. Hann gerði viðskiptabanka sínum viðvart, sem leitaði þá til lögreglunnar í Reykjavík. Fyrri málin þrjú voru þá þegar til rannsóknar. Þær fjárhæðir sem stolið var af reikningum námu frá 100 þúsund krónum og upp í rúmlega 1,5 milljónir króna, samtals á þriðju milljón króna. Viðkomandi viðskiptabankar bættu viðskiptavinum sínum að fullu það sem maðurinn stal.



**GUÐJÓN RÚNARSSON** framkvæmdastjóri segir ekki hafa dregið úr netbankanotkun.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, staðfesti í gær að maðurinn væri laus úr gæsluvarðhaldi.



**HEIMABANKAR** Greiðlega gekk hjá lögreglu að leysa fjögur þjófnaðarmál sem komu upp þegar maður stal ríflega tveimur milljónum úr heimabönkum.

„Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef dró ekki úr notkun á netbönkunum þá daga sem þetta mál var í fréttum og næstu daga á eftir," segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. „Þetta segir okkur að hefði fólk skynjað þetta öðruvísi en að um raunverulega hættu hafi verið að ræða, hefði það gerst."

Guðjón segir sjálfsagt að brýna fyrir fólki að fylgjast vel með, þar með talið að uppfæra vírusvarnir í heimatölvum og verða sér úti um nýjustu uppfærslur. Hann sagði eflingu öryggisvarna í ákveðnu ferli. Leiðbeiningar hefðu verið gefnar út meðal annars á heimasíðum bankastofnana og þær hafi verið mikið lesnar. Hins vegar hafi ekki verið gerð könnun á því meðal viðskiptamanna banka og sparisjóða hvort þeir hafi aukið vírusvarnir í tölvum sínum.

Spurður hvort fleiri tilkynningar hefðu borist um grun um þjófnaði úr heimabönkum í kjölfar umfjöllunar um þjófnaðarmálin sagði Guðjón svo ekki vera. **jss@frettabladid.is**



**SORG Í BEIRÚT** Kirkjuklukkum var hringt í höfuðborginni og fólk grét á götum úti þegar fréttist af tilræðinu í gær. AP

Líbanskur þingmaður myrtur:

## Böndin berast að Damaskus

**BEIRÚT, AP** Bílsprengja varð líbanska ritstjóranum og þingmanninum Gibran Tueni að aldurtila í gær. Hann var nýkominn frá Frakklandi þar sem hann dvaldi af því hann óttaðsti að setið væri um líf sitt.

Áður óþekkt samtök hafa lýst ábyrgð á verknaðinum á hendur sér. Engu að síður hallast margir að aðild Sýrlendinga að tilræðinu þar sem Tueni barðist ötullega gegn íhlutun þeirra í líbönsk málefni. Foad Siniora, forsætisráðherra Líbanons, hyggst biðja Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að rannsaka tilræðið.

Ráðinu var í gær afhent skýrsla rannsóknarnefndar SÞ um morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons. Farið er fram á viðbótarfrest til að rannsaka málið. ■

## ÁSTRALÍA

**Kynþáttaóeirðir í Sydney** Tólf voru handteknir í miklum kynþáttaóeirðum í Sydney á sunnudaginn, en þá söfnuðust þúsundir unglinga saman og gerðu aðsúg að hópi ungmenna af arabískum uppruna. Nokkrir slösuðust alvarlega í átökunum og eins voru bílar eyðilagðir. Ólætin má rekja til þess að hópur innflytjenda réðist á tvo strandverði í borginni fyrir viku.

„... einstæð örlagasaga ..."




„Það er enginn einsemdar- eða vesældarbragur á þessari bók ... Hún er einfaldlega órúlega vel skrifuð, þar sem hvergi er dauður punktur, ... frábær penni með auga fyrir því skondna í tilverunni ..."
– *Össur Skarphéðinsson á vefsíðu sinni*

„Merkileg bók, falleg og einstæð örlagasaga ... þrátt fyrir návist dauðans missir Ingólfur þó aldrei húmorinn."
– *Illugi Jökulsson*

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Banaslys þegar bifreið hafnaði utan vegar og varð alelda:

# Látinn þegar lögregla kom að

**LÖGREGLA** Þrjátíu og átta ára karlmaður lést þegar bifreið sem hann ók lenti út af Svalbarðsstrandarvegi við bæinn Sætún í austanverðum Eyjafirði í gærmorgun.

Eldur kom upp í bifreiðinni, sem hafnaði á hvolfi, en vegfarendum sem að slysinu komu tókst ekki að slökkva eldinn með handslökkvitæki. Lögreglunni á Akureyri var tilkynnt um slysið klukkan 5.13 og þegar lögreglan og Slökkvilið Akureyrar komu á staðinn skömmu síðar fannst einn karlmaður í bifreiðinni og var hann úrskurðaður látinn.

Daníel Snorrason, lögreglufulltrúi á Akureyri, segir tildrög slyssins ekki að fullu ljós en rannsókn þess er ekki lokið. Hann vildi ekki útiloka að ölvun ætti hlut að máli en sagðist ekki geta fullyrt að svo hefði verið.

Ekki er hægt að birta nafn hins látna að svo stöddu en hann var búsettur á Akureyri, ókvæntur en þriggja barna faðir.

Slysið í gærmorgun var 19. banaslysið í umferðinni það sem af er ári, en allt árið í fyrra létust 23 í umferðarslysum á Íslandi og sami fjöldi árið 2003. **- kk**



**LÖGREGLUMENN Á VETTVANGI** Mikill eldur kom upp í bifreiðinni eftir að hún hafnaði utan vegar og tókst vegfarendum sem komu að slysinu ekki að slökkva eldinn með handslökkvitæki. FRÉTTABLAÐIÐ/KK


KB BANKI
FRAMTÍÐARBÓK
Gjöf til framtíðar
Þeir sem stofna Framtíðarbók og leggja inn 5.000 kr. eða meira fá **2.500 kr. mótframlag** að gjöf frá KB banka. Sama gildir um þá sem eiga Framtíðarbók og hefja reglubundinn sparnað upp á 500 kr. á mánuði eða meira.
Hæstu vextir almennra innlánsreikninga bankans
Hægt að stofna fyrir börn allt að 15 ára aldri
Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur
www.kbbanki.is

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 12.12.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,34 | 63,64 |
| Sterlingspund | GBP | 111,72 | 112,26 |
| Evra | EUR | 75,24 | 75,66 |
| Dönsk króna | DKK | 10,09 | 10,15 |
| Norsk króna | NOK | 9,47 | 9,52 |
| Sænsk króna | SEK | 7,97 | 8,02 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5248 | 0,5278 |
| | SDR | 90,58 | 91,12 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,02

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kostnaður vegna framboðs Íslands til öryggisráðsins minni en áætlað var:

# 400 milljónir í framboðið

**STJÓRNMÁL** Kostnaður við framboð Íslendinga til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er áætlaður um 200 milljónir króna frá árinu 2001.

Í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, kemur fram að undirbúningi og áætlunum vegna framboðsins hafi verið sinnt samhliða öðrum málum og ekki leitt til fjölgunar í utanríkisráðuneytinu. Kostnaðurinn sé fyrst og fremst til kominn vegna meiri umsvifa og fjölgunar í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.



**GEIR H. HAARDE UTANRÍKISRÁÐHERRA** Árlegur kostnaður er ekki undir 100 milljónum á ári ef Ísland nær kjöri í öryggisráðið.

Í svarinu kemur fram að gætt verði hófs í framhaldinu. „Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna framboðsins næstu þrjú ár, eða þar til kosið verður um sætið í ráðinu haustið 2008, verði rúmlega 200 milljónir króna. Það felur í sér lækkun frá fyrri áætlun vegna þessara þriggja ára um 170 milljónir króna,“ segir í svari utanríkisráðherra.

Nái Ísland kjöri hefur verið áætlað að kostnaður vegna setunnar í öryggisráðinu 2009 og 2010 gæti numið um 100 milljónum króna ári. Ekki er talið útilokað að atburðir í alþjóðamálum á kjörtímabili Íslands leiði til aukinna umsvifa í störfum ráðsins og því sé erfitt að áætla kostnað nákvæmlega. **- jh**

Liðsmenn al-Kaída:

# Tíu sækja um hæli í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Liðsmenn hryðjuverkasamtakanna al-Kaída hafa sótt um hæli sem pólitískir flóttamenn í Svíþjóð. Þetta eru bæði almennir félagar og menn sem sagðir eru hafa borið ábyrgð á þjálfunarbúðum al-Kaída í Afganistan. Þetta kom fram í sænska dagblaðinu Expressen í gær.

Þegar talibanastjórninni var steypt af stóli árið 2001 flúðu þúsundir liðsmanna al-Kaída til landamæranna milli Afganistan og Pakistan eða til annarra landa. Um tíu þeirra hafa flúið til Svíþjóðar og eru þeir flestir frá löndum Norður-Afríku. ■

Nýrnadeild Landspítalans:

# Komið í veg fyrir neyðarástand

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningar hafa náðst við fimm af átta hjúkrunarfræðingum sem annars hefðu hætt störfum á blóðskilunardeild Landspítalans um áramót. Herdís Herbertsdóttir, sviðsstjóri á lyflækningasviði, segir að með þessu hafi neyðarástandi verið afstýrt.

Herdís segir ákveðna málamiðlun hafa náðst sem felist bæði í breytingu á nýju vaktafyrirkomulagi sem var rót deilna á deildinni og svo aukagreiðslum fyrir vinnu.

Störf hjúkrunarfræðinga á blóðskilunardeild eru mjög sérhæfð og nýrnasjúklingum lífsnauðsynleg. Því var ljóst að í óefni stefndi hefðu hjúkrunarfræðingarnir allir hætt störfum. Deildina sækja um 40 nýrnasjúklingar sem koma þrisvar í viku í blóðskilun en hún tekur upp undir fjóra klukkutíma í hvert skipti. **- óká**



**HARMI SLEGIN** Ættingjar þeirra sem létust báru kennsl á lík ástvina sinna í gær.

107 fórust í flugslysi í Nígeríu:

# Hópur barna á meðal látinna

**NÍGERÍA, AP** Nú er ljóst að 107 manns fórust í flugslysi nærri borginni Port Harcourt í Nígeríu á laugardaginn. Þá hrapaði rúmlega þrjátíu ára gömul DC-9 farþegaþota til jarðar og komust einungis þrír lífs af úr slysinu.

Á meðal þeirra sem fórust var hópur 71 skólabarns sem var á leið heim í jólaleyfi. Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir og heita yfirvöld ítarlegri rannsókn á slysinu. ■

# Svartsýni er ríkjandi fyrir ráðherrafundinn

**Ekki er búist við að mikill árangur verði af ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO sem fram fer í Hong Kong í vikunni. Ríku þjóðirnar ætla ekki að láta af niðurgreiðslum fyrr en fátæku löndin opna sína markaði frekar.**

**ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI** Þrátt fyrir fögur fyrirheit virðast Vesturlönd ekki ætla að greiða fyrir útflutningi þróunarlanda með því að draga úr niðurgreiðslum á sinni eigin framleiðslu. Því er lítil von til að árangur í þá átt náist á ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO sem hefst í Hong Kong í dag.

Sendinefndir 149 aðildarríkja WTO eru samankomnar í Hong Kong en þar var ætlunin að leiða til lykta svokallaða Doha-samningalotu stofnunarinnar sem hófst í höfuðborg Katar fyrir fjórum árum og átti meðal annars að stórbæta aðgang þróunarlanda að mörkuðum á Vesturlöndum fyrir afurðir sínar. Fátækari þjóðir hafa einkum barist fyrir að Bandaríkin, Evrópusambandið og Japan hætti að niðurgreiða framleiðslu sína á ýmsum vörum, sérstaklega landbúnaðarafurðum, en þær nema tuttugu þúsund milljörðum króna á ári, 24-faldri árlegri þjóðarframleiðslu Íslendinga.

Peter Mandelson, yfirmaður viðskiptamála í framkvæmdastjórn ESB, lét þau orð hins vegar falla í gær að árangur af viðræðum væri „ekki mögulegur“ nema þróunarlöndin afnæmu sjálf tollamúra sína fyrir framleiðslu annarra ríkja. Celso Amorim, utanríkisráðherra Brasilíu, sagði því á blaðamannafundi í Hong Kong að einungis kraftaverk dygði til að samkomulag næðist.

Að sögn breska blaðsins Independent hafði Mandelson sjálfur reyndar ljáð máls á að draga úr niðurgreiðslum ESB en




**HNATTVÆÐINGU ANDÆFT** Strax í fyrradag hafði verið efnt til mótmæla í Hong Kong. Mótmælendurnir segja viðræður WTO fara fram á forsendum ríku þjóðanna og stórfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

frönsk stjórnvöld brugðust þá ókvæða við og sögðu hann ekkert umboð hafa til slíks.

Í sárabætur hyggjast ESB og nokkur önnur ríki bjóða 32 fátækustu aðildarríkjum WTO tollfrjálsan aðgang að mörkuðum sínum. Fulltrúar nokkurra af stærstu viðskiptablokkum heims notuðu jafnframt tækifærið í gær og hittust á leynilegum fundum og skeggræddu viðskipti sín á milli.

Að venju er búist við kröftugum mótmælum vegna WTO-fundarins en rúmur tugur þúsunda andstæðinga hnattvæðingar hyggst láta til sín taka á götum Hong Kong á meðan hann fer fram. Þar á meðal er stór hópur frá Suður-Kóreu sem þekktur er fyrir róttækar baráttuaðferðir, meðal annars sjálfsmorð, til að vekja athygli á málstað sínum. Því viðhefur lögregla í Hong Kong mikinn viðbúnað þessa dagana.

**sveinng@frettabladid.is**



**JACK STRAW** Kveðst viss um að bandarísk stjórnvöld hafi ekki farið fram á að fá að flytja fanga um breska lofthelgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Bretlands:

# Engar færslur um fangaflug

**FANGAFLUG** Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, sagði í viðtali við BBC um helgina að engar embættisfærslur væri að finna um að bandarísk stjórnvöld hefðu sótt um leyfi til að flytja grunaða hryðjuverkamenn í vörslu bandarísku leyniþjónustunnar CIA um breska flugvelli.

Talið er að 210 flugvélar á vegum CIA hafi lent á Bretlandi í óþekktum erindagjörðum síðan 2001. Straw sagði Bandaríkjamenn biðja um leyfi til að flytja fanga um Bretland en nokkur ár væru síðan slík beiðni hefði borist. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Vöknuðu við innbrotsþjófa**
Húsráðendur í einbýlishúsi í Breiðholti vöknuðu við innbrotsþjófa í fyrrinótt. Styggð kom á þjófana, sem voru tveir, þegar þeir urðu húsráðenda varir. Þeir lögðu á flótta en lögreglumenn gripu þá glóðvolga skömmu síðar með þrjár dýrar myndavélar sem reyndust vera úr húsinu.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐRIÐ EINNA BJARTAST Á AUSTURLANDI**
Það er að sjá að hann verði nokkuð bjartur fyrir austan. Vindur verður þar sæmilega hægur og hiti nokkuð yfir frostmarki þannig að þetta er ágæt blanda. Hins vegar er kuldakast í aðsigi á föstudag og laugardag og það með talsverðu frosti víða um land.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðvestan gola. Úrkomulítið lengst af en gæti súldað síðdegis. Hiti 3-6 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C hálfskýjað | París | 8°C rigning | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Osló | 1°C hálfskýjað | Berlín | 6°C hálfskýjað | Mílano | 10°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 0°C heiðskírt | Frankfurt | 6°C alskýjað | New York | -1°C léttskýjað |
| Helsinki | -1°C heiðskírt | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 17 °C skúrir |
| London | 8°C alskýjað | Barcelona | 10°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 19°C skúrir |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30266 12/2005

## Lykill að gleðilegum jólum

Toyota vill veita öðrum hlutdeild í velgengni fyrirtækisins á árinu. Þess vegna liðsinnum við Mæðrastyrksnefnd með sérstökum hætti.

Með hverjum nýjum bíl sem við afhendum kaupanda á tímabilinu 21. nóvember til 20. desember gefum við þrjár jólagjafir til Mæðrastyrksnefndar: Matarkörfu, gjöf fyrir stúlku og gjöf fyrir dreng.

Að sama skapi hvetjum við önnur fyrirtæki og einstaklinga sem velgengni hafa átt að fagna á árinu að láta gott af sér leiða um jólin.



TODAY TOMORROW TOYOTA



## KJÖRKASSINN

*Á Árni Magnússon félagsmálaráðherra að segja af sér?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,3% |
| Nei | 20,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að setja íslensk lög um kynjakvóta?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Bæjarstjórinn á Akranesi boðar til fundar um málefni erlendra starfsmanna:

# Vill stemma stigu við svindli

**VINNUMARKAÐUR** Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri á Akranesi, boðar í dag til annars fundar um málefni erlendra starfsmanna í sveitarfélaginu. Hann segir í viðtali við Skessuhornið að enginn vafi leiki á því í hans huga að vinnuveitendur hafi farið á mis við leikreglur í þessum efnum í sveitarfélaginu.

Fundinn sitja auk bæjarstjóra Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélagsins þar í bæ, Ólafur Þ. Hauksson sýslumaður og Stefán Skjaldarson, skattstjóri Vesturlandsumdæmis.

„Við erum bara að kortleggja ástandið og greina hver öðrum frá því hvað eru margir erlendir starfsmenn sem hér vinna og svo framvegis,“ segir Vilhjálmur Birgisson sem fagnar þessu frumkvæði bæjarstjórans.

Á þessu ári hefur verkalýðsfélagið haft afskipti af þremur fyrirtækjum í bænum sem höfðu erlenda starfsmenn í vinnu hjá sér. Í tveimur fyrstu tilfellunum voru mennirnir fengnir frá starfsmannaleigu en voru í framhaldinu ráðnir til viðkomandi fyrirtækis samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Enn er verið að rannsaka þriðja fyrirtækið. **- jse**



**GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON, BÆJARSTJÓRI AKRANESS** Akurnesingar sitja ekki auðum höndum í málefnum erlends vinnuafls þar í bæ. Nú taka bæjarstjóri, skattstjóri og verkalýðsleiðtogi höndum saman.

Fíkniefni fundust á Akureyri:

## Einn játaði að eiga hassið

**LÖGREGLA** Fíkniefnahundur lögreglunnar á Akureyri fann á fimmtudagskvöld 120 grömm af hassi og 130 e-töflur á opnu svæði austan við íþróttahúsið Bogann á Akureyri. Efnin fundust eftir að athugull vegfarandi tilkynnti lögreglu um grunsamlegar ferðir ungs manns. Hann var horfinn á braut þegar lögreglan kom á vettvang.

Rannsókn lögreglu í kjölfarið leiddi til handtöku þriggja ungra manna um helgina. Einn þeirra hefur játað að eiga hassið, annar er talinn saklaus en rannsókn stendur enn yfir á þætti þriðja mannsins. Öllum mönnunum var sleppt að loknum yfirheyrslum. **- kk**

Heillaóskir til Unnar Birnu:

## Ekki í nafni þjóðarinnar

**YFIRLÝSING** Verkefnisstýrur baráttuárs kvenna 2005 segja það tímaskekkju að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hafi sent Unni Birnu Vilhjálmsdóttur alheimsfegurðardrottningu heillaóskaskeyti í nafni allrar íslensku þjóðarinnar. Í yfirlýsingu sem Edda Jónsdóttir, Katrín Anna Guðmundsdóttir og Rósa Erlingsdóttir undirrita segir meðal annars að með skeytinu geri forsætisráðherra lítið úr þeirri kröfu að konur séu metnar að verðleikum en ekki eftir ytra útliti.



**RÓSA ERLINGSDÓTTIR**

Þá þykir þríeykinu heillaóskeytið tímaskekkja á 30 ára afmæli kvennaárs Sameinuðu þjóðanna og að nýloknum kvennafrídegi. **- bþs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stútar í Kópavogi** Lögreglan í Kópavogi hafði afskipti af þremur mönnum sem grunaðir voru um ölvun við akstur aðfaranótt sunnudagsins og um morguninn. Lögreglan herðir eftirlitið núna þar sem jólaglögg og hlaðborð eru framundan á mörgum vinnustöðum.

### NOREGUR

**Fékk vín fyrir lyfseðla** Læknir gaf út lyfseðla fyrir vanabindandi lyfjum og fékk greitt með vínflöskum. Viðskiptin áttu sér stað í heilt ár. Mál læknisins er til skoðunar hjá heilbrigðisyfirvöldum í Noregi og verður síðan hugsanlega vísað til lögreglu.

### PÓLLAND

**Rannsókn á leynifangelsum** Pólsk stjórnvöld hafa ákveðið að hefja formlega rannsókn á því hvort leynifangelsi á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA hafi verið rekin í landinu. Þau hafa alltaf harðneitað sögusögnum um leynifangelsin en segja að málið verði að rannsaka því annars gæti það skaðað orðstír landsins.

# Vill eftirlitsmyndavélar á Laugaveginn

**Borgarstjóri vill að eftirlitsmyndavélum verði komið upp á Laugavegi til að fyrirbyggja ólæti og sóðaskap sem borið hefur á um helgar. Steinunn Valdís Óskarsdóttir ræddi þennan möguleika við Lögreglustjórann í Reykjavík í gær.**

**BORGARMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segist vilja eftirlitsmyndavélar á Laugaveginn. Hún ræddi þann möguleika á fundi sínum með lögreglustjóranum í Reykjavík í gær.

Fréttablaðið hefur að undanförnu greint frá slæmu ástandi á Laugavegi, einkum um helgar. Viðmælendur blaðsins, sem búa við Laugaveg eða eru með rekstur við hann, hafa lýst ástandinu sem uggvænlegu. Einn þeirra varð nýlega fyrir árás fíkniefnaneytanda um hábjartan dag. Árásarmaðurinn sparkaði í hann með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði. Íbúarnir segjast hafa þurft að tína upp „sprautur og annan ófögnuð“ á laugardagsog sunnudagsmorgnum. Næturhrafnarnir geri þarfir sínar í lóðir og veggjakrotið sé yfirþyrmandi. Sóðaskapurinn sé yfirgengilegur. Þá kvarta íbúarnir undan tilteknum börum á svæðinu og fullyrða að þar fari fram fíkniefnasala með meiru. Þeir segjast hafa rætt við borgarfulltrúa um þennan vanda en án árangurs.

„Mér finnst alveg koma til greina að setja upp eftirlitsmyndavélar á Laugaveginum eins og við gerðum niðri í Kvos,“ segir Steinunn Valdís. „Við höfðum forgöngu um það gagnvart lögregluyfirvöldum og myndavélarnar hafa haft veruleg áhrif. Mér finnst því alveg koma til greina að koma upp svona myndavélum á Laugavegi í samráði við lögregluna. Þær eru klárlega fyrirbyggjandi og myndu örugglega gagnast sem slíkar á þessu svæði.“

Steinunn Valdís segir að umfjöllun um Laugaveginn hafi verið á alltof neikvæðum nótum. Hún kveðst viðurkenna að það hafi komið upp tilfelli um helgar sem tengd séu nokkrum stöðum.

„En staðreyndin er sú að í fyrsta skipti í ár er biðlisti eftir verslunarhúsnæði þar,“ bætir hún við og kveðst sjálf hafa verið á Laugaveginum um helgina. „Það þarf ekki annað en að fara þarna niður eftir til að sjá hvað verslun og þjónusta hafa blómstrað. Ég fann það þegar ég ræddi við verslunareigendur að menn voru almennt mjög ánægðir. Þeim fannst að umræðan og stemningin almennt í kringum miðborgina og Laugaveginn hefði breyst mjög nú á undanförnum vikum, enda margt búið að gerast og ýmislegt er í farvatninu. En þegar svona kemur upp um helgar þá setur það vissulega ljótan blett á svæðið.“

**jss@frettabladid.is**



**LAUGAVEGUR** Íbúar og verslunareigendur á þessu svæði hafa kvartað í viðtölum við Fréttablaðið vegna óláta um helgar og sóðaskapar sem fylgt hefur. Borgarstjóri vill eftirlitsmyndavélar.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Borgarstjórinn segir hið góða sem hafi verið að gerast í miðbænum oft gleymast.


# SOPRANOS

## í Seltjarnarneskirkju

**miðvikudag 14. des kl. 20.00**

Gestasöngvari er
**Hrólfur Sæmundsson** bariton
Undirleikarar:
**Hólmfríður Sigurðardóttir**, píanó
**Guðmundur Hafsteinsson**, trompet
**Örnólfur Kristjánsson**, selló



**Ekta jólastemning - glens og grín**

Aðgangseyrir Kr. 2000
Eldri borgarar Kr. 1500

KB BANKI


Félag leikskólakennara gagnrýnir nýja kjarasamninga Reykjavíkurborgar:

# 53 ófaglærðir fá hærri laun en menntaðir starfsmenn

**KJARAMÁL** Alls njóta 53 ófaglærðir starfsmenn betri kjara en faglært fólk á leikskólum Reykjavíkur, samkvæmt nýjum samningum borgarinnar við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Urgur hefur verið í félagsmönnum Félags leikskólakennara síðan samningarnir voru kynntir vegna þessa, enda þýðir þetta að menntað fólk innan þess félags situr eftir með lægri laun. Laun leikskólakennara við deildarstjórn með sjö ára reynslu verða 217 þúsund krónur á mánuði um næstu áramót. Ófaglærður leiðbeinandi í flokki tvö við deildarstjórn hjá Eflingu verður með 237 þúsund. Munurinn eykst enn sé miðað við deildarstjórnanda með sömu reynslu hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Laun hans um áramótin verða tæpar 248 þúsund krónur eða rúmlega 30 þúsund krónum hærri á mánuði en félaga í Félagi leikskólakennara. **- aöe**



**GAGN OG GAMAN** Leikskólakennarar eru ekki sáttir við að ófaglært starfsfólk sé á hærri launum eins og raunin er með fjölda fólks eftir nýja samninga Reykjavíkurborgar.

GOTT FÓLK McCANN




# ÁST ER...

## AÐ TAKA ÞÁTT Í LEIKNUM

Því það er órjúfanlegur hluti af deginum að eiga ánægjulegt spjall við son sinn um boltann. Mörkin sem hann skoraði á síðustu æfingu og vítið sem hann klúðraði.

Ást er líka að gera ráðstafanir til að tryggja fjölskyldunni fjárhagslegt öryggi ef þú missir tekjur vegna veikinda eða fellur frá.

SJÓVÁ LÍF

SVO AÐRIR GETI TREYST Á ÞIG



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir Herra Ísland?*

2 *Hvaða nafn völdu íbúar sameinaðra hreppa í Austur-Húnavatnssýslu?*

3 *Hvaða íslenski hönnuður fékk heiðursverðlaun á Wearable Art Expressions í byrjun desember?*

Ante Gotovina kom fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í gær:

# Kvaðst saklaus af öllum ákærum

**HAAG, AP** Ante Gotovina, Króatinn sem grunaður er um stríðsglæpi gegn Serbum árið 1995, kom í fyrsta sinn fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag í gær.

Gotovina var handtekinn á Kanaríeyjum á miðvikudaginn eftir ákafa leit undanfarin ár. Starfsmenn stríðsglæpadómstólsins biðu ekki boðanna því í gær var hann leiddur fyrir réttinn og honum kynntar ákærurnar. Hann kvaðst saklaus af öllum ákæruatriðum.

Honum er meðal annars gefið að sök að hafa stýrt fjöldamorðum Króatíuhers í Krajina-héraði í ágúst 1995 þegar í það minnsta 150 Serbar voru stráfelldir og tugþúsundir hraktar af heimilum sínum.



**Í LÖGREGLUFYLGD** Gotovina gisti í fangelsi í Haag um helgina en kom svo fyrir dómara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handtakan er talin afar mikilvæg fyrir stríðsglæpadómstólinn, en að Bosníu-Serbunum Radovan Karadzic og Rato Mladic frátöldum var Gotovina sá maður sem rétturinn lagði mest kapp á að ná.

Búist er við að þrýstingur aukist nú mjög á Serba að herða leitina að þeim Karadzic og Mladic. Í gær gerðu hermenn á vegum Atlantshafsbandalagsins í Bosníu húsleit á heimili Dragans Stajcic fyrrverandi ritstjóra sem grunaður er um að stýra hreyfingu sem gætir tvímenninganna.

Í fyrradag komu tugþúsundir Króata saman í borginni Split og kröfðust lausnar Gotovina en margir samlandar hans álíta hann þjóðhetju. **- shg**

22 handteknir í Frakklandi:

# Sagðir áforma hermdarverk

**PARÍS, AP** Franskir öryggislögreglumenn leystu í gær upp hóp íslamskra öfgamanna sem talinn er hafa undirbúið hryðjuverkárásir.

Alls voru 22 teknir fastir í aðgerðunum sem eru þær umfangsmestu landinu í nokkur misseri. Lögregla hafði fylgst með mönnunum í París og í Oise-héraði norður af höfuðborginni síðan í vor.

Að sögn heimildarmanna AP-fréttastofunnar hafa margir þeirra áður komist í kast við lögin. Hins vegar fylgdi ekki sögunni hvenær þeir hygðust láta til skarar skríða eða gegn hverjum. ■

Flokkur Ariels Sharon:

# Shaul Mofaz kominn í liðið

**JERÚSALEM, AP** Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, hefur sagt skilið við Likud-bandalagið og gengið til liðs við miðflokk Ariels Sharon forsætisráðherra.



**SHAUL MOFAZ**

Mofaz segir að hægri öfgamenn hafi rænt Likud-bandalaginu og við það hafi hann ekki getað unað.

Mofaz var þungavigtarmaður í flokknum og margir spáðu því að hann myndi taka við formennsku í honum. Skoðanakannanir sýndu hins vegar að hann var langt á eftir Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, og Silvian Shalom utanríkisráðherra í baráttunni um að verða næsta forsætisráðherraefni Likud. Ákvörðun hans kann að skýrast af þeirri staðreynd. ■

Sjaldséð ákvörðun í Kína:

# Lögreglustjóri í gæsluvarðhald

**KÍNA, AP** Eftir að lögregla gekk á milli bols og höfuðs á mótmælendum í Dongzhou-héraði hafa kínversk stjórnvöld hneppt lögreglustjóra héraðsins í gæsluvarðhald.

Ágreiningur er um hversu margir létust í mótmælunum í síðustu viku sem kviknuðu vegna byggingar orkuvers. Yfirvöld segja þrjá hafa dáið en vitni segja allt að tuttugu látna.

Áður höfðu stjórnvöld varið aðgerðir lögreglunnar og sagt múg vopnaðan hnífum, bareflum og dýnamíti hafa ráðist að orkuverinu og lögreglu. ■



**SHANGHAI** Uppbyggingin í stórborgum Kína og góðærið þar hafa ekki náð til allra hluta landsins og víða eru bændur ósáttir.



**Á SJÚKRAHÚSI EFTIR BÍLSLYS** Særún mun halda upp á aðfangadag á sjúkrahúsinu. Hún fær sérstakt herbergi þar sem hún og fjölskyldan borðar góðan mat á aðfangadag.

# Lifir fyrir börnin sín

## Særún Sveinsdóttir Williams missti neðan af báðum fótum í bílslysi. Hún er bjartsýn á framtíðina. Fjölskyldan verður hjá henni um jólin.

**SLYSFARIR** „Líðanin er ekkert voðalega góð,“ segir Særún Sveinsdóttir Williams sem um miðjan nóvember lenti í bílslysi í Omaha í Nebraska þar sem hún býr. Í slysinu missti hún báða fótleggi fyrir ofan hné. „Ég er með stöðuga verki. Stundum eru þeir mjög slæmir en ég er á mjög sterkjum verkalyfjum sem slá aðeins á þetta.“

Særún segir að þótt líkamlega heilsan sé ekki mjög góð sé andlega heilsan skárri.

„Hún er að verða betri. Ég reyni að horfa björtum augum á framtíðina. Ég veit að ég þarf bara að sætta mig við að lifa svona. Ég á börnin mín og ég verð að lifa svona fyrir þau,“ segir Særún en þrjú af fimm börnum hennar búa hjá henni í Omaha. Hún segist hafa fengið mikinn stuðning frá börnunum sem eru eins mikið hjá henni á sjúkrahúsinu og mögulegt er.

Særún verður í viku til tíu daga á þessu sjúkrahúsi en síðan fer hún á annað sjúkrahús þar sem endurhæfing tekur við.

„Ég verð þar í fjórar til sex vikur. Endurhæfingin tekur náttúrulega miklu lengri tíma. Ég þarf að byggja efri hluta líkamans mjög vel upp og styrkja mig.“

Eftir sex til átta mánuði getur Særún fengið gervifætur og bindur hún þó nokkrar vonir við það. „Þetta þarf allt að vera gróið áður en ég legg einhvern þunga á fæturna. Mig langar að prufa gervifætur en hvort mér eigi eftir að líka það er svo annað mál.“

Röð tilviljana urðu til þess að ekið var á Særúnu. Hún var á leið til vinnu að morgni dags þegar slysið varð. Hún ók pallbíl sem var hlaðinn pokum með haustlaufum þegar hún varð þess vör að nokkrir pokanna höfðu fallið af palli bílsins. Hún stöðvaði því bílinn til að kippa pokunum aftur upp á pallinn, en þegar hún var rétt um það bil að ljúka verkinu varð hún fyrir bíl. Svo einkennilega vildi til að bílstjóri þess bíls, Kenneth Cooks, er samstarfsmaður Særúnar hjá flutningafyrirtækinu Deffenbaugh.

Cooks steig út til þess að reyna að aðstoða Særúnu og vísa annarri umferð frá henni þar sem hún lá á götunni þegar kona keyrði á kyrrstæðan bíl Cooks. Varð hann fyrir bílnum, kastaðist um tuttugu metra og hlaut alvarlega höfuðáverka. Bíll Cooks endaði svo á Særúnu þar sem hún lá á götunni. Særún telur að það hafi verið þá sem hún missti fæturna. Bílstjóri þriðja bílsins slapp ómeiddur.

Særún segist lítið hafa heyrt frá Cooks.

„Honum var haldið sofandi lengi. Ég veit að það er búið að vekja hann núna en meira veit ég ekki. Börnin hans hafa heimsótt mig og mér þykir vænt um það.“

Þó að Særún hafi búið í Bandaríkjunum um árabil heldur hún alltaf vel upp á aðfangadag. Að þessu sinni mun hún halda upp á jólin á sjúkrahúsinu.

„Ég fæ sérstakt herbergi þar sem ég get verið með fjölskyldunni. Þar verðum við með jólatré og borðum góðan mat. Þetta verður allt í lagi.“

Þeir sem vilja leggja Særúnu lið er bent á söfnunarreikning númer 1150-05-414746 með kennitölu 010560-2689.

**trausti@frettabladid.is**





| Tegund | Verð |
|---|---|
| Patrol Luxury beinskiptur | 4.090.000,- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.190.000,- |
| Patrol Elegance beinskiptur | 4.390.000,- |
| Patrol Elegance sjálfskiptur | 4.490.000,- |


Outlander 4x4
2 l bensínvél 136 hestöfl
Sítengt aldrif
Álfelgur
Þakbogar
Vindskeið
... og margt fleira
Verð aðeins: 2.290.000 kr.
Pajero Sport
V6 3 l bensínvél, 170 hestöfl, sjálfskiptur
2,5 l dísilvél, 115 hestöfl, beinskiptur
Stigbretti
Álfelgur
Þakbogar
Vindskeið
... og margt fleira
Verð aðeins: 3.290.000 kr.
Pajero GLX
3,2 l dísilvél, sjálfskiptur
Harður pakki að verðmæti 300.000 kr. innifalinn í verði:
32" breyting
17" álfelgur
Heilsársdekk
Samlit varadekkshlíf
Verð aðeins: 4.490.000 kr.
Nýtt og enn betra verð!
MITSUBISHI DRIVE ALIVE
MITSUBISHI MOTORS
Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**TÍSKA Í KÍNA** Kínversk kona gengur fram hjá myndum af tískusýningu á vörusýningu í Peking. Til sýnis voru allt í senn bækur, bílar, ljósmyndir og þjónusta vinnumiðlana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Símakosning kom Unni Birnu í úrslit keppninnar Ungfrú heimur:

# Fjöldi atkvæða ekki gefinn upp

**FEGURÐARSAMKEPPNI** Forsvarsmenn Íslenska sjónvarpsfélagsins gefa ekki upp hversu mörg atkvæði bárust símleiðis í keppnina Ungfrú heimur sem sýnd var á Skjá einum á laugardag.

Keppnin í ár var með öðru sniði en áður. Netkosning og símakosning réðu því hvaða stúlkur komust í sex manna úrslit en dómnefnd valdi svo Unni Birnu Vilhjálmsdóttur Ungfrú heim. Það var hins vegar síma- og netkosningin sem réðu því að Unnur Birna komst í úrslit. Þar var tekið mið af fólksfjölda hvers lands þannig að öll löndin höfðu sama vægi. Það var gert svo stúlkur frá fjölmennum þjóðum hefðu ekki greiðan aðgang að úrslitunum í krafti fjölmennis þjóðar sinnar.

Íslendingar hafa væntanlega verið duglegir að hringja í símakosningunni og gefa Unni Birnu sitt atkvæði en atkvæðafjöldinn verður ekki látinn uppi. „Það er ekki gefið upp, enda skiptir það ekki máli þar sem það var líka netkosning,“ segir Jóhann Snorri Sigurbergsson, markaðsstjóri hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu. - sk



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR** Á viðburðaríkt ár fyrir höndum sem Ungfrú heimur.

Félag íslenskra bókaútgefenda:

# Ágreiningur um sölulistann

**BÓKSALA** „Við gerðum athugasemdir við að ákveðin bóksala bauð bókaútgefendum að renna öllum stærri sölum gegnum kerfið hjá sér svo salan myndi telja þegar metsölulistinn væri tekinn saman,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV útgáfu.

Félag íslenskra bókaútgefenda tók athugasemdirnar til greina enda slíkt eingöngu til þess fallið að skekkja metsölulistann sem birtur er í hverri viku. Munu því stórkaup á einni og sömu bókinni, eins og til að mynda ef fyrirtæki kaupa mörg eintök af sömu bók til gjafa, ekki verða skráð á íslenska metsölulistann. - aöe









**HJÓLAÐ ÁFRAM** Ástandið í Írak virðist fara batnandi, að minnsta kosti að mati Írakanna sjálfra.

# Írakar bjartsýnir og telja sinn hag góðan

**ÍRAK** Viðhorfskönnun breska ríkisútvarpsins BBC sýnir að Írakar eru upp til hópa bjartsýnir á eigin hag, þrátt fyrir ofbeldið í landinu.

Sautján hundruð Írakar tóku þátt í könnuninni og þar kom meðal annars fram að meirihluti spurðra vill sameinað Írak sem stýrt er af öflugri sambandsstjórn. Forgangsatriði að þeirra mati er að öryggi komist sem fyrst á í landinu og erlent herlið haldi heim.

71 prósent taldi hag sinn vera annað hvort góðan eða mjög góðan og 64 prósent bjuggust við að hagur þeirra myndi vænkast enn frekar á næsta ári. Tólf prósent töldu aftur á móti að senn færi að halla undan fæti á ný.

Þegar kemur að almennu ástandi í landinu kemur hins vegar annað hljóð í strokkinn. 53 prósent telja að það sé slæmt en 44 prósent segja það gott. 69 prósent búast þó við að betri tíð sé í vændum, jafnvel strax á næsta ári. Íbúar Bagdad og norður- og suðurhluta landsins voru bjartsýni í þessum efnum en aðrir landsmenn.

57 prósent þeirra sem voru spurðir segja að fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar eftir kosningarnar á fimmtudag sé að koma á öryggi í landinu en tíu prósent vilja að bandarískar hersveitir verði sendar heim á leið. - shg





JÓNSSON&LE'MACKS • jl.is
Það vilja allar mömmur kyssa jólasveininn okkar!
PEPSI
ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR
PEPSI
MAX



**KONUR Í SVÖRTU** Mótmælandi úr hópnum Konur í svörtu liggur í poka í bænum Novi Sad í Serbíu-Svartfjallalandi. Konan berst fyrir réttindum minnihlutahópa í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður Neytendasamtakanna er harðorður í garð kaupmanna:

# Skili peningum til neytenda

**NEYTENDUR** „Framkoma sem þessi við íslenska neytendur er forkastanleg og ég óska eftir að atvinnurekendur skili aftur þessum peningum,“ segir Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna.

Hann gagnrýnir harðlega að verðlag á innfluttum vörum lækki ekki samkvæmt nýrri vísitölu neysluverðs þrátt fyrir áframhaldandi sterkt gengi krónunnar. Vísitalan í desember hækkaði um 0,36 prósent milli mánaða og hefur hækkað um 4,1 prósent síðustu tólf mánuði.

Jóhannes segir það kröfu íslenskra neytenda sem hafi ekki í önnur hús að venda með kaup sín að kaupmenn sýni sóma sinn í að lækka verð þegar tilefni gefur til. „Þeir eru fljótir að hækka þegar krónan veikist en engin lækkun kemur fram þegar hún er sterk. Þetta er með öllu óþolandi og hrein og bein hræsni gagnvart viðskiptavinum íslenskra verslana. Þarna er svo greinilega um að ræða aukna álagningu þegar neytendur eiga að njóta þess að krónan er sterk. Ég fordæmi þetta og fer fram á að kaupmenn skili okkur neytendum því sem okkur ber.“

- aöe



**TROÐIÐ Á NEYTENDUM** Formaður Neytendasamtakanna gagnrýnir þá áráttu kaupmanna að hækka álagningu sína jafnt og þétt þrátt fyrir sterka krónu.

Bændur fá meira í sinn hlut:

# Mjólk hækkar um áramótin

**LANDBÚNAÐUR** Verð á mjólk og mjólkurvörum hækkar um áramót um leið og verð til bænda hækkar.

Verðlagsnefnd búvara upplýsti fyrir helgi um samkomulag um breytingar á verði mjólkur og mjólkurvara. Verð til bænda hækkar um 2,9 prósent, eða um 1,28 krónur fyrir hvern mjólkurlítra.

„Og því samhliða mun verða verðbreyting á heildsöluverðum mjólkur og mjólkurafurða,“ segir á vef Landssambands kúabænda. Þar er hækkunin til neytenda einungis sögð lítilleg, eða frá 1,46 prósentum til 2,5 prósenta.

- óká


Jeppa- og vélsleðagalli

Jakki og buxur á 18.600 kr.




05-0062 KC

Gjöf fyrir þann sem þér er hlýtt til.

ARCTIC TRUCKS

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is


# Stefnuleysi og doði ríkjandi

**Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir fjárhagsvanda margra sveitarfélaga ekki einangraðan heldur tengist hann byggðastefnu stjórnvalda.**

**BYGGÐAMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir vaxandi gjá milli sveitarfélaga sem hafi minnkandi tekjur og hinna sem njóti fólksfjölgunar og betri skilyrða í atvinnulífinu. „Á suðvesturhorninu búa sveitarfélögin við skilyrði sem færir þeim auknar tekjur. Þegar komið er norður fyrir Snæfellsnes og austur á land eru sveitarfélög með allt að 4.000 íbúa í kröggum vegna minnkandi útsvarstekna.“

Vilhjálmur segir illmögulegt fyrir þessi sveitarfélög að draga úr kostnaði samfara tekjurýrnun og fólksfækkun.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur samið um 700 milljóna króna aukaframlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga næstu tvö árin til að mæta umræddum vanda. „Mér finnst hafa ríkt ákveðinn doði og enginn stór skref stigin nema á Austurlandi,“ segir Vilhjálmur.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að landsbyggðin sé þolandi ástandsins í efnahagsmálum. „Menn eru alltaf að finna ný nöfn á aðgerðarleysið. Staðreyndin er sú að merkilega litlu fé er varið til byggðajöfnunaraðgerða þótt byggðaröskunin sé margfalt meiri en í nágrannalöndum.“

Steingrímur segir að flutningskostnaður sé sláandi dæmi um aðgerðarleysi stjórnvalda. „Áform stjórnvalda um jöfnun flutningskostnaðar hefur mallað nú í þrjú ár hjá stjórnvöldum og málið er afvelta ennþá. Ég veit um menn sem liggja yfir því hversu mikið kunni að sparast með því að staðsetja fyrirtæki í Hafnarfirði fremur en á Dalvík. Sæplast er gott dæmi um fyrirtæki sem ber mikinn flutningskostnað á aðföngum og afurðum,“ segir Steingrímur.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** „Mér finnst hafa ríkt ákveðinn doði og enginn stór skref stigin nema á Austurlandi.“

Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisfokki, er varaformaður iðnaðarnefndar Alþingis, en hún fjallar um byggðamál. Hann tekur undir það að tekjum sveitarfélaganna sé misskipt. „Sjávarbyggðir standa veikar en oft áður. Það er rétt hjá formann Sambands íslenskra sveitarfélaga að hafa miklar áhyggjur. Framleiðslu- og samkeppnisiðnaður hefur ekki getað hækkað sín laun og það kemur niður á tekjum þessara sveitarfélaga. Þetta er svo aftur tengt vaxtahækkunum Seðlabankans. Það er sorglegt að á sama tíma og vandi steðjar að skuli Byggðastofnun vera jafn óvirk og hún er,“ segir Einar Oddur.

johannh@frettabladid.is


Einföldustu gjafirnar eru alltaf bestar

Vodafone Simply

Hafðu það einfalt um jólin



Vodafone Simply
Sagem VS1
9.900 kr.

Vodafone Simply
Sagem VS2
9.900 kr.

Vodafone Simply
Sagem VS3
13.900 kr.

14 daga skilaréttur.
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!

Vodafone Simply er eingöngu hægt að nota með simkorti frá Og Vodafone. Komdu í næstu **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

og vodafone

Heyrumst!

Fíton/SÍA

**EIN ALLRA STÆRSTA BJÖRGUN ÍSLANDSSÖGUNNAR.**
**Lítil hersveit undir stjórn Einars Sigurðssonar bjargaði hátt í tvö hundruð aðframkomnum sjóliðum** eftir að kanadíski tundurspillirinn **Skeena**, strandaði við Viðey í foráttuveðri 25. október 1944.

# LEYNDARMÁL AFHJÚPAÐ!




Í þessari hörkuspennandi bók lýsir **Óttar Sveinsson því þegar Einar stóð hátt í tvær klukkustundir við klettana í sjó upp að höndum** og tók við skipbrotsmönnunum þegar þeir voru dregnir í land. **21 sjóliða rak í óveðrinu 8 km frá skipinu** upp í Kollafjörð þar sem þeir fundust í birtingu.

**Þennan morgun vann heimilisfólkið á Mógilsá og breskur hermaður þrekvirki við lífgunartilraunir. Í bókinni eru nákvæmar lýsingar bæði skipbrotsmanna og björgunarmanna.**

**1. sæti**
MORGUNBLAÐIÐ 1. DES – ALMENNT EFNI



Georg VI Englandskonungur sæmdi Einar Sigurðsson MBE-orðunni fyrir hans þátt í björguninni.



**Spennuþrungnar Útkallsbækur Óttars Sveinssonar koma nú út í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Danmörku og Hollandi. Þær hafa verið kvikmyndaðar bæði vestanhafs og í Evrópu.**

ÚTKALL
Sími 562 2600

# KONUBÓKIN




**ÞESSI METSÖLUBÓK ER SNIÐIN** að hormónabúskap, efnaskiptum og lífeðlisfræðilegum þörfum kvenna.

**Dr. Pamela Peeke** studdist við nýjustu rannsóknir þegar hún lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið **algjörlega að konum**.

Fjallað er um aðferðir í **mataræði** og **þjálfun** líkama og **hugar** sem gera konum kleift að grennast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi á aðeins tólf vikum og síðan varanlega. Pamela útskýrir hvernig **jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu**. Á öllum aldri.

- Ótrúlegar „**fyrir og eftir myndir**“ ásamt vitnisburði kvenna.
- **Spurningar og svör**: Kafli sem svarar spurningum þínum um mataræði og æfingar.
- **Yfir 100 myndir sem sýna æfingar**.
- Aðferð Dr. Pamelu Peeke **hjálpar öllum konum að ná toppárangri** á mismunandi aldurskeiðum.

**7. sæti**
MORGUNBLAÐIÐ 1. DES – ALMENNT EFNI

**„Loksins er komin lífstílsbók þar sem æfingaáætlanir og mataræði miðast við þarfir og líffræði kvenna.“**
**Dísa í World Class**

ÚTKALL
Sími 562 2600


99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
Jólabox
TILVALIÐ FYRIR JÓLASVEINA
99 kr/stk.
Hot Wheels bílar
99 kr/stk.
Trompet 3 litir
99 kr/pk.
Evi´s dúkkur
99 kr/stk.
Blokkflauta 3 litir
99 kr/stk.
Barna hanskar
99 kr/stk.
Barna hanskar
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/stk.
Saxafónn 3 litir
99 kr/stk.
Celebration glös 3 stk.
99 kr/stk.
Skraut epli 6,5 cm
99 kr/stk.
Kanna / diskur
99 kr/pk.
Sogklemmur f. jólaseríu
Gildir 13. desember á meðan birgðir endast.



99 kr/pk.

**Cocoa Puffs** 390 gr

Takmarkað magn 3000 pk.
Hámark 2 pk. á mann.



99 kr/pk.

**Texas pizza** 300 g



99 kr/stk.

**Risabrauð** 1 kg



99 kr/pk.

**Tetley te** 40 tepokar



99 kr/pk.

**Pagen piparkökur**



99 kr/pk.

**Þurrkaðir ávextir** margar gerðir



99 kr/stk.

**Appelsínusafi** 1 ltr.



99 kr/kg.

**Rauð epli**



99 kr/pk.

**Skinka**



99 kr/pk.

**Svínabuff**



99 kr/pk.

**Kjörís sprengi pinnar** 8 stk í pk



99 kr/stk.

**Maxi poppkorn** 70 gr



99 kr/2stk.

**Mangajo** 3 teg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Þróunarsamvinnustofnun styrkir menntamál í Malaví:

# Ljúka byggingu þriggja skóla

**HJÁLPARSTARF** Benedikt Ásgeirsson sendiherra afhenti nýverið menntamálaráðherra Malaví lykla að þremur nýjum grunnskólum sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur byggt í landinu í samvinnu við menntamálayfirvöld í Malaví.

Áður en framkvæmdir við byggingu skólanna hófust var sumum bekkjum á svæðinu kennt utandyra. Það þýddi meðal annars að á rigningartímabilinu gat kennsla ekki farið fram.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hóf samstarf við menntamálayfirvöld í Malaví árið 1995 og á þeim tíma hafa margir skólar verið byggðir og endurnýjaðir í landinu. Ásamt því að styðja við uppbyggingu skóla hefur stofnunin, meðal annars, styrkt námskeið á vegum menntamálayfirvalda þar sem skólastarfsmenn, foreldrar, nemendur og aðrir sem koma að skólamálum hafa fengið fræðslu um mál eins og alnæmi, jafnrétti og menntun stúlkna.

Aðstoð stofnunarinnar hefur skilað árangri á þessum árum því aðsókn stúlkna í skóla hefur aukist og minna er um brottfall nemenda.

- sk



**LYKLARNIR AFHENTIR** Benedikt Ásgeirsson sendiherra afhendir menntamálaráðherra Malaví lyklana að skólunum.



**SÓL TÉR SORTNA** Þótt slökkviliðsmönnum hefði gengið ágætlega að ráða niðurlögum eldsins skyggði mökkurinn á sólina um tíma í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slökkviliðsmenn réðust til atlögu við eldinn í Buncefield í gær:

# Mökkurinn er yfir Normandí

**HEMEL HEMPSTEAD, AP** Slökkviliðsmenn hófu í gær að slökkva eldana ógurlegu sem upp komu í Buncefield-olíubirgðastöðinni í Hertfordskíri, skammt norður af Lundúnum í gær. Sprengingarnar sem fylgdu eldunum gerðu að verkum að ekki var hægt að hefja slökkvistarf fyrr.

Slökkviliðsmenn lögðu til atlögu við vítiseldana strax í gærmorgun en aðstæður voru nokkuð erfiðar þar sem bætt hafði í vindinn og áttin breyst. Franska veðurstofan greindi frá því að mökkurinn væri kominn til Normandí og er búist við að hans verði vart á Spáni á morgun.

„Við fetum ókunna stigu. Þetta er mesti eldsvoði sinnar tegundar sem komið hefur upp í Bretlandi og Evrópu,“ sagði Roy Wilsher, slökkviliðsstjóri í Hertfordskíri á blaðamannafundi í gær. Sérstakri efnakvoðu var sprautað á eldinn og var á Wilsher að heyra að hann væri spenntur að sjá árangurinn af því. „Við erum ekki einu sinni vissir um hvernig þessi ógnarhiti mun fara með kvoðuna. Hún gæti þess vegna gufað upp.“

Áhyggjur slökkviliðsstjórans virtust hins vegar óþarfar því um miðjan daginn í gær hafði tekist að kæfa eldinn í tíu af þeim tuttugu tönkum sem brunnu. Sjö tönkum tókst að bjarga alveg með því að sprauta 32.000 lítrum af vatni á mínútu yfir þá alla nóttina.

Rannsókn á eldsupptökum er hafin en að sögn Frank Whiteley, lögreglustjóra í héraðinu, á enn eftir að yfirheyra stjórnendur stöðvarinnar. Vonast er til að þeir geti gefið upplýsingar sem varpað geta ljósi á málið. „Vel má vera að þegar eldarnir hafa verið slökktir þá verði lítið sem ekkert eftir fyrir tæknimenn okkar að rannsaka. Ég vonast þó til að við leysum gátuna á endanum.“

Whiteley ítrekaði í gær að ennþá benti allt til þess að óhapp væri orsök brunans en þó væri öllum möguleikum haldið opnum. Í síðustu viku birtist myndband frá al-Kaída þar sem hvatt var til árása á olíumannvirki þar sem olíunni hefði verið stolið úr löndum múslima.

- shg

Ásakanir um yfirheyrslur CIA í Tyrklandi:

# Gul segir engar yfirheyrslur eiga sér stað

**TYRKLAND, AP** Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands staðfesti um helgina að flugvél, sem talin er vera í eigu bandarísku leyniþjónustunnar CIA, hafi lent tvisvar í Istanbúl. Hins vegar hefði enginn farið í eða úr vélinni og því væri víst að engar yfirheyrslur hefðu átt sér stað í Tyrklandi.

„Vélin var undir okkar stjórn allan tímann,“ sagði Gul í samtali við Anatolia-fréttastofuna en hann tók þó ekki fram hvort vélin hefði í raun verið á vegum CIA. Stjórnarandstaðan í Tyrklandi fór fram á rannsókn í þinginu eftir ásakanir þess efnis að CIA nýtti sér Tyrkland sem viðkomustað í fangaflugi með meinta hryðjuverkamenn frá Írak og Afganistan, og jafnvel sem stað til yfirheyrslna.



**CONDOLEEZZA RICE** Hefur heitið því að Bandaríkjastjórn muni bæta fyrir það sem henni hafi orðið á í stríðinu gegn hryðjuverkum.

Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, átti nýlega fund með yfirmanni bandarísku alríkislögreglunnar FBI og mun á næstunni hitta forstjóra CIA. Hann bað fólk þó að lesa ekki of mikið út úr fundunum varðandi meint fangaflug, þeir væru einungis liðir í auknu samstarfi í stíðinu gegn hryðjuverkum.



**KARL BRETAPRINS** Dauði Díönu og tildrög hans vekja enn upp spurningar.

Andlát Díönu prinsessu:

# Bretaprins yfirheyrður

**BRETLAND AP** Karl Bretaprins var kallaður til yfirheyrslu í síðustu viku en yfirheyrslan var liður í óháðri rannsókn á dauða Díönu prinsessu, fyrrverandi eiginkonu Karls, og Dodis al-Fayed, ástmanns hennar árið 1997. Að því er dagblaðið Sunday Times hermir stóð yfirheyrslan yfir í fjölda klukkustunda. Rannsókn málsins í Bretlandi var tekin upp að nýju í janúar 2004 að beiðni konunglega réttarlæknisins Michael Burgess.

Franskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu árið 1999 að um slys hafi verið að ræða.



LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# Jólaboð Fjölbreytt úrval af gjafavörum



## Allison

Allison jólapakkar fyrir dömur. Grape/Kiwi og Mango/Papaya ávaxtailmur. Húðkrem 200 ml og sturtugel 250 ml. Frábært verð.

**1.457 kr.**



**3.990 kr.**

## Babyliss ceramic blásari

Vinsælasti hárblásarinn í dag. 1800w



**2.229 kr.**

## Naomi Campell

Naomi Campell ilmirnir eru flottir og vinsælir, henta nútímadömum.




**2.719 kr.**

## Lamaze

Borði til að setja innan á rúm, skemmtilegar myndir.




**1.929‹ kr.**

Dynamic rakspíri 50 ml og roll on.

**2.429 kr.**

Sensual Instinct edt. 30 ml og sturtugel.



**5.490 kr.**

## Joe Boxer dömunáttföt

Falleg náttföt á dömur.




**3.760 kr.**

## Beurer hitapúði fyrir háls og bak

3 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 90 mínútur.




**frá 1.699 kr.**

## Úrval geisladiska

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana. Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

12 Tónar

Plan B

**Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.**



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

**GJAFAPOKI FYLGIR**

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 30482 12/2005

„ORÐRÉTT“

*Er það ekki slæmt fyrir fegurðardrottningu?*

**„Ég gjörsamlega missti andlitið.“**

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR, ALHEIMSFEGURÐARDROTTNING Í FRÉTTABLAÐINU.

*Sumir gleðjast yfir litlu.*

**„Það var yndisleg stund fyrir okkur Grænlandsfarana að lenda á Reykjavíkurflugvelli og fá viðtökur frá Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra.“**

HRAFN JÖKULSSON, FORSETI HRÓKSINS, Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR Í KÍNA

## *Ævintýrið senn á enda*

„Þessi rúmlega sex mánaða dvöl mín hér í Kína er búin að vera ævintýri líkust á svo marga vegu,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, starfsnemi í íslenska sendiráðinu í Peking. Hún kemur heim eftir rúma viku og hefur aftur meistaranám sitt í opinberri stjórnsýslu.

Erla Ósk hefur síðustu mánuði búið í miðju hverfi 200 sendiráða í Peking. Hennar helsta verkefni var að aðstoða íslensk fyrirtæki sem vilja stunda viðskipti í landinu. „Peking hefur tekið stakkaskiptum á þessum sex mánuðum. Miklar framkvæmdir eru í gangi vegna ólympíuleikanna. Það á greinilega allt að vera tipptopp þegar leikarnir verða haldnir,“ segir Erla og bætir við að mörgum komi á óvart hversu vestrænt yfirbragð borgin hafi. Erla Ósk segir erfitt að velja úr skemmtilegum atburðum síðustu sex mánaða. Til að mynda hafi verið mögnuð upplifun að sjá íslenska körfuknattleiksliðið etja kappi við það kínverska um miðjan ágústmánuð: „Við íslensku áhorfendurnir vorum fjórir en sjö þúsund Kínverjar. Alveg troðfullt og uppselt á leikinn. Ísland tapaði reyndar báðum leikjunum en leikmenn stóðu sig þó vel í öðrum leiknum. Hæðarmunurinn á leikmönnunum var gífurlegur. Þeir kínversku voru allir yfir tvo metra.“

Á laugardaginn sá Erla stórsöngvarann Pavarotti syngja á kveðjutónleikum í Peking. Hún sá einnig Bill Clinton halda ræðu og heillaðist af flutningnum: „Ég verð nú eiginlega að viðurkenna að ég skil núna hvað fólk hefur verið að tala um þegar það talar um Clinton sem þennan merka pólitíkus. Maður fann alveg hvað hann hafði sterk tök á áhorfendum og hafði áhrif á mann.“





**ÖRNINN ÖRN** Haukfránum augum sínum leit örninn Örn í linsu ljósmyndarans og eiganda síns þar sem þeir fylgdust með mannlífi á Rauða torginu í Moskvu í Rússlandi á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Eitt stórt atvinnuviðtal

**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir var kjörinn ungfrú heimur síðastliðinn laugardag. Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún ekki alveg komin á jörðina eftir krýninguna og allt umstangið í kringum hana, enda hefur lítið annað komist að en að taka á móti hamingjuóskum og svara spurningum fjölmiðla.**

„Ég er búin að vera hálfdofin í tvo daga og hef engan veginn náð að átta mig á þessu,“ segir Unnur Birna þegar hún er spurð hvernig líðanin sé eftir hina viðburðaríku helgi. „Ég er bara ein eftir á hótelinu, allar stelpurnar eru farnar og það er enginn í kringum mig sem getur hjálpað mér að átta mig á þessu. Ég fer til London með aðstandendum keppninnar eftir nokkra daga og ég held að þetta eigi eftir að síast inn þegar ég kem þangað.“

Dagarnir eftir keppnina hafa verið strembnir hjá Unni. „Ég hef farið á fjóra blaðamannafundi og svo er ég bara í því að taka við hamingjuóskum í gegnum símann.“ Unnur Birna veit ekki enn hvað tekur við hjá sér á næstunni. „Það verður líklega ekki fyrr en ég kem til London sem ég fæ að vita hvert framhaldið verður.“

Þegar Unnur Birna er spurð hvort hún vilji skila einhverju til þeirra Íslendinga sem kusu hana í netkosningunni og símakosningunni segir hún óendanlegt þakklæti vera sér efst í huga. „Ég get bara ekki lýst því hvað ég er þakklát íslensku þjóðinni, fyrir allan stuðninginn og hlýjuna,“ segir hún.

Því hefur verið haldið fram að fegurðarsamkeppnum fylgi mikil keppnisharka og að keppendurnir hugsi hvor öðrum þegjandi þörfina. Blaðamaður spyr Unnni Birnu hvernig hinar stelpurnar í keppninni hafi tekið því að hún hafi unnið. „Þær samglöddust mér og margar þeirra komu til mín og sögðust vera ánægðar með úrslitin. Það sem mér fannst skemmtilegast við þetta, er að þegar átti að fara að tilkynna hver myndi vinna, þá kölluðu stelpurnar sem komust ekki í úrslit „miss Iceland, miss Iceland!“

Spurð um skoðanir sumra sem segja fegurðarsamkeppnir vera tímaskekkju, segist Unnur Birna geta verið sammála því að sumu leyti. „Fegurðarsamkeppnir sem ganga bara út á að keppendurnir eigi að vera fallegir og vel vaxnir eru kannski tímaskekkja, en Ungfrú heimur gengur engan veginn út á það. Sigurvegarinn í þessari keppni vinnur við góðgerðastörf í eitt ár og það er verið að velja fulltrúa í það starf. Upphaflega gekk keppnin út á fegurðarímynd en nú er litið til mun fleiri þátta en fegurðar. Þessar fimm vikur sem ég er búin að vera hérna hafa í rauninni verið fimm vikna langt atvinnuviðtal. Það er því verið að velja sendiherra sem hefur, að mati dómnefndar, sem besta samblöndu af fegurð og góðum mannlegum eiginleikum.“

Unnur Birna hlakkar til að komast heim þegar tími gefst. „Það verður gott að komast heim í sveitakyrrðina. Ég áttaði mig ekki á því að þetta væri mér svona kært fyrr en ég kom hingað til Kína, segir fegurðardrottningin.

steinar@frettabladid.is



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR** Fegurðardrottningin verður upptekin við að sinna góðgerðarstörfum næstu tólf mánuðina.








**KÓPAVOGSDÆTUR VIÐ KÓPAVOGSKIRKJU** Þær bjóða upp á að syngja jólakveðjur fyrir starfsfólk fyrirtækja og aðra hópa. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Kópavogsdætur flytja jólakveðjur með fögrum söng:

## Söngurinn eflir námið

Tólf stúlkur í Kópavoginum, sem allar syngja með hinum víðfræga skólakór Kársness, starfrækja sönghópinn Kópavogsdætur og bjóða fyrirtækjum og öðrum hópum upp á fagurlega sungnar jólakveðjur nú á aðventunni.

Stúlkurnar stofnuðu sönghópinn í kjölfar söngferðar Kársnesskórsins á heimssýninguna í Japan fyrir á árinu og hafa haft nokkuð að gera að undanförnu. „Við erum allar jafn gamlar og góðar vinkonur og finnst mjög skemmtilegt að syngja,“ segir Þórdís Sigbjörsdóttir, ein Kópavogsdætra. Á efnisskránni eru hefðbundin jólalög á borð við Skín í rauðar skotthúfur og Nóttin var sú ágæt ein og fleiri í þeim dúr.

„Svo höfum við sungið í afmælum og erum þá með annað lagaval,“ segir Þórdís.

Kópavogsdætur halda úti heimasíðunni blog.central.is/kdaetur og þar getur fólk fengið nánari upplýsingar um sönghópinn og komist í samband við hann.

En hvernig fer með lærdóminn þegar mikið er að gera í söngnum? „Við erum nú allar í prófum en söngurinn hjálpar bara náminu. Það er gott að leiða hugann að einhverju öðru,“ segir Þórdís og hlær.



**SVEINN BERNÓDUSSON** Er ánægður með snjóleysið.

Óvenju hlýtt í Bolungarvík:

## Léttir yfir mönnum

„Hér hefur enginn vetur komið enn,“ segir Sveinn Bernódusson, járnsmiður í Bolungarvík en þar hafa ríkt hlýindi að undanförnu. Hitinn var til dæmis átta stig á hádegi í gær. „Haustið hefur þó verið heldur leiðinlegt, það kom upp úr tuttugasta september og hefur verið síðan,“ bætir Sveinn við.

Hann segir mannlífið í bænum breytast í takt við veðrið. „Það léttir yfir mönnum í skammdeginu þegar hlýtt er, ég tala nú ekki um okkur sem aldrei viljum sjá snjóinn,“ segir hann. „Ég hef baslað við snjóinn í fimmtíu ár og hef fengið minn skammt af honum.“

Sveinn er formaður Framsóknarfélagsins í bænum og fylgist því grannt með stjórnmálaumræðunni. Hann segir rólegt yfir pólitíkinni þessa dagana. „Það er helst að karpað sé um jarðgöngin.“

Sveinn vinnur í Vélsmiðjunni Mjölni ásamt bræðrum sínum tveimur, þeim Finnboga og Jóni. - bþs

# Jólatilboð

## 20% afsláttur af öllum rúmum




- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

### VERÐDÆMI*

| Rúmstærð | verð nú | afsláttur | verð áður |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 16.794kr | -20% | 20.993.- |
| 120 x 200 | 21.893kr | -20% | 26.991.- |
| 150 x 200 | 26.391kr | -20% | 32.989.- |
| 180 x 200 | 31.190kr | -20% | 38.987.- |

*Dupen rúmin er hægt að fá í 6 mismunandi útgáfum í hverri stærð. Verðdæmi miðast við Dinamica rúm. Mynd er af Grand Dupen rúmi.

**Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri.**



**Svefnherbergisbekkur**
102 x 40 x 60 cm
**19.999kr**



**Fataslá**
123 x 53 cm
**12.999kr**



**Fatastandur**
170 x 36 cm
**9.999kr**



**Heilsukoddi** úr heilsusvampi, sem hannaður var fyrir NASA. Stærð 50cm x 32cm
**1.999kr**

Gildir til 19. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Inneign á gjaldeyrisreikningum í bönkum og sparisjóðum í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands,

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** AF HVERJU ERU DÓMAR OPINBERIR?

# *Gagnsæi er réttaröryygginu mikilvægt*

Á fyrstu mánuðum komandi árs stendur til að opna nýja heimasíðu héraðsdómstóla landsins. Heimasíðan verður á vegum Dómstólaráðs, en undir það heyra dómstólarnir. Í kjölfarið verður í fyrsta sinn hægt að nálgast á netinu dóma allra héraðsdómstólanna.



**Af hverju að birta dóma?**
Með birtingu dóma, og umfjöllun um þá, kemur í ljós hvort samræmi sé á milli dóma í ámóta málum og hlýtur slíkt gagnsæi að vera mikilvægt réttaröryygginu. Þá kemur í ljós hvort breytingar séu að eiga sér stað á dómaframkvæmd og við hverju fólk eigi að búast gerist það brotlegt við lög, eða hafi í hyggju að höfða mál.

**Brotalamir koma í ljós**
Þá getur umfjöllun um dóma einnig orðið til þess að þrýstingur frá almenningi um breytta framkvæmd aukist. Svo sem þrýstingur um auknar eða vægari refsingar við ákveðnum tegundum brota. Þá getur umfjöllun um dómsmál leitt í ljós brotalamir í stoðkerfi samfélagsins, svo sem þegar ekki eru önnur úrræði fyrir hendi en að senda unglingspilta í fangelsi til langs tíma með harðsvíruðum glæpamönnum, þegar viðkomandi ætti ef til vill betur heima á lokaðri deild fyrir ungmenni í vanda.

**Auknu gagnsæi fagnað**
Ástæða er því til að fagna sérstaklega auknu gagnsæi sem birting dóma á netinu kemur til með að hafa í för meðsér. Hingað til hefur Héraðsdómur Norðurlands eystra einn sýnt þann dug að birta dóma með þessum hætti.
Því miður eru til dæmi um að einstakir dómarar hafi frekar tilhneigingu til að leggja stein í götu þeirra sem fjalla vilja um dóma, til dæmis með því að senda ekki út dagskrá héraðsdóma sem þá kostar mikla fyrirhöfn að nálgast, eða jafnvel láta ekki birtast í dagskrá dóma sem til stendur að kveða upp. Með framtaki dómstólaráðs á nýja árinu ætti slík framkoma brátt að heyra sögunni til.

## SPURT & SVARAÐ

RAFRÆN VIÐSKIPTI

### *Unnið eftir íslensku módeli*

Rafræn viðskipti verða æ algengari og stöðugt er unnið að þróun þessara viðskipta til að gera þau öruggari og einfaldari. Útflutningsráð hefur undanfarin þrjú ár verið þátttakandi í evrópsku verkefni á þessu sviði fyrir Íslands hönd og undirritaði nýverið nýjan samstarfssamning um rekstur tilraunasamfélags um rafræn viðskipti.



JÓN ÁSBERGSSON

**Í hverju felst þessi tilraun?**
Þetta er samstarfsverkefni með fjórum öðrum Evrópulöndum, Finnlandi, Eistlandi, Hollandi og Rúmeníu. Það gengur út á þróun ákveðins módels sem við höfum búið til og snýst um hvaða aðferðafræði eigi að nota við að rafvæða viðskiptaumhverfið. Með þessu viljum við stuðla að því að koma á rafrænum viðskiptum, efla á þeim þekkingu og auka öryggi á þessu sviði.

**Hvernig fer þetta fram?**
Vinnan er aðallega þríþætt og felst í að þróa þetta módel, fá samstarfsaðila til að vinna að þessu og búa til einstök verkefni auk þess að sækja um styrki, Við erum komnir með styrki í nokkur minni verkefni en þetta hefur gengið hægar en við vonuðumst til.

**Hver er ávinningurinn af þessu?**
Við sjáum í þessu ákveðna möguleika til að auka samkeppnishæfi íslensks atvinnulífs í alþjóðlegri samkeppni og viljum með þessu jafnframt varpa ljósi á Ísland sem hátæknisamfélag.




# Djúpt borað eftir orku

**Íslenska djúpborunarverkefnið er komið vel á veg en í haust var því tryggð fjármögnun. Markmiðið með verkefninu er að finna út hvort með breyttri vinnsluaðferð megi ná meiri orku úr háhitasvæðum og auka með því hagkvæmni jarðhitavinnslu. Nú þegar telja orkufyrirtæki jarðorkuvirkjanir vænlegri kost en vatnsaflsvirkjanir.**




**TILRAUNAHOLA DJÚPBORUNARVERKEFNISINS** Til að átta sig betur á vegalengdinni sem bora á eftir heitri vatnsgufu á yfirþrýstingi er til hliðar sýnd sama vegalengd á götum Reykjavíkur. Eftir að þriðja áfanga í djúpboruninni er náð árið 2007 og komið er niður á 5 kílómetra dýpi taka við vinnslutilraunir sem standa eiga frá 2008 til 2009.

Nú hefur fjármögnun íslenska djúpborunarverkefnisins verið tryggð og er næsta skref að ákveða í samstarfi við Hitaveitu Suðurnesja hvar eigi að bora fyrstu holuna næsta haust. Valið stendur um tvær holur á Reykjanesi og segir Júlíus Jón Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja að gert verði upp á milli þeirra á næstu dögum.

„Þetta eru holur 16 og 17 sem um er að ræða,“ segir hann. Ekki stendur þó til að bora fyrr en næsta haust, en þá verður farið niður á fjögurra kílómetra dýpi og ári síðar á svo að bæta við kílómetra. Hefðbundnar vinnsluholur eru tveggja til þriggja kílómetra djúpar. Til þess að setja dýpt holunnar í samhengi má benda á að fjórir kílómetrar eru frá JL-húsinu við vesturenda Hringbrautar í Reykjavík að Kringlunni ef ekin er beinasta leið austur Hringbrautina.

### Samstarf veitufyrirtækja

Verkefnið er unnið í samstarfi Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnunar.

Ísland er stærsta landsvæðið á Atlanshafshryggnum sem stendur up úr sjó og því er það sagt tilvalinn staður til djúpborunar. Hér á landi er hitauppstreymi mikið og jarðlög lek.

Þegar komið er niður á fjögurra til fimm kílómetra dýpi er jarðhitinn orðinn um 400 til 600 gráður og standa vonir til að með því megi fá tífalt meiri orku en úr hefðbundnum holum. Tæknin á svo að geta nýst á öllum jarðhitasvæðum.

Guðmundur Ómar Friðleifsson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum, stýrir íslenska djúpborunarverkefninu, en að því kemur annars fjöldi vísindamanna um heim allan. „Hugmyndin er að dýpka holu hjá Hitaveitu Suðurnesja,“ segir hann um fyrsta áfanga djúpborunarverkefnisins. „Undirbúningur að þessu er í fullum gangi og horft til næsta hausts.“

### Panta bráðum efni

Borun af þessum toga kallar á töluverðan undirbúning og skýrir það hversu langt er horft fram í tímann með næstu skref. „Það tekur til dæmis nokkra mánuði að fá afgreitt efni til borunarinnar. Það þarf að panta og framleiða með fyrirvara efni í fóðringar og fleira.“ Guðmundur bætir þó við að í sjálfu sér væri hægt að ganga í að panta efni þó svo að ekki væri búið að negla nákvæmlega niður í hvaða hola yrði dýpkuð. „Það getur farið í hvaða holu sem er, alls staðar er notað sama efnið.“

Guðmundur áréttar að verkefnið sé skipulagt langt fram í tímann og að margt geti gerst sem erfitt kunni að vera að spá um. Gangi allt samkvæmt áætlun verða á næsta ári hins vegar steyptar fóðringar í holuna sem fyrir valinu verður niður á 3,1 kílómetra dýpi og holan sjálf dýpkuð í fjóra kílómetra. Haustið 2007 á svo að dýpka holuna niður í fimm kílómetra með kjarnbor.

Í lokaáfanga verkefnisins, árin 2008 og 2009 hefjast svo vinnslutilraunir. Meðan á þeim stendur er fyrirhugað að nota sérhannað rör, um fjögurra kílómetra langt til að setja í holuna.

Vökvinn sem fæst úr holunni og til stendur að vinna er yfirhituð háþrýstigufa.

Djúpborunarverkefnið hefur verið í gangi í nokkurn tíma, en forathugun á því hófst árið 2000 og lauk svo með nokkuð ítarlegri skýrslu árið 2003.

### Hengillinn á við Kárahnjúka

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segist fyrst og fremst líta á djúpborunarverkefnið sem spennandi rannsókn, en ekkert sé enn hægt að gefa sér um hvað út úr því öllu kemur. „Fyrst þarf nú að komast að því hvort þarna er eitthvað að hafa. En ef maður er bara að velta fyrir sér jarðhita virkjanlegum yfir í rafmagn, þá er hann hugsanlega talinn meiri en vatnsafl á landinu,“ segir hann og bendir á að bæði Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja virki jarðhita til stóriðju. „Ef horft er á Hengilssvæðið hjá Orkuveitunni, sem við erum undanfarin 15 ár búin að vera að virkja og erum með mikinn gang í, þá verður það árið 2011, ef allt gengur eftir, orðið tæplega 500 megavött. Þá verður það farið að slaga upp í Kárahnjúkavirkjun sem er einhvers staðar á milli 500 og 600 megawött.“ Svo er hugsanlega hægt að ná enn meiru út úr háhitasvæðum landsins og enn hagkvæmari virkjunum með því að fara út í djúpboranir. „En það er nú bara rannsóknarverkefni ennþá og þýðir ekki að setja það í bankann,“ áréttar Guðmundur.



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

**Veldu Focus** Nýtt tákn um gæði - www.ford.is

Nýtt tákn um gæði

## Vertu Comfort um jólin. Taktu jólatilboði Brimborgar

# Í dag: Besta verð á Focus.

## Vertu á nýjum Focus um jólin. Komdu í Brimborg.
## Jólatilboð: Lægra verð, betri kjör, tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar.

- Meiri afsláttur - lægra verð
- Lægri vextir
- Lægri mánaðargreiðslur
- Lægri útborgun
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn**
- Meiri staðalbúnaður
- Upphitanleg framrúða án aukakostnaðar
- Comfort framsæti án aukakostnaðar
- Vetrardekkin undir, sumardekkin í skottið án aukakostnaðar



| Ford Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra* |
|---|---|---|---|
| Jólaverð 1.790.000 kr. | Jólaverð 1.845.000 kr. | Jólaverð 1.875.000 kr. | Jólaverð 1.890.000 kr. |
| Bílasamningur 21.450 kr. | Bílasamningur 22.110 kr. | Bílasamningur 22.600 kr. | Bílasamningur 22.640 kr. |
| Rekstrarleiga 31.900 kr. | Rekstrarleiga 32.300 kr. | Rekstrarleiga 32.550 kr. | Rekstrarleiga 32.800 kr. |

*Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti.*

*Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið.*

*Þú færð án aukakostnaðar rafdrifna hæðarstillingu á ökumannssæti.*

*Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu.*

*Einnig frábært jólaverð á sjálfskiptum Ford Focus - aukalega aðeins 94.000 kr.*

**Jólatilboð Brimborgar**

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**

Jólatilboð Brimborgar. Lægra verð. Betri kjör. Tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar. Verðmæti jólatilboðs Brimborgar allt að 195.000 kr., ásamt frábæru verði á sjálfskiptingu.

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus í tilefni jólanna.*




Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti með mjóbaksstillingu og rafdrifinni hæðarstillingu á ökumannssæti veljir þú nýjan Focus. Aðgengi um Focus er auðveldara og þægilegra, bæði fyrir ökumann og farþega.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu veljir þú nýjan Focus. Þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur þar sem framrúðan öll er upphitanleg. Ath. öll upphituð!

**Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Ford Focus. Fáir bílar á jólatilboði Brimborgar. Tilboðið gildir aðeins til aðfangadags 24. desember eða á meðan birgðir endast. Skoðaðu www.ford.is**



**Jólatilboð Brimborgar**

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér enn lægra verð á Ford Focus. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.****

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur og þokuljós.



**ANDSTÆÐUR** Liðsmenn Hinna sameinuðu varnarsamtaka Kólumbíu afvopnuðust fyrir framan stóra mynd af Maríu mey. Skæruliðarnir fá flestir sakaruppgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Til hamingju Gunnar!

Gunnar Egilsson og áhöfn hans á Ice Challenger hafa sett glæsilegt hraðamet með ferð sinni á Suðurskautið. Hvorki vél né áhöfn var hlíft á þessari erfiðu leið þar sem búast má við allt að 45°C frosti. Gunnar ók 1200 km leið á aðeins 70 klukkustundum og var mættur á pólinn kl. 13 GMT þann 12. desember 2005.

Þegar ekkert má út af bera er Mobil 1 það eina sem kemur til greina.

Mobil 1





# Skæruliðar afvopnast

**Liðsmenn úr Bólívar-armi Hinna sameinuðu varnarsamtaka Kólumbíu lögðu niður vopn í gær. Flestir fá sakaruppgjöf. Mannréttindasamtök eru ósátt.**

**KÓLUMBÍA, AP** Tvö þúsund liðsmenn hinna Hinna sameinuðu varnarsamtaka Kólumbíu (Autodefensas Unidas de Colombia eða AUC), sem eru öfgahægrisinnuð skæruliðasamtök, lögðu niður vopn í gær.

Skæruliðarnir afvopnuðust á lóð víggirts sveitabæjar um 260 kílómetrum norður af Bógóta, höfuðborg Kólumbíu. Auk þess að afhenda stjórnvöldum byssur létu þeir af hendi tvær herþyrlur.

Mennirnir, sem lögðu niður vopn í gær, voru í svokölluðum Bólívar-armi skæruliðasamtakanna sem talinn er hafa haft hvað nánust tengsl við eiturlyfjabaróna. Foringinn, Carlos Jimenez eða Macaco, er sagður hafa slegið skjaldborg um Norte Valle-hringinn, en hann hefur tekið við af Medellin- og Cali-hringjunum sem stærsti eiturlyfjahringur Kólumbíu.

Í skiptum fyrir að leggja niður vopn fá óbreyttir liðsmenn samtakanna sakaruppgjöf. Hinum hærra settu hefur verið lofað mildum dómum. Þó flestir fagni því að skæruliðarnir hafi lagt niður vopn hafa mannréttindasamtök lýst yfir óánægju með að þeir fái uppgjöf sakar. Benda þau á að Hin sameinuðu varnarsamtök Kólumbíu beri ábyrgð á einum verstu mannréttindabrotum í sögu Kólumbíu og þó víðar væri leitað. Þau hafi meðal annars staðið fyrir fjöldamorðum á almennum borgurum.

Allt frá árinu 2003 hafa liðsmenn Hinna sameinuðu varnarsamtaka Kólumbíu verið að afvopnast. Rekja má upphafið til friðarsamnings sem Alvaro Uribe, forseti Kólumbíu, gerði við þau. Fyrir fáeinum árum er talið að um 20 þúsund skæruliðar hafi verið í samtökunum en eftir gærdaginn er talið að um sjö þúsund liðsmenn séu í þeim.

Þó gerður hafi verið friðarsamningur árið 2003 hafa stjórnvöld oft sakað samtökin um að hafa brotið gegn honum. Það eru ekki nema átján mánuðir síðan stjórnarherinn hætti skyndilega við að gera loftárás á búðir Bólívar-armsins. Þá höfðu stjórnvöld fengið nóg af sviknum loforðum samtakanna, en eftir að skæruliðarnir rændu almennum borgurum og fluttu þá í búðirnar til að nota sem mannlega skildi hætti stjórnarherinn við að gera loftárás.

Hin sameinuðu varnarsamtök Kólumbíu voru stofnuð á níunda áratugnum. Hafa þau barist gegn öðrum skæruliðasamtökum sem kalla sig Byltingarher Kólumbíu (Fuerzas Armadas Revolucionarias de Colombia eða FARC). Byltingarher Kólumbíu hefur síðan árið 1964 reynt að bola stjórnvöldum frá völdum í þeim tilgangi að koma á marxískri stjórn.

Liðsmönnum Hinna sameinuðu varnarsamtaka Kólumbíu, sem nú fá almenna sakaruppgjöf, er boðið að fara í starfsþjálfun. Þá fá þeir um 10 þúsund krónur á mánuði frá ríkinu næstu tvö ár.

Ernesto Baez, talsmaður Hinna sameinuðu varnarsamtaka Kólumbíu, var einn af þeim sem lögðu niður vopn í gær. Hann hyggst bjóða sig fram til þings.

trausti@frettabladid.is


SOFÐU VEL UM JÓLIN
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu
Chiropractic®
Since 1910
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Jólatilboð
Signature Queen kr. 119.900.-
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
Einstök þrýsitjöfnun og réttur stuðningur
Jólatilboð
Queen stærð
kr. 129.900.-
Gerðu samanburð
iq-care.com
Nýr fjölstillanlegur Wallhugger
S-CAPE
WALLHUGGER
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
BIFLEX
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-
Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Vinsælasta jólagjöfin
Large kr. 7.490.-
Medium kr. 6.990.-
Small kr. 5.990.-
Amerískar heilsudýnur
SLEEP & HEALTH
FLIPFREE
Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.-
Sleep Series
FLIPFREE
Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.-
Queen 153x200 69.900.-
Leður Hægindastólar
Kr. 54.000.-
Svefnsófar
Verð frá kr. 79.900.-
Úrval af húsgögnum
Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.
Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

## Rússar herða tökin á samtökum

Almennt hafa menn gengið út frá því að kalda stríðinu sé lokið og að samskipti Rússa við vestrænar þjóðir séu í eðlilegum farvegi en svo virðist þó ekki vera ef marka má fréttir að undanförnu frá Moskvu og viðbrögð við þeim.

Í lok vikunnar mun Dúman í Moskvu, rússneska þingið, greiða atkvæði um lagafrumvarp sem vakið hefur töluverða umræðu á Vesturlöndum. Frumvarpið hefur þegar farið í gegnum fyrstu umræðu í Dúmunni og var þá samþykkt með atkvæðum nær allra þingmanna. Það miðar að því að takmarka mjög athafnir og frelsi innlendra og erlendra samtaka þar í landi, einkum þó alþjóðasamtaka sem starfa víða um heim og Rússar telja að starfi mörg hver undir fölsku flaggi.

Í grein hér í Fréttablaðinu á sunnudag sögðu tveir bandarískir sérfræðingar í málefnum Rússlands um frumvarpið: „Háttsettir rússneskir embættismenn hafa lýst sjálfstæðum samtökum sem „fimmta valdinu" í rússnesku samfélagi og jafnvel sem yfirvarpi fyrir erlendar njósnaþjónustur."

*Fyrst Rússar hafa á annað borð snúið sér í lýðræðisátt verða þeir að sætta sig við ýmsa utanaðkomandi gagnrýni, rétt eins og önnur ríki. Það er stöðugt verið að raða ríkjum eftir því hvernig gengur á ýmsum sviðum, hvernig ástandið sé í einstökum málaflokkum á mælikvarða alþjóðastofnana. Ef Rússar taka þátt í starfi þeirra verða þeir að taka mið af áliti sérfræðinga þeirra.*

Á tímum kalda stríðsins ráku stórveldin gífurlega umfangsmikla njósnastarfsemi og það er langt í frá að njósnastarfsemi sé hætt og á það við báða aðila. Í Rússlandi og ekki síður í Bandaríkjunum og reyndar flest öllum löndum er enn rekin umfangsmikil njósnastarfsemi og milljörðum króna varið til leyniþjónustustofnana þessara landa ár hvert. CIA-málið er gott dæmi um það.

Í Rússlandi er því haldið fram að njósnir séu stundaðar í skjóli ýmissa alþjóðasamtaka sem reka þar starfsemi. Rússar halda því fram að þau vinni kerfisbundið að því að grafa undan rússnesku samfélagi og þess vegna sé verið að setja fastar reglur um starfsemi þeirra. Sem dæmi um hve Rússum er mikil alvara í þessu máli var viðtal við yfirmann leyniþjónustunnar þar í landi um frumvarpið þar sem hann lýsti þörfinni á því. Þá sendi Pútín Rússlandsforseti frá sér yfirlýsingu um það fyrir helgi til að undirstrika mikilvægi málsins.

Í vestrænum fjölmiðlum er því haldið fram að stjórnvöld í Moskvu óttist að það sama gerist þar og í mörgum nágrannaríkjunum eins og Úkraínu, svo dæmi sé nefnt, þar sem fólkið tók völdin ef svo má að orði komast. Þeir óttast sem sagt appelsínugula byltingu í Rússlandi.

Fyrst Rússar hafa á annað borð snúið sér í lýðræðisátt verða þeir að sætta sig við ýmsa utanaðkomandi gagnrýni, rétt eins og önnur ríki. Það er stöðugt verið að raða ríkjum eftir því hvernig gengur á ýmsum sviðum, hvernig ástandið er í einstökum málaflokkum á mælikvarða alþjóðastofnana. Ef Rússar taka þátt í starfinu verða þeir að taka mið af áliti sérfræðinga þeirra. Ef þeir hins vegar hafa staðfestan grun um að erlend ríki séu að grafa undan þjóðfélaginu í skjóli alþjóðastofnana hafa þeir hingað til haft lag á því að losa sig við viðkomandi úr landi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Engin viðbrögð**
Væntanlegir keppinautar Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra um oddvitasæti borgarstjórnarlista Samfylkingarinnar, Stefán Jón Hafstein og Dagur B. Eggertsson, hafa ekkert látið eftir sér hafa um það óvænta útspil hennar að stórhækka laun láglaunafólks og kvennastétta borgarinnar nú í aðdraganda prófkjörs og kosninga. Getur það þó sett strik í reikninginn varðandi áform þeirra að fella hana úr forystusætinu og setjast þar sjálfir. Ef vefsíður þeirra félaga eru heimsóttar kemur í ljós að Dagur hefur ekki stungið niður penna í heilt ár; síðasta grein hans á dagur.is er frá því í desember 2004. Stefán Jón virðist líka vera með hugann annars staðar.

**Í uppnámi**
Sveitarstjórnarmenn víða um land virðast hins vegar í miklu uppnámi vegna launahækkana Steinunnar Valdísar, sem sumir kalla kosningavíxil. Þeir óttast keðjuverkandi áhrif og telja að búið sé að eyðileggja samstöðu sveitarfélaga í launamálum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Á Alþingi er það helst Einar Oddur Kristjánsson sem heldur uppi gagnrýni enda varaformaður fjárlaganefndar sem þarf að hafa áhyggjur af jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Honum finnst að engin innistæða sé fyrir hækkuninni og telur hættu á að nú komi aðrar stéttir í kjölfarið með kröfugerð (eins og raunin er) og þá fari verðbólgan á fullt skrið.

**Til varnar**
Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, kemur borgarstjóra til varnar á vefsíðu sinni í gær. „Á góðum stundum talar meira að segja íhaldið um að betur þurfi að gera við undirstöðustéttirnar sem lægstu launin hafa. Láglaunakonurnar í erfiðisstörfunum sem annast um börnin og gamla fólkið fyrir einn tuttugasta af mánaðarlaunum ofurlaunaliðsins og hálaunaaðalsins í landinu. Um leið er það aðdáunarvert og ber kjarki og hugsjónum Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra gott vitni að hafa ráðist í þetta þjóðþrifaverkefni," skrifar hann. Og bætir við: „Steinunn Valdís, þetta var glæsilegt hjá þér."



**gm@frettabladid.is**

## Skólar eru ekki framleiðslufyrirtæki

UMRÆÐAN
STYTTING FRAMHALDSSKÓLANÁMS



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Sú mikla umræða, sem átt hefur sér stað um skólamál að undanförnu, hlýtur að gleðja skólafólk. Þótt sitt sýnist hverjum, ekki síst um þá ákvörðun menntamálaráðherra að stytta framhaldsskólann um eitt ár, hljótum við öll að fagna umræðunni og þeim einlæga áhuga almennings og ráðamanna, sem birtist dag frá degi.

Skólafólk hefur stundum saknað áhuga á málefnum skólans en undan slíku verður ekki kvartað þessa dagana. Auðvitað er eðlilegt að allir hafi áhuga og skoðun á skólamálum. Hver einasti íbúi þessa lands á rétt á tíu ára skólagöngu og flestir stunda mun lengra skólanám, allt frá leikskóla upp í mislangt framhaldsnám. Flestir verða síðan foreldrar skólabarna og að lokum afar og ömmur annarra skólabarna. Þannig er skólinn stór hluti af lífi okkar sem hér búum.

Augljóslega viljum við hafa það þannig. Mikil áhersla er lögð á skólagöngu, grunnskólaskylda er tíu ár og leynt og ljóst beinum við unglingunum í framhaldsnám af einhverjum toga. Það er svo önnur saga, og að nokkru leyti dapurlegri, að áherslan er nær eingöngu á bóklegt nám á meðan starfstengt nám og verklegt mætir afgangi. Við höfum þó rætt um og talað fyrir aukinni áherslu á verklegt nám í a.m.k. 30 ár og vafalaust hefur sú umræða skilað einhverju. Þó finnst mér að nokkru leyti enn meiri áhersla á bóklegt nám nú en fyrir 30 árum. Ástæður eru sjálfsagt fjölmargar en kannski ekki síst sú að verklega kennsla er dýr, kostar stærra og meira húsnæði en sú bóklega, fleiri verkfæri og ýmislegt fleira, þannig að hver nemandi í verklegu námi er yfirleitt dýrari en hver nemandi í bóklegu námi.

Stytting framhaldsskólans hefur verið helsta umræðuefnið að undanförnu og sitt sýnist hverjum, ekki síst skólafólki. Lesa mátti áhugavert viðtal við menntamálaráðherra í einu helgarblaðanna, þar sem færð eru fyrir því nokkur rök að við séum að bruðla með tímann í skólakerfinu og notum alltof margar stundir til undirbúnings stúdentsprófi, mun fleiri en nágrannar okkar. Fleiri hafa tekið í sama streng. En þar með er ekki öll sagan sögð og nemendur og kennarar tækju seint undir að bruðlað sé með tímann í skólum landsins. Nefna má að íslenskir námsmenn sem halda til framhaldsnáms í Bandaríkjunum sleppa nú almennt eins árs fornámi. Með styttingu framhaldsskólans hlýtur það að breytast. Íslenskir skólar hafa á sér gott orð í Evrópu (og sjálfsagt víðar) fyrir breidd og fjölbreytni í námsframboði. Stytting kann að bitna á þessu orðspori. Það má líka nefna að Danir eru nú að breyta skólakerfinu sínu, þannig að skólaskylda í grunnskóla verður tíu ár og framhaldsskólinn verður fjögur ár. Sú ákvörðun danska menntamálaráðherrans er að vísu býsna umdeild, ekki síður en ákvörðun íslenska menntamálaráðherrans að stytta framhaldsskólann.

*Það sem ergir þó mest í þessari umræðu allri er sú fullyrðing menntamálaráðherra að styttingframhaldsskólans sé ekki gerð í sparnaðarskyni.*

Það sem ergir þó mest í þessari umræðu allri er sú fullyrðing menntamálaráðherra að stytting framhaldsskólans sé ekki gerð í sparnaðarskyni. Auðvitað sparar ríkið með því að stytta framhaldsskólann um eitt ár af fjórum eða um 25 prósent. Stúdentarnir verða framleiddir á styttri tíma, það eykur hagræðingu og bætir afkomu. Það vita þeir sem reka framleiðslufyrirtæki af einhverjum toga. Gallinn er bara sá að skólar eru ekki framleiðslufyrirtæki eins og ítrekað hefur verið bent á. Vissulega komast nemendur æri fyrr inn á vinnumarkaðinn til að afla tekna og leggja þar með sitt af mörkum til hagkerfisins eða geta notað þetta ár til að kanna heiminn. En til hvers að stefna öllum í þriggja ára framhaldsskólanám þegar það er nú þegar í boði fyrir þá sem vilja? Ég hef fylgst með fjölmörgum unglingum ljúka framhaldsskólanámi á þremur árum og jafnvel skemmri tíma og öðrum sem taka til þess fjögur til fimm ár. Kannski er þessi valkostur einn helsti styrkleiki skólakerfisins í dag. Fjálglega er rætt um einstaklingsmiðað nám og þótt deilt sé um hvað það merki í raun eru þó flestir sammála um að valfrelsi einstaklingsins er mikilvægur þáttur þar í, ekki síst valfrelsi um námshraða.

Menntamálaráðherra vill auka kennslu í grunnskólanum og bendir á lengingu hans á undanförnum árum í því samhengi. Kennarar muna vel umræðuna um útinám, vettvangsferðir og ýmislegt fleira sem kostur gæfist á með því að byrja fyrr og hætta síðar. Í þessu ísaköldu landi gæfist nú kostur á að nýta milt haust og ljúfa sumarbyrjun til útiveru með nemendum. Sá draumur hefur ekki ræst nema að litlu leyti og strandar ekki á áhuga kennara heldur fjárskorti. Það er auðvitað hægt að fara með nemendur út í næsta nágrenni hvers skóla fótgangandi og gera margt spennandi og áhugavert en í þéttbýli eru þó slíkum verkefnum nokkrar skorður settar. Og hver rútuferð kostar peninga. Kannski menntamálaráðuneyti fáist til að verja þeim peningum, sem sparast með styttingu framhaldsskólans, til aukinnar fjölbreytni í grunnskólastarfinu. Gallinn bara er sá að ríkið sparar en sveitarfélögin borga brúsann. Hugmyndir ráðherra um tilflutning námsefnis úr framhaldsskóla í grunnskóla hlýtur að kosta þá síðarnefndu peninga og þá kemur til kasta sveitarfélaganna en ekki ríkisins.


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




EmiratesCrown/SkyGardens/Tabloid FPg/Dec.'05

# Íbúaþingið á Akureyri talaði skýrt

**UMRÆÐAN**
SKIPULAGSMÁL Á AKUREYRI



RAGNAR SVERRISSON

Í margrómuðum niðurstöðum íbúaþings á Akureyri á síðasta ári er þetta m.a. sagt um nýtingu íþróttavallarins: „Áhugi hefur verið á því að nýta völlinn fyrir íbúðarbyggð eða matvöruverslun ef svo færi að íþróttaaðstaða yrði byggð upp annars staðar.“ Ennfremur: „Mikil áhersla var lögð á það að í miðbænum væri matvöruverslun sem gæti haft mikilvægt aðdráttarafl fyrir fólk og aðrar verslanir. Ljóst er að eigendur Hagkaupsverslunarinnar á Oddeyrinni vilja færa þá verslun nær miðbænum en henni hefur ekki verið valinn endanlegur staður. Þrír staðir hafa helst komið til greina, annars vegar svæði Íþróttavallarins, ef hann víkur, eða þá spilda frá honum milli Brekkugötu og Hólabrautar, eða í þriðja lagi óbyggður reitur milli Skipagötu og Glerárgötu.“

Af þessu er auðvitað kristaltært að íbúaþingið ákveðið á, að ef íþróttavöllurinn yrði lagður niður, væri eðlilegt að fyrirtæki eins og Hagkaup yrði boðið að skoða útfærslu á verslun á eða við svæðið. Það er því sérkennilegt að Kristján Júlíusson bæjarstjóri og Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, skipulagsfræðingur hjá Alta, skuli bregðast neikvætt við útfærslu Haga sem rekur Hagkaup á þessari hugmynd íbúaþingsins sem birtist í Morgunblaðinu 8. desember.

Auðvitað er eðlilegt að mönnum þyki tillagan ýmist góð eða slæm eða jafnvel að útfæra megi hana betur. Hitt er öllu verra að reyna að slá hana kalda á þeim forsendum að yfirsýn skorti án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt. Klykkja svo út með því að hún sé ekki í samræmi við vilja íbúanna sem er einfaldlega rangt - sbr. ofangreindar niðurstöður íbúaþingsins.

Þetta kalla ég dæmalausa neikvæðni gagnvart fyrirtæki sem vill fjárfesta hér á Akureyri fyrir hundruð milljóna króna og efla verslun og viðskipti og leggja með því mikið fram til eflingar atvinnulífsins sem ekki er vanþörf á. Nær hefði verið að kalla þá snarlega til skrafs og ráðagerða og skoða kosti og galla tillagna þeirra.

Varðandi þá viðbáru að ekki sé hægt að ræða málið á grundvelli tillagna þeirra Hagkaupsmanna vegna þess að verðlaunatillögurnar hefðu ekki gert ráð fyrir verslun á íþróttasvæðinu er þetta að segja: Íbúar bæjarins mótuðu stefnuna í máli þessu á fjölmennu íbúaþingi. Hún var hrein og skýr eins og áður hefur komið fram. Það var því hlutverk stýrihópsins að vega og meta verðlaunatillögurnar og raða þeim saman eins og mósaikmynd þannig að úr yrði heildstæð miðbæjarmynd í samræmi við þann vilja sem birtist í niðurstöðum margumrædds þings.Það er því ekki við hæfi að bregðast við hugmyndum um nýja Hagkaupsverslun með innantómu orðaskaki og flótta frá kjarna málsins rétt eins og við höfum ekki sjálfstæðan vilja í þessum efnum.

Fyrir alla muni tökum öllum vel sem vilja fjárfesta í bænum okkar og vegum framlag þeirra málefnalega því þannig getum við stuðlað að þeirri framfarasókn sem við viljum öll sjá.

*Höfundur er kaupmaður og talsmaður Akureyrar í öndvegi.*

# *Sendibréf frá Seyðisfirði*

**UMRÆÐAN**
LANDSBYGGÐIN

KARÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR

*Það á að leggja niður Reykjavíkurflugvöll, lífæð landsbyggðarinnar. Við erum svo hógvær að okkur dettur ekki í hug að stóru sjúkrahúsin séu annarsstaðar en í Reykjavík ef hægt er að tryggja örugga leið til að komast þangað.*

Það fer leiftur um skjáinn þegar kveikt er á sjónvarpinu. Einhver óþolinmóður að skjóta upp fyrstu áramótaeldflaugunum. En þó. Það getur ekki verið því það er nóvember ennþá. En auðvitað er þetta vitleysa. Þetta eru fyrstu leiftrin frá nýrri sjónvarpsstöð.

Úti á landsbyggðinni erum við vön að fá aðeins reykinn af fréttunum, þegar talað er um fjölmiðla.

Stöð 2 hefur um árabil sent út myndir sem ná ekki út fyrir Reykjavíkursvæðið en nú bætist við sérstök fréttastöð, NFS, sem sendir út alla daga til 12 á miðnætti. Hún sækir fréttir út um allan heim og nú er tekið á hlutunum jafnvel áður en þeir gerast. Engin amerísk lágkúra.

Við sjáum aðeins inn í stóra og glæsilega fréttastofu, og fjölda fólks sem labbar fram og aftur að taka saman afrakstur vinnu sinnar.

Veðrið kemur á hálftíma fresti og Siggi stormur lýsir stöðu hæða og lægða. Því fylgja allskonar vísindi um þetta óskiljanlega fyrirbrigði. Er þetta ekki eitthvað sem áhorfendur utan Reykjavíkursvæðisins þurfa að fylgjast með?

**Sjúkrabíll okkar er flugvél**

Okkur dettur ekki í hug að það sé sangjarnt að við fáum til okkar alla ljósvakamiðla. Sem eru orðnir svo margir að það er í raun vonlaust að litla landsbyggðin geti meðtekið þá.

En það er sitthvað fleira sem vekur umhugsun. Bankarnir senda út um hver einustu mánaðamót afkomutölur og framtíðarspár og við heyrum sífellt hærri tölur. Við heyrum um útrás athafnamanna sem oftar en ekki fara út fyrir landsteinana að sækja stóru bitana. Þeir leita í sjóði bankanna og gróðinn nær langt yfir þær tölur sem almúgamaður getur látið sig dreyma um.

En vita menn að þegar byggja þarf íbúðir á landsbyggðinnni er ekki hægt að sækja stóru lánin eins og borgarbúar geta gert. Athafnamenn utan höfuðborgarinnar fá einnig neitun hjá bönkunum þegar þeir ætla að koma upp rekstri í heimabyggð sinni. Útgerðamenn berjast í bökkum við að halda uppi rekstri vegna peningastefnu Seðlabankans og ríkisstjórnin sér ekki ástæðu til að taka á þeim málum. Hún telur sjálfsagt að sækja atkvæði til þessara manna þegar kemur að kosningum. Það dettur engum í hug annað en það sé nægilegt að klappa á kollinn á fólkinu.

Er ekki kominn tími til að landsbyggðarfólk sameininst og geri kröfur eins og aðrir. Muna að manneskjan á alltaf að vera í fyrirrúmi. Það gleymist. Síminn segir upp fólki og dregur úr þjónustu. Bankarnir loka útibúum úti á landi vegna óhagstæðs reksturs. Gróðinn verður að fara í eitthvað annað. Það á að leggja niður Reykjavíkurflugvöll, lífæð landsbyggðarinnar. Við erum svo hógvær að okkur dettur ekki í hug að stóru sjúkrahúsin séu annarsstaðar en í Reykjavík ef hægt er að tryggja örugga leið til að komast þangað.

**Staður vekur sköpunargleði**

Meðan ég krota þessar línur er ég að gefa nýju stöðinni auga sem af miskunn sinni leyfir okkur að skoða það helsta sem heimsbyggðin hefur uppá að bjóða. Þá er klippt áður en aðalefnið, sem búið var að kynna, fer í loftið og glæstar vonir birtast á skjánum.

Ég kveikti á ríkissjónvarpinu þar sem verið er að sýna af lífshlaupi Dieters Roth sem hefur langdvölum dvalist hér á Seyðisfirði.

Björn sonur hans sagði að eftir erilsamt líf hefði hann fundið frið frá erli heimsins hér á Seyðisfirði. Þaðan er stutt í umheiminn og stórborgir heimsins sem hafa mótað hann.

Seyðisfjörður er sérstakur. Há fjöllin, kyrrðin og heitu sumardagarnir er staður sem listamenn sækja til. Þar er heimur sköpunarinnar.

En við megum ekki gleyma því að bera höfuðið hátt og gera kröfu til þeirra sem vilja valta yfir okkur. Á landsbyggðinni er fólk sem þarf að standa fast á sínum rétti. Þar skiptir máli að vera eða vera ekki maður.

*Höfundur er eldri borgari og fyrrverandi fréttaritari.*



**AF NETINU**

**Pinter og Nóbelinn**

Þegar menn taka að telja, fyrst sjálfum sér og svo öðrum, trú um að framganga Bandaríkjamanna og Sovétstjórnarinnar hafi verið sambærileg, þá er umræðan komin á undarlegt stig. Að slíkur málflutningur sé notaður til þess að þakka fyrir Nóbelsverðlaun í bókmenntum er svo sérstakur handleggur.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is.**

**Helg eru jól**

Nýjasta uppþot bókstafstrúarfólksins varð vegna jólakorta Bandaríkjaforseta en þar var Jesú Krists að engu getið. Að vísu hefur það líka verið þannig undanfarin 12 ár, að minnsta kosti, en það virðist ekki hafa truflað nefndan hóp fyrr en nú. William Donohue, formaður samtakanna Catholic League for Religious and Civil Rights, segir að ríkisstjórn George W. Bush hafi nú misst baráttuþrekið og gefið sig á vald þess versta í bandarískri menningu.

**Steinþór Heiðarsson á murinn.is.**

**Voru Gunnar og Njáll kratar?**

Þegar ég les Íslendingasögurnar og velti fyrir mér fortíð minnar eigin þjóðar, minnar eigin stofnunar, Alþingis, sem hefur engu síður en kirkjan verið burðarás í samfélaginu frá árdögum þess, þá kemst ég aftur og aftur að þeirri niðurstöðu, að þessi kristnu gildi, sem eru líka rauðir þræðir í stefnu jafnaðarmanna, áttu stóran þátt í því að þjóðin lifði af hörmungar miðaldanna.

Þetta skildu forfeður okkar svo vel að þeir byggðu fyrstu stjórnsýsluna utan um þessi gildi. Hrepparnir, stjórnsýslueining þjóðveldisins, voru bókstaflega búnir til í kringum framfærsluskylduna. Þeir voru í reynd ekkert annað en formlegur rammi utan um þessi kristnu gildi samhjálpar og samvinnu.

**Össur Skarphéðinsson á hexia.net/roller/page/ossur.**




Hörðu pakkarnir fást hjá

Jólagjafa-BLAÐ

# Tæknival

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www taeknival is

öflugir pakkar!

## FARTÖLVUR

### Fujitsu Siemens Amilo Pro V2040 PM-1.73

VFY:APED2040-761DK

Amilo Pro fartölvan sameinar hagstætt verð og nýjustu tæknina. Ein með öllu á verði fyrir alla.

Pentium M M740 1.73GHz 2MB
512MB DDR2 minni (Mest 1,25GB)
60 GB S-ATA diskur
15.1" TFT XGA (1024 x 768)
Intel GMA 900 skjástýring
DVD±RW skrifari
3-in-1 minniskortalesari
10/100/1000 LAN og V.92 mótald
54Mbps þráðlaust netstýring
VGA, TV-OUT
4x USB 2.0, FireWire, hljóð inn/út
Realtek hljóðstýring og víðóma hátalarar
332 x 273 x 37 mm, 2.8 kg
Rafhlöðuending allt að 5 klst
Windows XP Professional
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

**TILBOÐSVERÐ:**
**124.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**10.924 kr. á mán.**

**Þegar þú kaupir Fujitsu Siemens tryggjum við:**
- öflugan og áreiðanlegan búnað
- einhverja lægstu bilanatíðni sem þekki
- afbragðs þjónustu Tæknivals




## BORÐTÖLVUR

### Fujitsu Siemens Scaleo P

LKN:DAN-889221-058

Scaleo P er sannkallaður gæðagripur á alveg ótrúlega góðu verði. Tölvan kemur ríkulega búin af aukabúnaði með allt heimilisfólkið í huga. Gott hljóðkort og öflugt skjákort tryggir yngstu kynslóðinni að spila uppáhalds leikina sína. Hægt er að afrita DVD diska án vandræða og svo er að sjálfsögðu hægt að vinna alla skjalavinnu með Microsoft Works pakkanum. Tölvunni fylgir einnig mjög góður öryggishugbúnaður.

Intel® Celeron® 3.06Ghz
512MB DDR minni
200GB 7200sn. diskur
ATI RADEON X600SE 256MB TV-Out
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
6 rása hljóðstýring
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works 8
Norton Internet Security (3 mánaða)
Nero Express 6
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

**TILBOÐSVERÐ:**
**79.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**7.042 kr. á mán.**



### Fujitsu Siemens Scaleo T

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

LKN:DAN-890300-041

Scaleo T er alveg hreint frábær heimilisvél. Ekkert mál er að spila alla nýjustu leikina með öflugum örgjörva og háhraða skjákorti. Tölvan kemur einni með gríðamiklu vinnsluminni og stórum hörðum disk. Þessi er tilbúin í hvað sem er!

AMD Athlon™ 64 3800+
1GB DDR minni
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI RADEON X700SE 256MB PCIe
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort,
Þráðlaust netspjald 54 Mbps
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
6 rása hljóðstýring
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works 8.0
Norton Internet Security,
Nero Express 6, WinDVD
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

**TILBOÐSVERÐ:**
**109.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**9.630 kr. á mán.**



SJÁ FLEIRI TÖLVUTILBOÐ Á BAKSÍÐU JÓLAGJAFABLAÐS TÆKNIVALS.
TÆKNIVAL HEFUR OPNAÐ VEFVERSLUN. KÍKTU Í HEIMSÓKN Á WWW.TAEKNIVAL.IS OG KYNNTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ.

# HÁTALARAR

## Logitech Z-2300 hátalarar
970118-0914



TILBOÐSVERÐ:
**24.900 kr.**

## Logitech X-230 hátalarar
970123-0914



TILBOÐSVERÐ:
**6.990 kr.**

# PRENTARAR

## Epson Stylus Photo R220
C11C626031CN

Glænýr prentari frá Epson. Frábær heimilisprentari sem prentar ljósmyndir í hæstu gæðum og prentar einnig beint á geilsadiska.

5760 x 1440 punkta upplausn
15 bls á mín svart/lit
Ljósmynd 36 sek
6 stök hylki lágmarka blekkostnað
USB 2.0 tengdur
Direct Print og PrintBridge
Prentar jaðarlaust á A4
Prentar beint á geisladiska

TILBOÐSVERÐ:
**9.990 kr.**



# Margföld gleði

# DVD SKRIFARAR

## Lacie DVD ± RW USB skrifari
300819EK

Dual Layer
USB2.0 tengdı
Mjög þunnur



TILBOÐSVERÐ:
**17.990 kr.**

## NEC DVD ± R/RW 16x8x16
NEC3550RET-BG

Litir: Svart eða hvítt
Dual Layer
2MB Cache
Skrifarahugbúnaður fylgir með



TILBOÐSVERÐ:
**5.990 kr.**

# HARÐIR DISKAR

## Lacie 250GB utanáliggjandi diskur
300728EK

USB2.0 tengdur
7200RPM



TILBOÐSVERÐ:
**14.990 kr.**

## Lacie 80GB Mobile diskur
300804

USB2.0 tengdur
7200RPM
Mjög fyrirferðarlítill



TILBOÐSVERÐ:
**14.990 kr.**

## 160GB Harður diskur
WD1600JB

8MB Cache
7200RPM



TILBOÐSVERÐ:
**7.990 kr.**

# MULTIMEDIA SPILARAR

## Inovix MP3 spilari
IMP65-1024

1GB minni
FM útvarp
Diktafónn
8 tíma rafhlöðuending



TILBOÐSVERÐ:
**13.900 kr.**

## Creative Zen Micro MP3 spilari
70PF108500035

Silfurlitur
6GB harður diskur
FM útvarp
Diktafónn
USB 2.0 tengdur
LCD skjár
hleðslurafhlaða
12 tíma rafhlöðuending



TILBOÐSVERÐ:
**29.900 kr.**

## Sarotech 3.5 DivX spilari
DVP-355

Multimedia Spilari
Spilar kvikmyndir & tónlist
Tekur IDE disk (fylgir ekki)
USB2.0 tengi
Composite, S-Video tengi
Digital 5.1 hljóðútgangur
Taska, fjarstýring og kaplar



TILBOÐSVERÐ:
**13.990 kr.**

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| Reykjavík 11.13 | 13.22 | 15.31 |
| Akureyri 11.27 | 13.07 | 14.46 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

heilsa o.fl.

**REYÐARFJÖRÐUR**
Ný líkamsræktarstöð
bls. 3



**FRIÐRIK V**
Jólamatur
bls. 4



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
Í dag er þriðjudagurinn 13. desember, 37. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**
**Keypt & selt**
**Þjónusta**
**Heilsa**
**Skólar & námskeið**
**Heimilið**
**Tómstundir & ferðir**
**Húsnæði**
**Atvinna**
**Tilkynningar**

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Guðrún fær stundum lánaða hunda til að fara með í labbitúra og hér er hún með góðri vinkonu sinni, tíkinni Mjöll.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ HEILSA - JÓL ]**



**Rannsókn** sem nemendur við Háskólann í Reykjavík gerðu sýnir að viðhorf gesta, eigenda og starfsfólks veitingahúsa og skemmtistaða til þess að banna algerlega reykingar á þessum stöðum er mjög jákvætt. Samkvæmt rannsókninni eru þeir fáir sem telja sig síður mundu sækja slíka staði ef reykingar væru bannaðar þar.

**Lýðheilsustöð** er í samstarfi við sveitarfélögin í landinu að dreifa seglum með geðorðunum tíu inn á öll heimili í landinu. Lýðheilsustöð lét framleiða seglana en sveitarfélögin sjá um dreifinguna. Geðræktardagurinn var 10. október og síðan þá hafa geðorðin verið kynnt markvisst. Meðal annars var veggspjöldum með geðorðunum dreift víða um land.

**Margar verslanir** eru nú opnar lengur á kvöldin þar sem jólin nálgast og annríkið er mikið. Það getur oft verið ágætt að kaupa jólagjafir í rólegheitunum á kvöldin þegar mesta ösin er búin.

**Verum kurteis** við afgreiðslufólkið sem leggur það á sig að vinna til 22.00 svo við getum verslað þegar okkur hentar. Mörg þeirra eru búin að standa vaktina í 12 tíma svo látum ekki slæman dag hjá okkur bitna á þeim. Ef þau brosa ekki, gefum þeim þá ástæðu til að brosa.



**Stúfur** kom í nótt og færði öllum þægum börnum eitthvað gott í skóinn eins og Stekkjastaur gerði í fyrrinótt. Næstu nætur er síðan von á öllum bræðrum þeirra svo það er betra fyrir börnin að halda áfram að vera þæg og góð.

**Jólarokkið** lifir í góðu lífi í Hellinum, Tólistaþróunarmiðstöðinni að Hólmaslóð 2. Þar verða haldnir rokktónleikar 15., 16., 17. og 21. desember. Þar gefst príðis tækifæri að sjá hvað yngsta kynslóðin er að gera í tónlistinni. Áhugasömum er bennt á vefslóðina www.tonaslod.is.

# Göngutúr með hundinn er málið

***Guðrún Heimisdóttir hefur styrkt líkamsræktarstöðvarnar dyggilega gegnum tíðina en draumurinn er alltaf að eignast gönguferðafélaga sem heldur henni við efnið.***

„Ég hef lengi verið styrktaraðili líkamsræktarstöðvanna og keypt mér kort en aldrei verið nógu dugleg að nota þau," segir Guðrún Heimisdóttir, betur þekkt sem Gæludýra-Guðrún. „Jú, maður byrjar af fullum krafti fyrst, smám saman verður þetta hálftjásulegt hjá manni og svo festist kortið í veskinu og maður gleymir því, einhvernveginn. Ég hef reyndar ekki alltaf verið svona, einu sinni var ég algjör eróbikksjúklingur og flaug um inni á stöðvunum en sá tími er löngu liðinn."

Guðrún er nýflutt á Ljósvallagötuna í eigin íbúð sem hún og kærastinn hennar gerðu upp. „Og nú get ég ekki lengur verið að kasta peningum út um gluggann heldur hef nóg annað við þá að gera en gefa líkamsræktarstöðvunum þá, þannig að ég ákvað að fara að labba í staðinn. Ég er í Háskólanum og labba þangað á hverjum degi og það er ólýsanlega gott að fara út og fá sér ferskt loft. Og ég held að ferskt loft sé lausnin á mörgum kvillum. Ef maður er til dæmis í prófum og mjög þreyttur er alveg málið að fá sér smá göngutúr."

Guðrún notar líka ýmis önnur tækifæri til ókeypis líkamsræktar. „Svo fer maður auðvitað út að tjútta öðru hvoru og ég er þannig að ég dansa frá mér allt vit þegar ég fer út að skemmta mér og kem heim sveitt." En Guðrún ætlar sér að snúa við blaðinu. „Eins og sannur Íslendingur mun ég strengja mitt áramótaheit og ætla að koma mér í form á nýju ári. Kærastinn minn er þegar búinn að kaupa sér kort svo ég hef félaga til að fara með eftir áramótin." En ótalin er uppáhaldslíkamsræktin sem sameinar ferskt loft, göngur og helsta áhugamálið sem eru dýrin.

„Nýja íbúðin okkar er á þriðju hæð og þar er ekki aðstaða til að vera með dýr, því miður, en um leið og við komumst í húsnæði til þess ætlum við að fá okkur hund. Og þá byrjar líkamsræktin fyrir alvöru. Þá hefur maður enga afsökun því þá er alltaf einhver sem bíður eftir því að maður fari út með hann og þarf á því að halda.

Ég hugsa að labrador eða husky verði fyrir valinu, stór hundur sem þarf sína líkamsrækt og ekkert múður. Af og til fæ ég lánuð dýr til að fara út með í gönguferðir og það er alveg frábært og besta líkamsrækt sem ég get hugsað mér."

*brynhildurb@frettabladid.is*





**Megrun**
gengur betur ef markmiðin eru raunhæf. Það er ólíklegt að einhverjum takist að missa tugi kílóa fyrir jól héðan af, en það er kannski hægt að ná tveimur til þremur í burtu svo jólafötin passi betur.


Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Frábært fjölvítamín með spírolínu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

ÞÚ GEFUR NÁTTÚRULEGA ÞAÐ BESTA
FRESH HANDMADE COSMETICS
LUSH
LAUGAVEGI – 552 2030
KRINGLUNNI – 553 2002
JÓLA-DEKURPAKKAR – ÓTAL STÆRÐIR OG GERÐIR
HLÝLEGAR GJAFIR FYRIR DÖMUR OG HERRA FRÁ KR 1.296,-




Blóðbankinn er með um áttat´´iu manns á skrá sem blóðflögugjafa og kallar í þá eftir þörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Blóðflögugjafar eru gulls ígildi

***Blóðbankinn greinir allt blóð sem hann fær í þrjá hluta, rauð blóðkorn, blóðflögur og blóðvökva. Með sérstakri tækni getur hann nú líka tekið á móti hverri tegund fyrir sig.***

„Þótt flestir blóðgjafar gefi heilblóð er bankinn líka með fólk á skrá sem hann kallar í ef hann vantar annað hvort rauð blóðkorn eða blóðflögur af sérstökum flokkum. Til dæmis eru áttatíu blóðflögugjafar á skrá,“ segir Sigríður Lárusdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Blóðbankanum. Hún segir blóðflögurnar mikið gefnar krabbameinssjúklingum og ýmsum sem stríða við blæðingar en þær séu mjög viðkvæmar og líftími þeirra ekki nema fimm sólarhringar. Til að eiga alltaf nóg af þessu eðalefni þurfi Blóðbankinn að safna því sérstaklega og fái þá meira magn af því úr hverjum og einum. „Það getur þýtt að einn sjúklingur fái blóðflögur úr einum blóðgjafa í stað þriggja,“ segir hún og lýsir ferlinu nánar.

„Blóðflögugjafinn er tengdur eins og um venjulega blóðgjöf sé að ræða en blóðið fer í gegnum sérstaka skilvindu þar sem flögurnar eru skildar úr. Síðan fær hann blóðvökvann og rauðu blóðkornin til baka í sama handlegg.“ Hún segir það taka lengri tíma að gefa blóðflögur en heilblóð, allt upp í hálfan annan klukkutíma. Blóðflögugjafar geti líka komið þéttar en hinir, jafnvel á sex vikna fresti. En hvaða skilyrðum skyldu þeir þurfa að fullnægja sem vilja gefa blóðflögur? „Menn verða að vera fullfrískir, lyfjalausir og með góðar æðar. Þeir sem eru að gefa í fyrsta sinn þurfa að vera á aldrinum frá 22 til 45 ára og hafa gefið blóð minnst fimm sinnum. Það eru miklir öðlingar sem leggja leið sína hingað til að gefa úr sér blóð og blóðflögugjafar eru gulls ígildi.“

*gun@frettabladid.is*

# Nýr fæðu- og hreyfihringur

***Nú er Lýðheilsustöð búin að birta nýjan fæðu- og hreyfihring sem leysir þann gamla, sem stuðst hefur verið við á undanförnum árum, af hólmi.***

Samhliða nýjum fæðuhring hefur verið gefinn út hreyfihringur sem er nýjung. Í hreyfihringnum eru gefnar ráðleggingar og hugmyndir um hvernig megi auka hreyfingu í daglegu lífi. Hægt er að fá spjald í ýmsum stærðum með annað hvort hreyfi- eða fæðuhringnum eða spjald í A4-stærð þar sem fæðuhringurinn er á annari hliðinni og hreyfihringurinn á hinni.

Fæðuhringurinn hefur í áranna rás verið notaður við kennslu eða leiðbeiningar um mat og mataræði og verið dreift víða. Lögð hefur verið áhersla á að undirstaða holls mataræðis er að borða fjölbreyttan mat úr öllum fæðuflokum.

Nú hefur bæði nýja fæðu- og hreyfihringnum verið dreift til skóla í landinu og þeir sem hafa áhuga á að panta spjald geta haft samband við Lýðheilsustöð. Nánari upplýsingar er að að finna á vef Lýðheilsustöðvar www.lydheilsustod.is.



Nýr fæðuhringur er kominn út á vegum Lýðheilsustöðvar. Nýja fæðuhringnum fylgir svo hreyfihringur, sem er nýjung.


Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá
Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
IMEDEEN
www.imedeen.com

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

# Hettusóttarfaraldur

***Hettusóttartilfellum hefur fjölgað til muna. Í síðasta tölublaði Farsóttafrétta, sem gefið er út af landlæknisembættinu, er talað um faraldur.***

Það eru einkum einstaklingar fæddir á árunum 1981 til 1985 sem eru í áhættuhópi. Þeir hafa ekki fengið bólusetningu, en hafist var handa við að bólusetja 18 mánaða gömul börn 1989 og 9 ára gömul börn 1994.

Bólusetningin sem um ræðir kallast MMR-bólusetning, en hún er blanda þriggja bóluefna gegn hettusótt, rauðum hundum og mislingum.



Að sögn Þórólfs Guðnasonar hjá Landlæknisembættinu virðast flestir sem fæddust fyrir 1981 hafa fengið sjúkdóminn á barnsaldri og þannig áunnið sér ónæmi. Alls hafa 46 einstaklingar fæddir 1981 til 1985 smitast af hettusótt á árinu en einstaklingar fæddir á þessu tímabili geta leitað til næstu heilsugæslustöðvar og fengið bólusetningu sér að kostnaðarlausu.



# Börn og GSM-símar

***SAFT og Og Vodafone hafa nú í samvinnu gefið út leiðarvísi um ábyrga notkun barna og unglinga á GSM-símum.***

SAFT, samfélag, fjölskylda og tækni, er átak á vegum Heimilis og skóla sem ætlað er að stuðla að jákvæðri og öruggri notkun barna á upplýsingatækni og miðlum tengdum henni.

Það færist sífellt í vöxt að börn hafi aðgang að þessum miðlum og þótti málsaðilum því full nauðsyn á því að gefa út leiðarvísi sem ætlaður er foreldrum og forráðamönnum. Í leiðarvísinum er meðal annars fjallað um heilsu og farsíma, læsingu á 900 númerum og einelti gegnum síma. Bæklinginn er hægt að nálgast í öllum búðum OgVodafone.

## nýtt }

### Kjörið þegar kalt er í veðri

CALENDULA-KULDAKREMIÐ FRÁ WELEDA VER ALLA FJÖLSKYLDUNA.

Nú bítur kuldinn kinnarnar og þá er nauðsynlegt að verja húðina vel. Calendula-kuldakremið frá Weleda er vind- og veðurvörn sem inniheldur ekki vatn og er talið sérlega gott til að verja húðina fyrir veðri og vindum. Kremið hentar allri fjölskyldunni, jafnt börnum sem fullorðnum, og má bera á alla þá staði á líkamanum sem ekki eru dúðaðir og fara út undir bert loft, svo sem andlit og hendur. Býflugnavax og lanólín verja húðina en möndluolía heldur henni mjúkri og calendula-olían kemur í veg fyrir húðertingu. Weleda eru lífrænar snyrtivörur án allra aukaefna. Calendula-kuldakremið fæst í apótekum og heilsuverslunum um allt land.



Nýja líkamsræktarstöðin var opnuð með mikilli viðhöfn enda er hún vel búin tækjum og hin glæsilegasta.

# Reyðfirðingar komast í form

***Iceland spa & fitness opnar sína fimmtu stöð á Reyðarfirði.***

Iceland spa & fitness opnaði fimmtu stöð sína á Reyðarfirði sunnudaginn 4. desember síðastliðinn. Fyrir rekur ISF Baðhúsið í Reykjavík, Betrunarhúsið í Garðabæ, Sporthúsið í Kópavogi og Þrekhúsið í vesturbæ Reykjavíkur.

Nýja stöðin er til húsa í íþróttahúsinu á Reyðarfirði. Byggð var sér viðbygging við húsið sem Iceland spa & fitness rekur heilsuræktina í og þykir vel hafa tekist til.

Heilsuræktarstöðin er búin tækjum frá Impulse og eru níu upphitunartæki ásamt mjög góðum lyftingatækjum. Iceland spa & fitness kemur einnig til með að bjóða upp á leikfimitíma, spinning og jóga auk þess sem hægt verður að fá einkaþjálfun hjá þjálfurum stöðvarinnar.

Stöðin er opin alla virka daga frá 06.30-21.00 og sunnudaga frá 15.00-18.00 en lokuð á laugardögum.

Viðskiptavinir ISF hafa að sjálfsögðu aðgang að þessari stöð eins og hinum fjórum.

Nánari upplýsingar er að finna á www.isf.is.


RopeYoga í Vesturbæ
Hagamelur 19
Skráningshafin
fyrir árið 2006!!

| Tímar | þrisvar í viku (24.900 ISK) | tvisvar í viku (16.600 ISK) |
|---|---|---|
| 6-7:20 | | mán fim |
| 8-9:20 | mán mið fös | þri fim |
| 17:20-18:40 | mán mið fös | þri fim |
| 19-20:20 | | mán fim |

Námskeiðin hefjast 9 Janúar 2006!
Upplýsingar í síma 694-5595(tatti)

Olivia
Hrein ólífuafurð - Nýkomið til landsins!
Húðsnyrtivörur frá Grikklandi sem unnar eru úr hreinni ólífuolíu og eru notaðar til næringar, lækningar og ekki síst umönnun líkamans.
Ólífuolían inniheldur m.a. mikilvægar fitusýrur og vítamín sem eru ekki aðeins nauðsynlegar húðinni heldur koma í veg fyrir hrörnun, draga úr öldrun, vernda og skila húðinni silkimjúkri.
Vörurnar frá Olivia fást í Hagkaup Smáralind


Veldu PB8
Sterkasti asidófílusinn!

| | |
|---|---|
| PB8 | 14 milljarðar* |
| Solaray Multidolphius 12 | 10 milljarðar* |
| Now 8 Billion | 8 milljarðar* |
| Solgar Multi Billion Dophilus | 5 milljarðar* |
| Kyo-Dophilus Acidophilus 9 | 3 milljarðar* |

*Mjólkursýrugerlar miðað við 1 hylki
Bætir þarmaflóru og meltingu!
Útsölustaðir PB8:
Heilsuhúsið • Árbæjarapótek • Yggdrasill
Maður Lifandi • Laugarnesapótek • Rima Apótek • Apótek Ólafsvíkur
Heilsubúðin Njálsgötu
hausverk / SÍA

Ný námskeið eru að hefjast
HREYFI LAND

Taktu okkar frábæra tilboði
10 vikur fyrir 8!!
ÍÞRÓTTASKÓLI
... og miklu meira en það!
Við í Hreyfilandi bjóðum upp á: Snillingafimi fyrir börn frá 3-11 mánaða | Hreyfifimi fyrir 1-2 ára börn | GÞ-fimi fyrir 3-5 ára börn
Gjafakort fyrir jólin frá 5000 kr.
HREYFI LAND er fjölskyldu- og barnvæn líkamsræktarstöð síðan 2003
sími: 577 2555 og 899 7255 | 110 Reykjavík | Stangarhyl 7
www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is


allt
markvissar auglýsingar
...um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.
Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“
Síminn er 550-5000

allt tíska
Alla fimmtudaga


Hvernig er mallinn?
ACIDOPHILUS FYRIR BÖRN
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi
KRAFTAVERK



**Jólasveinarnir** eru farnir að gefa í skóinn svo öll börn verða að fara snemma að sofa þessa dagana. Eins og allir vita fá börnin ekki neitt ef þau eru vakandi þegar jólasveinarnir eru á ferðinni.










allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Pipar- og hunangsgrafið hangikjöt.

# Jólaveislur norðan heiða

***Jólaveislur Friðriks V á Akureyri eru frægar fyrir skemmtilegt fyrirkomulag og góðan mat.***

Friðrik V á Akureyri tók upp þá nýbreytni í fyrra að færa jólahlaðborðið á borðin til gestanna. Þá getur hver og einn notið matarinns á þeim hraða sem hann kærir sig um og einnig án þess að þurfa að blanda saman graflaxsósu og hangikjöti. Jólaveislan er á föstudögum og laugardögum fram að jólum en hér kemur uppskrift að einum réttinum, ætluð fyrir fjóra til sex. Uppistaðan er hrátt hangikjöt sem er vel reykt við tað og kveikt upp undir því að minnsta kosti tvisvar. Hann mælir eindregið með norðlensku tvíreyktu hangikjöti, eða svokölluðu húskarlahangikjöti, sauðahangikjöti eða hangikjöti af veturgömlu frá Fjallalambi.



Hangikjötið þarf að vera tvíreykt í þennan rétt.

**Pipar- og hunangsgrafið hangikjöt**

| | |
|---|---|
| 1 | innanlærisvöðvi úr tvíreyktu hangilæri |
| 2 msk. | hunang |
| 2 tsk. | græn piparkorn |
| 2 tsk. | rauð piparkorn |
| 1 tsk. | nýmulinn svartur pipar |
| 1/2 | hunangsmelóna |
| 1 knippi | lolló rossó eða lambhagasalat |
| 2 msk. | söxuð steinselja |
| 1 1/2 dl | sýrður rjómi |
| | salt og pipar |
| | aromat |
| | sítrónusafi |
| 4 msk. | fetaostur |
| 2-3 msk. | sæt sojasósa |

**Aðferð:**

Penslið vöðvann með hunanginu, myljið allan piparinn vel saman og stráið vel á yfirborð vöðvans þannig að piparinn hylji vel. Setjið í loftþétt ílát og geymið í kæliskáp í einn til tvo sólahringa, þá er piparinn skafinn vel utan af kjötinu og það skorið í þunnar sneiðar. Kúlið melónuna eða skerið í jafna teninga, skolið kálið, þerrið vel og rífið gróft niður. Hrærið saman sýrðum rjóma, sítrónusafa og steinselju, smakkið til með salti, pipar og aromati. Setjið salatbrúsk á miðjan disk, raðið hangikjötssneiðunum fallega ofan á, dreifið melónukúlunum og fetaostinum á diskinn og hellið sýrða rjómanum í hring utan um kál- og kjöthólinn, hellið að lokun nokkrum dropum af sojasósu í hring á diskinn.



Marinerað hrátt hangikjöt.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



## jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Stekkjarstaur

*Stekkjarstaur kom fyrstur,*
*stinnur eins og tré.*
*Hann laumaðist í fjárhúsin*
*og lék á bóndans fé.*
*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Stekkjarstaur var bændum til mikilla ama þar sem réðst að sauðfénaði og reyndi að ná mjólkinni úr ánum. Stekkjarstaur er nú hvað þekktastur fyrir langa og mikla staurfætur og hefur löngum verið talinn dálítið klunnalegur. Árás hans á sauðféð gekk því ekki vel þar sem staurfætur hans gerðu honum erfitt um vik. Núna arkar Stekkjarstaur um mannabyggðir og er fljótur í förum enda getur hann tekið stór skref. Stekkjarstaur kom til byggða á aðfaranótt mánudags með fyrstu gjafirnar frá jólasveinunum í ár.



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Giljagaur

*Giljagaur var annar,*
*með gráa hausinn sinn.*
*Hann skreið ofan úr gili*
*og skaust í fjósið inn.*
*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Giljagaur átti það til að fela sig í giljum í nálægð við bóndabæi og njósnaði um vinnuþýið. Þegar tækifærið svo gafst læddist hann inn í fjósið og faldi sig á básunum. Þegar vinnufólkið sá svo ekki til stal hann froðunni ofan af mjólkurfötunum. Eftir að fjósin tækniväddust og mjaltavélar tóku við af mjólkurfötunum reynist erfiðara fyrir Giljagaur að stela mjólkinni. Hann lætur sér því nægja að leika sér í giljunum en er alltaf þakklátur ef mjólkurglas er látið fylgja í gluggakistuna. Gjöfin sem lá í skónum ykkar í morgun var frá honum komin og hafa nú hann og Stekkjarstaur lokið skyldum sínum.




STELLA DESIGN www.stelladesign.is

JÓLAGJAFIR FYRIR FAGURKERA

ÍSLENSK HÖNNUN

epal







Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is

Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Bylting í LCD sjónvörpum VIEWPIA



VIEWPIA 37" LCD
1366x768 upplausn
1200:1 skerpa
600 cd/m2 birta
Tilboðsverð: 199.900,-
2 ÁRA ÁBYRGÐ



VIEWPIA 32" LCD
1366x768 upplausn
1200:1 skerpa
600 cd/m2 birta
Tilboðsverð: 139.900,-
2 ÁRA ÁBYRGÐ



VIEWPIA 42" LCD
1366x768 upplausn
1200:1 skerpa
600 cd/m2 birta
2 ÁRA ÁBYRGÐ
Tilboðsverð: 279.900,-

svar) tækni
SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

Nonni GULL
Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

JÓLAKÚLULEIKUR

Völusteins 2005
Sendu okkur þína jólakúlu og taktu þátt í skemmtilegum leik þar sem veglegar gjafaúttektir frá Völusteini eru í verðlaun.
Skilafrestur er til 15. des
VÖLUSTEINN fyrir fima fingur
Bæjarlind 14 - 16 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is

Heilsuhitapokinn
Ný kynslóð heilsubótar
100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverkjum og önnur eymsl.

JÓLAGJÖFIN Í ÁR
**Sölustaðir**: Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar,Runni studio blóm Galleri Húsgögn, Snyrtistofan Helena Fagra, Snyrtistofan Ásýnd, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtilindin, Eygló snyrtistofa, Heilsutek sunnumörk ,Snyrtistofan Dana Kef, nú einnig á Laugavegi 20.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

# Í loftfimleikum í London á aðfangadagskvöld

***Vesturportarinn Víkingur Kristjánsson, leikari og leikstjóri, er um þessar mundir að leika í Woyzeck en hann er farinn að hlakka til jólanna. Jólin voru ansi sérstök hjá honum í fyrra en þá var hann í London.***

„Við vorum að sýna Rómeó og Júlíu í London og sýndum á aðfangadag, fengum frí á jóladag og sýndum aftur annan í jólum,“ segir Víkingur. „Ég var nú svo heppinn að herbergisfélagi minn og vinur, Ólafur Darri Ólafsson, og kona hans héldu mér jól. Hún kom frá Íslandi með allt sem til þurfti í heilög íslensk jól.“

Víkingur hlakkar til að eyða jólunum nú með fjölskyldu sinni og vinum heima á Íslandi. „Það erfiðasta við jólin síðast var að maður á svo margar góðar jólaminningar sem fjölskyldan er hluti af. Mér þótti nær óhugsandi að halda jól án hennar. Svo er ég líka óttalegur heimapési,“ segir Víkingur.

Þessi jól verða rólegri hjá Víkingi. „Það eru sýningar á Woyzeck 29. og 30. desember en annars fá stórfjölskyldan og börnin mín tvö að eiga mig allan,“ segir Víkingur.


Víkingur Kristjánsson hlakkar til að verja jólunum með fjölskyldunni.


Fallegt jólatré í bílinn.

# Jólaskraut í bílinn

***Jólaskreytingar njóta vaxandi vinsælda meðal bifreiðaeigenda.***

Umferðin er örugglega sá staður þar sem jólapirringurinn fær mest að njóta sín. Fólk þeytist um í jólastressinu og kvartar svo yfir hægfara umferð eða tillitslausum ökuníðingum. Til þess að minna okkur á hinn rétta jólaanda er ekki úr vegi að fá sér smá jólaskraut í bílinn þótt ekki væri nema bara til þess að létta lundina.

Á síðustu árum hefur úrval jólaskrauts í bílinn aukist mjög.

Hægt er að fá margs konar skraut í bílinn eins og til dæmis snjókalla, jólasveina, aðventuljós, ljósaseríur og jólatré. Slík jólaljós í bílinn eru auðveld í uppsetningu og er ljósið einfaldlega tengt við 12V innstungu sem á að vera í flest öllum bílum.

Hjá Bílanaust fengust þær upplýsingar að sala á slíkum ljósum hefði aukist nokkuð á síðustu árum. Alls konar fólk virðist vera að fá sér slík ljós en þá helst ungt fólk. Slík jólaljós eru því kjörin til þess að hressa upp á jólaskapið.


Sætur snjókarl kemur öllum í jólaskap.

## jólaspurningin }

### Ertu byrjuð að kaupa jólagjafir?


Berglind Kristinsdóttir: Já, ég er byrjuð á því.


Kolbrún Ásta Bjarnadóttir: Já.


Sveindís Alexandersdóttir: Já, ég er búin.



Tendruð verða ljós til minningar um látna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stund fyrir syrgjendur

***Þeir sem misst hafa ástvin eru boðnir velkomnir til samveru í Grensáskirkju 14. desember klukkan 20.***

Oft er erfitt að horfa fram til jólahátíðarinnar í skugga ástvinamissis og vita að hún verður öðruvísi en áður.

Samvera fyrir syrgjendur verður í Grensáskirkju miðvikudaginn 14. desember klukkan 20. Markmiðið er að auðvelda þeim að halda jól þó að einn vanti í hópinn. Sungin verða aðventu- og jólalög og ljóðadagskrá verður í umsjón Þórarins Eldjárn. Hugvekju flytur séra Vigfús B. Albertsson og í lokin verða ljós tendruð til minningar um látna ástvini. Túlkað verður á táknmál og boðið upp á kaffi.

Samveran er hluti af eftirfylgd sem syrgjendum er veitt og þau sem standa að henni eru eftirfarandi: Heimahlynning Krabbameinsfélags Íslands, Hjúkrunarþjónustan Karítas, Landspítali - háskólasjúkrahús, Grensáskirkja, prestar og djáknar í sérþjónustu og Biskupsstofa. Samveran er opin öllum aldurshópum.


Við kaup á ALNO® eldhúsinnréttingu

Velur þú þér jólagjöf:



United -LTV27 27"
LCD Breiðtjaldssjónvarp
Verðmæti: kr.79.000,-

eða

Simens TK60001
Expresso kaffivél
Verðmæti: kr.75.054,-



2141 / TAKTÍK 30.11'05

Jólagjöfin afhendist í desember og eldhúsinnréttingin eftir eigin ósk á næsta ári. Tilboðið gildir til 20.desember 2005

Láttu þér líða vel með ALNO®



PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14



JÓLAFÖTIN

merkjavara á 50-80% lægra verði

Herrar

Öll Jakkaföt 12.990
Skyrtur 990
Bindi 590
Skór 1.990

Gallabuxur 1.990
Bolir 990
Peysur 1.990
Úlpur 3.990



Dömur

Dragtir 7.990
Jakkar 3.990
Pils 1.990
Toppar 990

Peysur 1.990
Úlpur 3.990
Gallabuxur 2.990
Bolir 990

Matinique 4YOU STUDIO DIESEL Part Two mia MAO LEVI'S InWear

merki fyrir minna
s. 533 1710
www.ntc.is

OUTLET 10
FAXAFENI 10

opið
mán-fös 11-18
laugardaga 11-18
ath. sunnudag 12-18






**Opnum á ný eftir gagngerar breytingar**

**Verið velkomin í glænýja verslun**

LÁRA GULLSMIÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300


## jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Stúfur

*Stúfur hét sá þriðji,*
*stubburinn sá.*
*Hann krækti sér í pönnu,*
*þegar kostur var á.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Stúfur þótti nokkuð laginn við að stela pönnunum. Hann seildist í þær með litlu fingrunum sínum og hvarf með þær á braut. Best þótti honum ef brenndar leifar voru á pönnunni, þær kroppaði hann af og borðaði með bestu lyst. Ekki er vitað hvort Stúfur stelist enn í pönnurnar en hvort sem svo er eða ekki er Stúfur uppáhald margra og þykir sérlega sætur sökum smæð sinnar. Stúfur kemur til byggða í kvöld og eru því heimilismenn hvattir til að fela pönnur og setja stiga upp að háttliggjandi gluggum.



Kannski er bara fingurbjörg í þessum pakka. Sá eða sú sem pakkaði inn hefur tryggt að erfitt er að geta hvert innihaldið er.

# Vertu fyrirmynd í að pakka inn gjöfunum

Þegar þarf að pakka inn mörgum gjöfum er best að vera skipulagður til að koma í veg fyrir rugling. Auðvelt er að rugla saman hver á að fá hvað ef kortin eru sett strax á pakkana. Ekki viltu að amma gamla fái kynþokkafullu nærfötin sem eiginkonan átti að fá?

Pakkaðu í næði. Lokaðu þig af til að halda forvitnum ástvinum frá. Þú getur sett skilti á hurðina og ritað á það „lokað milli 16 og 17“ eða „haldið ykkur frá“ og skrifað viðeigandi refsingar á skiltið sem taka gildi komi einhver inn.

Reyndu að pakka gjöfinni þannig inn að lögunin gefi ekki til kynna hvað leynist í pakkanum. Það er auðvelt að þekkja kertastjaka eða pönnu eða púða ef pappírnum er vafið þétt upp að hlutnum. Settu gjafirnar í kassa eða rúllaðu pappa utan um þær áður en þú pakkar inn. Þú gætir líka haft kassann tóman og dregið svo gjöfina upp úr vasanum.

Útbúðu ratleik. Það er ekkert eins pirrandi og þurfa að hlaupa um allt hús með jólasteikina í maganum í leit að pakkanum. Fyndnast er að láta viðkomandi leita að vísbendingum í öllum herbergjum hússins og láta pakkann svo vera undir jólatrénu (híhíhí).

Reyndu að pakka ekki öllum gjöfunum eins inn. Miklu skemmtilegra er að nota mismunandi pappír og slaufur. Ekki nema pakkarnir fari undir hver sitt tréð, þá má hafa þá alla eins. Passaðu bara að rugla þeim ekki saman.

Engin ástæða er til að tapa geðheilsunni við innpökkunina. Sýndu fyrirhyggju og rífðu límbandsbúta af rúllunni og límdu á borðbrúnina. Þá þarftu ekki að öskra og skammast yfir því að vera búin(n) að vefja pappírinn um gjöfina sem losnar svo allur í sundur þegar þú teygir þig í límbandsrúlluna.

Og ekki fríka út yfir því að borðarnir krullist ekki rétt. Við höfum öll lent í hremmingum þegar kemur að því að krulla þessa blessuðu borða. Renndu skærunum eftir innri rönd borðans. Ef ekkert gengur má kaupa einfaldar stjörnur eða slaufur með límí sem er bara klesst á pakkann.

Ekki binda puttann fastan í slaufuna. Fáðu hjálparputta ef þú getur. Alls ekki nota tunguna til að halda niðri samskeytunum það gæti farið illa.

Umfram allt, njóttu þín á meðan pökkun stendur. Hitaðu kakó og settu á góða tónlist og sönglaðu með.



Þessi amma fær hrós fyrir fjölbreytni í að pakka inn.















nike
fyrir menn á öllum aldri



nike fæst í
Hagkaup, apótekum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.

Old Luxembourg



Villeroy & Boch
Kringlunni

# A B s . i s

ADALBÍLASALAN STOFNUÐ 1955

Honda CRV Executive 3/2005 ek 9 þ.km,ssk, verð 3,100 þ. Aðalbílasalan 551-7171

Citroen Xsara SX 1600 12/2001 ek 57 þ.km. verð 850 þ. Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 390 Þ. Honda Civic 1.5I V-Tech 2/1997 ek 140 þ.km ssk verð 590 þ Aðalbílasalan 551-7171

Skoda Octavia Combi 9/2000 ek 92 þ.mk,ssk, verð 890 þ.km. Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 285 Þ. Toyota Carina E Gli 2/1994 ek 190 þ.km,ssk verð 400 þ. Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 780 þ. Honda CRV Rvi '98 árg ek 141 þ.km, ásett verð 1,050 þ. Aðalbílasalan 551-7171

MMC Pajero GLS 2.8 TDI 1/1997 ek 150 þ.km,ssk verð 1,250 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 750 þ. Honda CRV Rvsi 2/1998 ek160 þ.km, ásett verð 960 þ..Aðalbílasalan 551-7171

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða 11,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

Honda CRV Advance 8/2004 ek 28 þ.km,ssk, verð 2,750 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Ford Explorer XLT '95 ek 155 þ.km,ssk verð 590 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Hyundai Terracan CRDI 10/2002 ek 86 þ.km. Verð 2,190 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Chrysler Stratus ES '99 ek 99 þ.km,ssk, verð 990 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 350 þ M.Benz 190E Sportl. 5/1992 ek 177 þ.km, ásett verð 690 þ.Aðalbílasalan 551-7171

VW Polo 1.4 11/1999 ek 75 þ.km, verð 590 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Peugeot 206 XR SW 4/2003 ek 48 þ.km, verð 1,050 þ. Aðalbílasalan 551-7171

Honda CRV Rvsi 2/1998 ek 105 þ.km,ssk, verð 1,050,þ Aðalbílasalan 551-7171

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða 11,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

Honda HRV Sport 9/2004 ek 28 þ.km,ssk, verð 1,990 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Subaru Forester CS 5/2002 ek 60 þ.km, ssk, verð 1,550 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Peugeot 406 STW 1.8 2/2001 ek 87 þ.km, verð 890 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Subaru Forrester CS Turbo 5/2001 ek 53 þ.km, verð 1.790 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 1,190 þ. Suzuki Ignis GL 4WD 12/2004 ek 30 þ.km ásett verð 1,330 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Skidoo Summit 800 REV 144 6/2003 ek 2 þ.km, verð 790 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Suzuki Vitara JLXI 2/1999 ek 58 þ.km verð 690 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 230 þ Peugeot 306 Symbio 9/1998 ek 149 þ.km, verð 450 þ.Aðalbílasalan 551-7171

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða 11,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

Tilboð 490 þ. Peugeot 306 Break STW 1,6 5/2002 ek 114 þ.km. ásett verð 720 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Volvo 850 2,0 5/1994 ek 155 þ.km,ssk, verð 490 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Vw Golf Comfortline 1.6 11/1998 ek 101 þ.km, verð 750 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Peugeot 307 SW m/Glerþaki 9/2003 ek 47 þ.km, verð 1,450 þ.Aðalbílasalan 551-7171

VW Passat Highline 2.0 9/2004 ek 11 þ.km, verð 2,550 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 1,890 Þ. VW Golf V Comfortline 7/2004 ek 10 þ.km,ssk , verð 2,090 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Kia Clarus GLX 2,0 1/1999 ek 117 þ.km verð 360 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Peugeot 307 XT 1/2003 ek 70 þ.km, 5 dyra, verð 1,050 þ.Aðalbílasalan 551-7171

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða 11,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

Tilboð 790 þ Daewoo Tacuma CDX 2.0 5/2002 ek 38 þ.km, ásett verð 990 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Honda CRV Advance 11/2004 ek 12 þ.km,ssk,þ.lán 2,100 þ. verð 2,750 þAðalbílasalan 551-7171

Tilboð 390 ÞHonda Civic 1.4 IS 9/1997 ek 133 þ.km, ásett verð 590 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 290 Þ Honda Civic 1.4i H/B 3/1997 142 þ.km, ásett verð 550 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 780 Þ Honda CRV Rvsi 12/1998 ek 140 þ.km,ssk, ásett verð 1,050Aðalbílasalan 551-7171

Mazda 323 Exclusive 3/2003 ek 55 þ.km, verð 1,250 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 750 Þ Honda HRV Sport 6/1999 98 þ.km, ásett verð 990 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 650 Þ Honda HRV Sport 4/1999 114 þ.km, ásett verð 890 þ..Aðalbílasalan 551-7171

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða 11,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

Tilboð 790 Þ Honda HRV Sport 8/2000 90 þ.km, ásett verð 990 þ.Aðalbílasalan 551-7171

VW Sharan 1.8 Turbo 5/2002 ek 82 þ.km,ssk, verð 1.890 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 190 Þ Peugeot 306 STW 4/1998 ek 109 ásett verð 465 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Peugeot 307 XR 7/2004 ek 36 þ.km, verð 1,330 þAðalbílasalan 551-7171

Honda Jazz LS 1.4i 12/2004 ek 27 þ.km, 5.g, verð 1,290 þ.Aðalbílasalan 551-7171

Tilboð 790 þ. Peugeot 206 XR Présence 6/2003 ek 38 þ.km, ásett verð 990 þAðalbílasalan 551-7171

Toyota Corolla L/B Terra ek 45 þ.km, verð 790 þ.Aðalbílasalan 551-7171

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða 11,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

# TOPP 5: MILOS FORMAN

**1. One Flew Over the Cuckoo's Nest** (1975). Forman er sagður hafa viljað fá Burt Reynolds í hlutverkið sem Jack Nicholson fékk síðar. Aðeins önnur Hollywood-kvikmyndin sem Forman gerði. Hlaut sinn fyrsta óskar fyrir myndina.
**2. Lásky jedné plavovlásky** (1965). Aðeins önnur mynd Formans. Þýðir á íslensku ástir ljósku. Var tilnefnd til óskarsverðlaunanna sem besta erlenda myndin.
**3. Amadeus** (1984). Byggð á leikriti eftir Peter Shaffer. Öll myndin var mynduð með náttúrulegri birtu. Forman lét taka upp myndina í heimaborg sinni Prag, þó hún gerist í raun og veru í Vín.



**4. The People vs. Larry Flint** (1996). Bill Murray átti fyrst að leika Flint en að sögn Formans svaraði Murray aldrei símtölum hans. Tom Hanks kom líka til greina í hlutverk Flints. Eina skiptið sem Forman var tilnefndur til óskarsverðlaunanna en vann ekki.
**5. Hair** (1979). Byggt á hinu fræga hippaleikriti. Forman fékk leikstjórastarfið eftir að George Lucas hafði hafnað því. Fjögur ár liðu á milli þessarar myndar og myndarinnar sem Forman gerði á undan henni en Forman hefur iðulega látið mörg ár líða á milli mynda hjá sér. Hann hefur aðeins gert 7 myndir á seinustu 30 árum. Þó er von á tveimur myndum á næstu árum.

# SJÓNARHORN



Smiðurinn á þakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## VISSI ÞÚ...

...að stærsta fótboltavöll í heimi er að finna í Rio de Janeiro, Brasilíu? Hann heitir Maracana-borgarvöllurinn.

...að hann rúmar 205.000 manns, þar af 155.000 í sæti?

...að völlurinn var byggður fyrir heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu 1950?

...að 199.854 manns horfðu á úrslitaleikinn á vellinum 1950?

...að aldrei hafa fleiri mætt á nokkurn íþróttaviðburð?

...að völlurinn er egglaga og 32 metra hár þar sem hann er hæðstur?

...að sá áhorfandi sem fjrst situr miðlínu er í 126 metra fjarlægð?

...að brúin yfir Kóngagljúfrið í Arkansa, Bandaríkjunum, er hæsta brú í heimi?

...að hún er í 321 metra hæð yfir vatnsborðinu?

...að stærsti burðarbitinn er 268 metrar að lengd?

..að það tók sex mánuði að smíða brúna og var verkinu lokið 6. desember 1929?

...að alþjóðaflugvöllurinn í Hong Kong er stærsta flugstöð í heimi?

...að hann getur tekið við 460 flugvélum á dag?

...að hann getur tekið við 126.000 farðegum á dag?

...að lengsta áætlunarbílar í heimi er að finna ó Alþýðulýðveldinu Kongó?

...að þeir eru liðskiptir og geta flutt 350 manns æí einu?

...að þeir eru 32,2 metra langir og vega 28 tonn?

...að stærsta hryllingshúið er staðsett í Fujikyu-hálandaskemmtigarðinum í Japan.

...að það er með sjúkrahússþema?

að það er 616 metra langt og tekur það 30-40 mín. fyrir gesti að ganga í gengum það.

allt
jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga

vísir VEFTV

HLJÓÐNEMINN SEM IDOL STJÖRNURNAR HRÆÐAST!

Nýtt á vefTV!

Það er bara á VefTV sem þú finnur viðtöl við Idol keppendurna sem fá þig til að svitna! Sjáðu tilvonandi stjörnur uppgötva að hljóðneminn getur verið grimmur og frægðin er enginn dans á rósum. Idol X-Stream viðtölin sem ekki mátti sýna í sjónvarpi eru bara á visir.is.

Idol stream




Fíton/SÍA

# SJÓNVÖRP

## Fujitsu Siemens Myrica LCD TV 32“

S26361-K1037-V170

1366 x 768 upplausn
16:9 WideScreen
Birta 550cd/m²
Skerpa 1000:1
VGA, DVI, 2x SCART, S-Video
Borðstandur fylgir

TILBOÐSVERÐ:
**169.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**14.806 kr. á mán.**



# FORRIT

## Adobe Elements Bundle pack

29180065

Frábær pakki í alla myndvinnslu heimilisins. Með Photoshop Elements vinnur þú með allar stafrænar myndir. T.d. er ekkert mál að fjarlægja rauð augu, brúntóna myndirnar, auka birtustig og margt margt fleira. Með Premiere Elements getur þú svo unnið með videó úr tökuvélinni þinni. Hægt er að bæta inn hljóði og leika sér með myndina að vild. Að sjálfsögðu er svo hægt að brenna myndina á DVD mynddiska.
Pakkinn inniheldur:
Premiere Elements 2.0
Photoshop Elements 4.0

TILBOÐSVERÐ:
**13.990 kr.**

# MYNDAVÉLAR

## Sony DSC-T7 myndavél

DSC-T7

Alveg hreint ótrúlega nett og meðfærileg myndavél, sú þynnsta á markaðnum. Nýja T7 vélin frá Sony skilar þér skörpum myndum og litirnir eru frábærlega tærir.

5.1 Mpix
2,5" TFT skjár
3x Optical / 6x Digital Zoom
Tekur upp hreyfimyndir
Þyngd 134g með rafhlöðu

TILBOÐSVERÐ:
**44.900 kr.**




## Sony Minniskort 1GB Pro DUO

MS/PDU01G

TILBOÐSVERÐ:
**12.900 kr.**

# Jólagjafir sem smellhitta í mark

# MÝS

Logitech

## Logitech G5 Laser mús

931375-0914

TILBOÐSVERÐ:
**8.990 kr.**

## Logitech LX5 Þráðlaus mús

931451-0914



TILBOÐSVERÐ:
**2.990 kr.**

## Logitech MX518 geislamús

931352-0914



TILBOÐSVERÐ:
**5.990 kr.**

## Logitech G7 Laser þráðlaus mús

931375-0914



TILBOÐSVERÐ:
**11.990 kr.**

# FARTÖLVUR

## Fujitsu Siemens Amilo M 1437G

LKN:DAN-177100-022

Stílhrein og flott vél sem er ríkulega hlaðin af búnaði. Með öflugu skjákorti getur þú auðveldlega spilað leiki. FireWire tengið gerir þér kleift að taka myndir beint frá stafrænu videótökuvélinni inn á tölvuna, og að sjálfsögðu getur þú svo skrifað myndirnar á DVD diska. Hérna er á ferðinni mjög öflug tölva sem hentar öllum, hvort sem er í leik eða starfi



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Pentium® M 750 1.87GHz 2MB
1GB DDR2 minni
80GB S.M.A.R.T. Drif
15.4"Wide (1280 x 800), Crystal View
ATI Radeon X700 128MB PCI Express
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
10/100 Ethernet og V.90 mótald
Multimedia fjarstýring
VGA, TV-OUT, kortalesari SD/MS/MS Pro/MMC
FireWire, 3x USB 2.0, hljóð inn/út
Víðóma hátalarar og innbyggður bassahátalari
Snertimús og flýtihnappar, stafrænn hljóðútgangur
360 x 269 x 37mm, 3.0 kg
Lithium ion rafhlaða, allt að 3.0 klst
Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
Windows XP Home SP2
MS Works 8.0
Symantec Security Suite (90 daga)
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

**TILBOÐSVERÐ:**
**149.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.

**13.081 kr. á mán.**

## Fujitsu Siemens Amilo M 3438G

LKN:DAN-177200-030 219.900

17" breiðtjaldsskjárinn er útbúinn CrystalView tækninni sem skilar þér kristaltærri mynd. Hérna er á ferðinni tölva sem er fullbúin af öllum öflugasta búnaði sem völ er á. Má þar nefna mjög öflugan örgjörva, mikið minni og diskpláss, sjónvarpskort með fjarstýringu, skjákort sem ræður við alla leiki og þrívíddarvinnslu, DVD geislaskrifara og margt margt fleira.



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Pentium® M 770 2.13 GHz 2MB
1GB DDR2 minni (2x 512)
160GB diskpláss (2x 80GB S-ATA)
17" WXGA (1440 x 900), Crystal View
nVidia GeForce Go 6800 256MB PCI-Express
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
10/100/1000 Ethernet og V.90 mótald
Multimedia fjarstýring
VGA, DVI, TV-OUT, kortalesari SD/MS/MS Pro/MMC
FireWire, 4x USB 2.0, hljóð inn/út
Víðóma hátalarar og innbyggður bassahátalari
Snertimús og flýtihnappar, stafrænn hljóðútgangur
408 x 289 x 38mm 4.1 kg
Lithium ion rafhlaða, allt að 3.0 klst
Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
Windows XP Home SP2
MS Works 8.0
Symantec Security Suite (90 daga)
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
Taska fylgir

**TILBOÐSVERÐ:**
**219.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.

**19.119 kr. á mán.**

# SKJÁIR



## F17 Neovo 17" skjár

F-417B
260cd/m2 birta
450:1 skerpa
1280 x 1024 upplausn
12ms viðbragðstími

**TILBOÐSVERÐ:**
**24.900 kr.**

## F19 Neovo 19" skjár

F-419B
250cd/m2 birta
500:1 skerpa
1280 x 1024 upplausn
12ms viðbragðstími
Analog og DVI

**TILBOÐSVERÐ:**
**34.900 kr.**

# LYKLABORÐ

## Logitech LX300 Þráðlaust lyklaborð og mús

Logitech

967545-0106



**TILBOÐSVERÐ: 6.990 kr.**

FABRIKAN

Birt með fyrirvara um prentvillur

# Opnunartími Tæknivals um jólin

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 15. des. | 9-20 |
| Föstudagur | 16. des. | 9-20 |
| Laugardagur | 17. des. | 11-18 |
| Sunnudagur | 18. des. | 12-18 |
| Mánudagur | 19. des. | 9-20 |
| Þriðjudagur | 20. des. | 9-20 |
| Miðvikudagur | 21. des. | 9-20 |
| Fimmtudagur | 22. des. | 9-20 |
| Föstudagur | 23. des. | 9-22 |
| Laugardagur | 24. des. | 9-13 |




*Netverslun Tæknivals*
*www.taeknival.is*
*Frábær tilboð!*

*Opið allan sólarhringinn!*

SAMSTARFSAÐILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is
Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com
Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tækja- og tölvubúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolva.is

**Tæknival**
– sterk heild

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www taeknival is

# Kjör öryrkja hafa dregist aftur úr

UMRÆÐAN
KJÖR ÖRYRKJA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Hinn 1. desember var birt ný skýrsla um kjör og stöðu öryrkja. Þar kom fram að kjör öryrkja hafa dregist mikið aftur úr launum verkafólks á þeim tíma sem núverandi stjórnarflokkar hafa farið með völd. Öryrkjar hafa ekki fengið eðlilega hlutdeild í góðærinu, sem hér hefur ríkt undanfarið. Þeir hafa ekki fengið jafnmikla hækkun á lífeyri sínum eins og láglaunafólk hefur fengið á launum á hinum almenna vinnumarkaði.

Lífeyrir einhleypra öryrkja, grunnlífeyrir og tekjutrygging, hefur hækkað 14 prósentustigum minna en laun láglaunafólks undanfarin 11 ár. Ef litið er á tímabilið frá 1988 kemur eftirfarandi í ljós: Þá nam umræddur lífeyrir öryrkja 79 prósent af lágmarkslaunum verkafólks. Árið 2004 var hlutfallið aðeins 62 prósent.

Umrædda skýrslu samdi Stefán Ólafsson prófessor. Í henni kemur það einnig fram að Ísland býr mun verr að öryrkjum sínum en önnur lönd. Hin Norðurlöndin búa mun betur að öryrkjum en við gerum og raunar búa flest lönd OECD betur að öryrkjum en Ísland. Við erum á botninum, á bekk með Tyrkjum og Miðjarðarhafslöndum í þessu efni. Það er Íslandi til skammar að búa svo illa að öryrkjum.

Ísland ver 1,5 prósenti af vergri landsframleiðslu til framfærslu öryrkja. Öll hin Norðurlöndin og mikill hluti OECD ríkjanna eru fyrir ofan okkur að þessu leyti. Finnland ver 2,8 prósent af vergri landsframleiðslu til öryrkja, Svíþjóð 2,1; Noregur 4,3; Danmörk 1,8; Pólland 4; Bretland 2,6 og meira að segja Portúgal er fyrir ofan okkur með 1,9 prósent.Tyrkland og Spánn eru fyrir neðan okkur og Bandaríkin sem aldrei hafa getað státað af góðu velferðarkerfi.

Því hefur verið haldið fram, m.a. af opinberum aðilum, að öryrkjar væru fleiri hér á landi en í grannlöndum okkar. Þetta er alrangt og er hrakið í skýrslunni. Fjöldi öryrkja á lífeyri hér er 5,2 prósent af vinnufærum mönnum. Það er svipað hlutfall og í OECD ríkjum eða aðeins lægra hlutfall. Hér er átt við 75 prósent öryrkja á aldrinum 18-64 ára.

Eftirfarandi tölur leiða vel í ljós hve kjör öryrkja eru mikið lakari hér á landi en í öðrum ríkjum OECD: Hér á landi eru tekjur öryrkja 65 prósent af meðaltekjum framteljenda. Í ríkjum OECD eru tekjur öryrkja 78 prósent af meðaltekjum framteljenda.

Skattbyrði af heildartekjum öryrkja hefur aukist verulega undanfarin ár. Þannig er sama hvor borið er niður: Kjör öryrkja hafa versnað í samanburði við kjör launafólks, skattbyrði öryrkja hefur aukist og kjör öryrkja eru mikið verri hér en í grannlöndum okkar.

Í lögum um málefni fatlaðra frá 1992 segir að tryggja beri fötluðum (öryrkjum) jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta hefur ekki verið gert. Kjör annarra þjóðfélagshópa hafa verið bætt meira en kjör öryrkja. Þeir hafa verið látnir sitja eftir. Ég tel því að ríkisstjórnin hafi brotið framangreind lög.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

## AF NETINU

**Fauskakaffi**

Á dögunum kom heil vika þar sem ekkert var í fréttum nema Baugur - og stöku fréttir af erlendum fréttum af Baugi. Fjölmiðlarnir eru sjálfhverfur og sjálfbær heimur. Þeir búa til lesendur sem með tímanum verða að fauskum eins og þeim sem ég sit með á Fauskakaffi. Við erum fauskar, hvert öðru lík að beiskju, sjálfsánægju og nöldri... Miðlarnir vísa stöðugt hver í annan þannig að til að fá heildstæða mynd þarf fauskurinn að fylgjast með öllum pakkanum. Þess vegna er hver fauskur farinn að mæta löngu fyrir hádegi og leggur Morgunblaðið undir DV svo hann geti einokað blöðin.

**Hermann Stefánsson á kistan.is**


Léttu þér Lífið

Kenwood hrærivélin er frábær gjöf sem endist



vilborga@centrum.is

KENWOOD chef

Kenwood Chef hrærivélin er öflug og sérlega glæsileg í alla staði. Úrval aukahluta fylgja með sem hræra, hnoða og hakka allt eftir óskum hvers og eins.

MX270 TILBOÐ kr. 16.900 stgr.
Fullt verð kr. 24.300

KM300 TILBOÐ kr. 19.900 stgr.
Fullt verð kr. 28.900

GJAFABRÉF

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is







Opel. Þýski gæðingurinn.

JÓLIN NÁLGAST!
NÁÐU FORSKOTI Á NÝJUM OPEL.

Við erum í sérstöku hátíðarskapi og því býður þér Opel á frábæru jólatilboði út allan desember með einungis **10% útborgun**! En það er ekki allt: Hverjum Opel fylgir **100.000 kr. gjöf** frá Bræðrunum Ormsson handa þeim sem þér þykir vænt um.

**Opel Meriva DVD**

Á Opel Meriva kynnist þú áður óþekktu frelsi því sveigjanleiki og öryggi þessarar verðlaunabifreiðar skilar sér ótvírætt við íslenskar aðstæður. Prófaðu þennan fallega bíl sem er í fremsta flokki hvað snertir sparneytni og það verður ekki aftur snúið.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.795.000 kr.
10% ÚTBORGUN 179.500 kr.
AÐEINS 23.999 kr. Á MÁNUÐI*




DVD spilari fylgir!



**Opel Astra Hatchback**

Fallegur og frábærlega smíðaður. Hann er líka vel búinn með ABS hemlavörn, skynvirku fjöðrunarkerfi, aksturstölvu og fullt af fleiri skemmtilegum kostum. Hann er aflmikill en líka sparneytinn, lipur og rúmgóður. Fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.695.000 kr.
10% ÚTBORGUN 169.500 kr.
AÐEINS 22.810 kr. Á MÁNUÐI*

**Opel Astra Caravan**

Opel Astra Caravan hefur verið endurhannaður frá grunni. Hann er frábærlega búinn, sterkur, rúmgóður og með pláss fyrir alla fjölskylduna – ekki bara þá sem sitja frammí. Innréttingin er falleg og vönduð og minnir á mun dýrari bíla. Hann er lipur, skemmtilegur í akstri og er með allra öruggustu bílum í sínum stærðarflokki.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.760.000 kr.
10% ÚTBORGUN: 176.500 kr.
AÐEINS 23.680 kr. Á MÁNUÐI*



Við hvetjum alla ökumenn til að aka varlega um hátíðarnar.

Glitnir

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 | Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 | Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 | Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 | Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 | Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 | Búðareyri 33, 730 Reyðarfirði, 474-1453 | Sindragötu 3, 400 Ísafirði, 456-4540 | Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

Fíton/SÍA

*Miðað við bílasamning Glitnis með 10% útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**GRANDMA MOSES (1860-1961) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Ef ég hefði ekki orðið málari hefði ég orðið kjúklingabóndi.“*

***Anna Mary Robertson Moses, „Grandma Moses,“ var bandarískur listmálari.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 13.DESEMBER 1577



Á þessum degi árið 1577 lagði Sir Francis Drake, enskur landkönnuður, sæfari og sjóræningi, af stað í sjóferð um heimsins höf. Drake var fyrsti Englendingurinn, og fyrsti skipstjóri skips sem ekki var gert út frá Spáni, sem sigldi umhverfis hnöttinn.

Elísabet I Englandsdrottning fyrirskipaði Drake að fara í leiðangurinn en Englendingar vildu ekki vera minni menn en Spánverjar, sem voru miklir landkönnuðir.

Drake lagði af stað á flaggskipinu Pelican og fjögur önnur skip voru með í för. Rúmlega 150 menn voru í áhöfnum skipanna en eftir að þau höfðu siglt yfir Atlantshafið til Vesturheims og voru komin upp að austurströnd Suður-Ameríku urðu tvö þeirra viðskila við hin. Hin þrjú sigldu áfram sjóleiðina á milli Suður-Ameríku og Suðurheimskautsins sem nú kallast Drake-sund. Vonskuveður olli því að aðeins skip Drakes komst alla leið til Kyrrahafsins. Drake sigldi svo í átt að Afríku og 26. september 1580 kom hann aftur til Plymouth og var sleginn til riddara.

## MERKISATBURÐIR

**1545** Kirkjuþingið í Trent hefst. Kaþólska kirkjan ákveður á þinginu að berjast gegn umbyltingu í trúarmálum.

**1643** Orrustan um Alton í enska borgarastríðinu hefst.

**1939** Orrustan um River Plate, fyrsta sjóorrustan í síðari heimsstyrjöldinni, hefst á þessum degi.

**1959** Erkibiskupinn Makarios er kjörinn fyrsti forseti Kýpur.

**1974** Evrópuríkið Malta verður lýðræðisríki.

**1996** Kofi Annan kjörinn ritari Sameinuðu þjóðanna.

**2003** Mest sótti körfuboltaleikur sem háður hefur verið fer fram í Bandaríkjunum, á milli Michigan-háskóla og Kentucky-háskóla.

## ANDLÁT

Edda Kristjánsdóttir, Hringbraut 121, Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 3. desember. Jarðarförin hefur farið fram.

Katrín Sveina Pétursdóttir, frá Engidal, lest miðvikudaginn 7. desember.

María Erla Kjartansdóttir, Vogatungu 85 A, Kópavogi, andaðist miðvikudaginn 7. desember.

Finnur Ingi Finnsson, frá Skerðingsstöðum í Reykhólasveit, lést á heimili sínu fimmtudaginn 8. desember.

Helga Sigurgeirsdóttir, Vallholtsvegi 17, Húsavík, lest á Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 8. desember.

Jón Guðjónsson, Hrafnistu, Reykjavík, lést fimmtudaginn 8. desember.

Richard Jónsson, Krummahólum 2, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 8. desember.

Steinunn Hafstað hótelstýra lést á Sólvangi fimmtudaginn 8. desember.

Þorlákur Sigurðsson, Hraunvangi 3, Hafnarfirði, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 9. desember.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## JARÐARFARIR

13.00 Minningarathöfn um Kristjönu Hilmarsdóttur, Groningen, Hollandi, verður haldin í Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 Páll Þórir Ólafsson, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis í Jökulgrunni 17, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

13.00 Sveinn Guðmundsson verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.30 Páll Hallgrímsson fyrrverandi sýslumaður á Selfossi, verður jarðsettur að Grund í Eyjafirði.

14.00 Sigríður Kristinsdóttir, frá Miðkoti í Landeyum, Aflagranda 40, Reykjavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

## AFMÆLI

Geirlaug Þorvaldsdóttir leikkona er 66 ára.

Jóna Rúna Kvaran rithöfundur er 53 ára.

Lísa Pálsdóttir útvarpskona er 52 ára.

Lárus H. Grímsson tónlistarmaður er 51 árs.

Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi á Grænlandi, er 49 ára.

Guðmundur H. Torfason, kaupmaður og fyrrverandi knattspyrnumaður, er 44 ára.

Hrafn Margeirsson, fyrrverandi handboltamarkvörður, er 39 ára.

Glódís Gunnarsdóttir, leikkona og fyrrverandi útvarpskona, er 37 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



EYVINDUR P. EIRÍKSSON RITHÖFUNDUR Gestir í afmælisveislu hans í kvöld eiga von á upplestri og rappi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**EYVINDUR P. EIRÍKSSON RITHÖFUNDUR:** ER SJÖTUGUR

# Ljóð, sögur og rapp á Thorvaldsen

Menning og listir verða allsráðandi í afmælisveislu Eyvindar P. Eiríkssonar rithöfundar í kvöld. „Ég ætla að halda veislu á Thorvaldsen bar í Austurstræti og á von á nokkrum skáldum sem ætla að koma og lesa upp. Ég veit ekki hve mörg þau verða en Birgitta Jónsdóttir, Kristian Guttesen og Kristjón Kormákur frændi minn hafa boðað komu sína,“ segir Eyvindur. Mæting er annars frjáls og öllum heimilt að koma og lesa. „Þetta verður menningarlegt en mjög frjálslegt, það verður anarkismi í þessu,“ segir Eyvindur, sem einnig á von á Erpi syni sínum sem ætlar að rappa með félögum sínum.

Heldur er það sjaldgæft að Eyvindur haldi upp á afmæli sitt, hann segist vart hafa gert síðan í gamla daga þegar móðir hans annaðist veisluhöld fyrir hann. Sextugsafmælisdagurinn fyrir tíu árum er honum nokkuð minnisstæður. „Ég fór þá upp í sveit og dvaldi í gömlu steinhúsi sem ég á vestur á fjörðum. Það tekur viku að hita það upp og mér var kalt. Reyndi þó að halda á mér hita með því að klæða mig vel, vera undir teppi og drekka kakó.“ Húsið, sem er nærri Ísafirði en stendur afskekkt, er án rafmagns og því eins og að hverfa aftur um áratugi að dvelja þar. „Þetta var merkilegur dagur, ég las svolítið og svo samdi ég sögu sem ekki hefur komið út,“ segir Eyvindur þegar hann rifjar upp sextugsafmælisdaginn.

Eyvindur hefur helst fengist við kennslu og ritstörf um ævina en einnig dagskrárgerð fyrir útvarp og sjónvarp. Áður fyrr kenndi hann við grunn-, framhalds-, og háskóla á Íslandi, í Finnlandi og Danmörku en hefur einkum sinnt ritstörfunum síðustu ár.

Fyrsta ljóðabókin hans, Hvenær? kom út 1974 og fyrsta skáldsagan, Múkkinn, 1988. Hann hlaut Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness fyrir skáldsöguna Landið handan fjarskans árið 1997 og var bókin tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sama ár.

„Mér finnst skemmtilegast að skrifa skáldsögur,“ segir Eyvindur, sem fengist hefur við flest form bókmenntanna um ævina. Hann er líka mikill náttúrumaður, enda alinn upp í fjörunni fyrir vestan. „Ég hef alltaf verið með bátadellu og átti seglskútu í mörg ár en hún fór í klessu í höfninni í fyrra þegar það gerði óveður. Nú á ég hins vegar skektu með mótor fyrir vestan,“ segir skáldið Eyvindur, sem tekur á móti gestum sínum á Thorvaldsen bar frá klukkan átta í kvöld.



*Faðir okkar, afi og langafi,*

**(Stefán) Örn Ólafsson**
Lönguhlíð 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 7. desember. Örn verður kvaddur með athöfn frá Fossvogskirkju 14. desember kl. 11.00.

**Guðrún Arnardóttir**
**Jón Örn Arnarson** **Sigurlaug Kristmannsdóttir**
**Þorbjörg Íris Arnardóttir**
**Ingólfur Arnarson**
**Ægir Arnarson**
**Þorsteinn Örvar Arnarson** **Liss Wenche**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ómar S. Zóphóníasson**
Fögruhlíð 5, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu aðfaranótt mánudagsins 5. desember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 15. desember kl. 13.00.

**Kristín Theódórsdóttir**
**Theódór K. Ómarsson** **Hafdís Sigursteinsdóttir**
**Marta G. Ómarsdóttir** **Höskuldur Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**SÆNSKA FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI:** LÚSÍUHÁTIÐ Í FIMMTUGASTA SINN

# *Mótvægi við jólasveininn*

„Lúsían er svo friðsæl og því skemmtilegt mótvægi við þennan gáskafulla íslenska jólasvein,“ segir Matilda Gregersdóttir, formaður Sænska félagsins á Íslandi.

Í dag verður Lúsíuhátíð haldin í Grafarvogskirkju á vegum félagsins. „Allir Svíar taka þessum degi mjög hátíðlega og það er eiginlega ekki hægt að hugsa sér jól án Lúsíuhátíðar,“ segir formaðurinn.

Lúsía er dýrðlingur Sikileyjarbúa en hefur frá miðöldum skipað veigamikinn sess í sænsku þjóðlífi. Sænska Lúsían líkist mjög álfkonu og vitjar manna í desember til að lýsa upp skammdegið. Hátíðin er haldin með mismunandi hætti en oftast gengur hópur af ungum hvítklæddum stúlkum og strákum í Lúsíuskrúðgöngu og syngur hefðbundna Lúsíusöngva. Lúsían er einnig hvítklædd og hefur á höfði sér krans úr títuberjalaufi með kertum á. Lúsían færir ekki aðeins ljós heldur býður hún einnig upp á kaffi og sérstaka snúða sem kryddaðir eru með saffran. Er þessi Lúsíusnúður á nær hverju borði í Svíþjóð í dag en fáir fara varhluta af hátíðinni þar í landi enda eru hátíðarhöld í skólum, kirkjum, vinnustöðum og jafnvel mun Lúsían gera vart við sig í sænska þinginu.



LÚSÍUHÁTÍÐ Lúsían er friðsæl og skemmtilegt mótvægi við þennan gáskafulla íslenska jólasvein, segir formaður Sænska félagsins á Íslandi.




# hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.246 +0,46%** **Fjöldi viðskipta:** 183 **Velta:** 3.181 milljónir

**MESTA HÆKKUN**
- **Össur +3,06%**
- **Mosaic Fashions +1,13%**
- **KB banki +0,90%**

**MESTA LÆKKUN**
- **Marel -1,23%**
- **Straumur -0,63%**
- **HB Grandi -0,53%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:ACTAVIS** 49,60 +0,00% ... Bakkavör 52,00 +0,50% ... FL Group 17,10 +0,60% ... Flaga 4,92 +0,00% ... HB Grandi 9,45 -0,50% ... Íslandsbanki 17,10 +0,00% ... Jarðboranir 24,10 +0,00% ... KB banki 672,00 +0,90% ... Kögun 59,80 +0,00% ... Landsbankinn 24,00 +0,40% ... Marel 64,20 -1,20% ... SÍF 4,17 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,70 -0,60% ... Össur 118,00 +3,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Bankastjóri kaupir bréf

Ingólfur Helgason, forstjóri KB banka á Íslandi, keypti í gær 400 þúsund hluti í bankanum á genginu 665. Jafngildir það 266 milljónum króna. Eftir viðskiptin á Ingólfur um 2,8 milljónir hluta í KB banka. Miðað við gengi bankans við lok markaða í gær er verðmæti hlutanna tæpir 1,9 milljarðar króna.

Til viðbótar á Ingólfur kauprétt á 60 þúsund hlutum og sölurétt á 750 þúsund hlutum. Söluréttur tryggir að Ingólfur tapar ekki á því að kaupa hlutabréf í KB banka lækki gengi bankans mikið. - bg



**INGÓLFUR HELGASON** forstjóri KB banka á Íslandi.

# Dýrari fasteignir keyptar

Heildarvelta á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu í nóvember var tæpur 21 milljarður króna og jókst um 3,6 prósent milli mánaða. Í morgunkornum Íslandsbanka segir að veltan aukist þótt kaupsamningum hafi fækkað um rúm sex prósent frá fyrra mánuði. Þinglýstir samningar voru 735 í nóvember.

Meðalupphæð hvers samnings var því rúmar 28 milljón krónur sem er 60 prósent hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðalupphæð er líka há miðað við október og segir í fréttum Íslandsbanka að það stafi af því að sérbýli og atvinnuhúsnæði vó þungt í viðskiptum nóvembermánaðar.

# Slorið úr vísitölunni og tískan kemur inn

Ný Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands tekur gildi um áramótin.

Ekkertsjávarútvegsfyrirtæki verður í vísitölunni, en sjávarútvegsfyrirtæki voru áberandi í Kauphöllinni á upphafsárum hennnar. HB Grandi uppfyllir ekki lengur skilyrði um verðbil og fellur út úr vísitölunni, auk þess sem eignarhald fyrirtækisins er á færri höndum.

Önnur félög sem falla úr vísitölunni eru Jarðboranir þar sem borist hefur yfirtökutilboð og Burðarás sem sameinast hefur Straumi.

Ný fyrirtæki í vísitölunni sem tekur gildi um áramót eru Dagsbrún, Mosaic og Atorka Group. Við val í vísitölunni eru vegin saman markaðsvirði, viðskiptamagn í Kauphöllinni og verðbil kaup- og sölutilboða. Mest vægi í vísitölunni hefur sem fyrr KB banki eða þriðjung af heildinni.

**ÚR ÚRVALSVÍSITÖLU KAUPHALLARINNAR:**
HB Grandi
Jarðboranir
Burðarás

**NÝ FÉLÖG Í VÍSITÖLU**
Atorka Group
Dagsbrún
Mosaic Fashion







# Verðlag hækkar umfram spár

**Spáð var að verðlag stæði í stað milli nóvember og desember. Það stóðst ekki og er verðbólga enn fyrir ofan þolmörk Seðlabankans.**



**FATNAÐUR OG SKÓR** hækkuðu um 2,1 prósent milli nóvember og desember, sem kom greiningaraðilum á óvart. Bjuggust fleiri við því að sterkt gengi krónunnar myndi lækka verð á þessum vörum.

Vísitalan sem mælir breytingar á verði neysluvara hækkaði um 0,36 prósent milli nóvember og desember. Hagstofa Íslands tilkynnti þetta í gær. Er þetta meiri hækkun neysluverðsvísitölunnar en greiningadeildir bankanna höfðu spáð. Gerðu starfsmenn þeirra ráð fyrir að verðlag myndi hækka mest um 0,1 prósent milli mánaða.

Í fréttum greiningardeildar Íslandsbanka segir að spáskekkjan stafi einkum af verðhækkun á dagvörum umfram spá og af gjaldskrárhækkun fyrir símaþjónustu. Matvöruverð hafi einnig hækkað lítillega umfram spá og leiguverð talsvert, sem hefur þó lítið vægi í vísitölunni. Greiningardeild KB banka segir að hækkun á verði fatnaðar komi á óvart. Styrking krónunnar hefði frekar átt að leiða til lækkunar.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,1 prósent, sem er langt yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Miðar Seðlabankinn við að verðbólgan sé í kringum 2,5 prósent og víki ekki meira en 1,5 prósent frá því markmiði. Í síðasta mánuði var tólf mánaða verðbólga 4,2 prósent.

Sé ekki tekið tillit til hækkunar húsnæðisverðs í þessum tölum hækkaði verðbólgan um 0,7 prósent síðustu tólf mánuði. Þar er rót verðbólgunnar að finna. Greiningardeild KB banka telur að dregið hafi úr spennu á fasteignamarkaði og því muni þessi áhrif fjara út á nýju ári.

Í fréttum Íslandsbanka segir að Seðlabankinn hafi ítrekað hækkað stýrivexti á síðustu misserum til að slá á þenslu í hagkerfinu. „Stýrivextir bankans standa nú í 10,5 prósentum og reikna má með frekari vaxtahækkun á næstunni. Mikil spenna á vinnumarkaði stuðlar að launaskriði um þessar mundir og eykur það á undirliggjandi verðbólguþrýsting í hagkerfinu.“ Seðlabankinn tilkynnir næstu vaxtaákvörðun 26. janúar.

Þegar þetta var ljóst í gærmorgun styrktist gengi krónunnar og ávöxtunarkrafa verðtryggða skuldabréfa lækkaði. - bg



**PENINGAR** Stundum er eftirsótt að halda peningum en þess á milli eru þeir geymdir í formi verðbréfa.

# Aðlaðandi íbúðabréf

„Þær niðurstöður sem vekja hvað mesta athygli er þó hversu mikið seljanleiki skuldabréfa Íbúðalánasjóðs jókst með tilkomu íbúðabréfanna,“ segir í nýrri skýrslu greiningardeildar KB banka um seljanleika íslenskra skuldabréfa.

Seljanleiki felur í sér að hægt er að kaupa og selja verðbréf hratt og auðveldlega án mikils viðskiptakostnaðar. Skiptir það miklu máli þegar fjárfestar taka ákvörðun um hvar þeir vilja ávaxta peningana sína og eiga þess kost að fá þá fljótt aftur vilji þeir fjárfesta annars staðar.

„Það sem dýpt skuldabréfa Íbúðalánasjóðs jókst hvað mest með tilkomu íbúðabréfanna má segja að seljanleikaáhætta skuldabréfa sjóðsins hafi minnkað hlutfallslega mest fyrir stærri fjárfesta, eins og til dæmis lífeyrissjóði. Íbúðabréf ættu því að vera mun meira aðlaðandi fyrir stærri fjárfesta en hús- og húsnæðisbréf voru áður,“ segir í greiningu KB banka.

Kemur íslenski skuldabréfamarkaðurinn vel út í samanburði við þann stærsta í úttekt KB banka.

# Úr stjórn TM

Tilkynnt var í gær að Kjartan Broddi Bragason hefði sagt sig úr stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar. Kemur úrsögnin í kjölfar þess að Fjárfestingarfélag sparisjóðanna seldi hlut sinn í TM þann 23. nóvember síðastliðinn.

Kaupendur hlutsins var fjárfestingafélagið Sund. Jók félagið eignarhlut sinn um tæp 13 prósent og á nú um 33 prósent í Tryggingamiðstöðinni.

Jón Kristjánsson, einn eiganda Sunds, tekur sæti í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar í stað Kjartans.

# Fær 15 milljarða að láni

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hefur undirritað sambankalán að fjárhæð 200 milljónir evra og er lánið til þriggja ára. Miðað við gengi evrunnar í gær jafngildir upphæðin um 15 milljörðum íslenska króna.

„Verulegur áhugi var fyrir þátttöku í láninu og var lánið í kjölfarið hækkað úr 100 milljónum evra í 200 milljónir evra,“ sagði í tilkynningu frá bankanum.

BayernLB, Commerzbank og Lloyds TSB leiddu lánið en alls voru 15 aðrir evrópskir bankar þátttakendur.

# Íbúðalánasjóður lánar meira út í ár

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs í nóvember námu tæpum 5,9 milljörðum króna. Það er um 48 prósent aukning miðað við sama tíma í fyrra. Þar af teljast tæplega 800 milljónir króna til leiguíbúðalána, sem er samkvæmt frétt Íbúðalánasjóðs umtalsverð aukning frá fyrra mánuði. 5,1 milljarður tilheyrði almennum útlánum.

Það sem af er ári hefur Íbúðalánasjóður lánað samtals tæpa 69 milljarða og eru útlánin orðin hærri en á öllu síðasta ári. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að útlán sjóðsins á árinu 2005 verði 72,6 milljarðar króna.

Bæði Íslandsbanki og KB banki gera ráð fyrir að Íbúðalánasjóður sæki sér sjö milljarða með útboði íbúðabréfa áður en árið er úti. Er það í samræmi við útgáfuáætlun sjóðsins.

Verði farið í útboð búast starfsmenn greiningardeildar Íslandsbanka við að kjör og þar með útlánavextir Íbúðalánasjóðs verði óbreyttir.



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** lánaði fasteignakaupendum 5,1 milljarð í nóvember.

# Innflutningur eykst

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts var innflutningur í nóvember sá mesti sem af er ári. Nam hann um 27,5 milljörðum án flutnings skipa og flugvéla. Að raungildi er það 52 prósentum meiri innflutningur en í nóvember í fyrra. Ef bráðabirgðatölurnar eru lagðar saman við innflutning fyrstu tíu mánuði ársins er heildarinnflutningur á árinu um þriðjungi meiri en á sama tímabili í fyrra.

Að því er fram kemur á heimasíðu fjármálaráðuneytisins má meðal annars rekja aukninguna til mikils magninnflutnings á fjárfestingarvörum. Er það að mestu til komið vegna stóriðjuframkvæmda. Verðhækkanir á olíu og liðir tengdir aukinni einkaneyslu hafa einnig áhrif til aukningar.

- hhs



**MIKIÐ FLUTT INN Í NÓVEMBER** innflutningur var 52 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra.

## Dökkt útlit

Aðstandendur fundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru svartsýnir á að markmið fundarins muni nást. Þessum sex daga fundi sem hófst í dag var ætlað að binda endahnútinn á Doha-ferlið sem hófst í Katar árið 2001. Doha-viðræðurnar snerust um að finna lausnir á vandamálum fátæku þjóðanna sem snerust aðallega um landbúnað. Hvorki hefur gengið né rekið í Doha-viðræðunum í marga mánuði. Samningamenn Brasilíu og Indlands, sem eru í forsvari fyrir þróunarlöndin, segja áætlanir BNA, ESB og annarra þróaðra landa um að draga úr styrkjum og innflutningshömlum ekki ganga nógu langt. Celsus Amorim utanríkisráðherra Brasilíu sagði að ekkert nema kraftaverk gætu bjargað samningum. Amorim sakaði þróuðu löndin um að fórna hagsmunum þeirra 70 prósent íbúa þróunarlandanna sem lifa á landbúnaði fyrir hagsmuni hlutfallslega örlítillar bændastéttar sinna landa. ■

## Bréf í French Connection lækka!

Bréf í tískufatafyrirtækinu French Connection, sem Baugur á rúmlega 13 prósent hlut í féllu um 5 prósent eftir afkomuviðvörun frá félaginu. Í yfirlýsingunni kom fram að að áætlaður hagnaður ársins myndi lækka úr 20 -25 miljónum punda niður í 11-14 milljónir punda. Ástæða lækkunar á afkomuspá er minni sala en ráð hafði verið fyrir gert. Þótt engar sölutölur hafi borist frá fyrirtækinu hafa greinendur áætlað að salan hafi minnkað um allt að fjórðung. Samkvæmt hlutabréfagreinendum er gengi fyrirtækisins alltof hátt en áhugi Baugs hefur virkað sem mótvægi á fallandi gengi FC. ■

## Ríkur, ríkari

Vladimir Lisin, næstríkasti maður Rússlands mun bæta hálfum milljarði dollara við auð sinn þegar stálframleiðslufyritæki hans Novolipetsk verður skráð á verðbréfamarkaði Lundúna. Listin sem er lærður verkfræðingur efnaðist fyrst á sovéttímanum þegar hann nýtti sér glufu í sovéskum lögum sem gerði einkaaðilum kleift að flytja út gallaðan málm. Þessi glufa leiddi til fyrirtækis sem velti 25 milljónum dollara á ári. Í dag er auður Vladimirs Lisin metinn á tæpa 660 milljarða íslenskra króna. ■

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




P & Ó www.internet.is/po
RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Láttu fagmenn skoða hjá þér raflögnina fyrir jólin.
Gleðilega hátíð!




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


# STUÐ MILLI STRÍÐA

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** FANN TÍMA FYRIR LISTASKURÐ.



Á aðventunni er alltaf mesta streðið að finna tíma. Það þarf tíma til að baka, þrífa, versla og allt hitt. Á einhverri stundu höfum við ákveðið að á aðventunni séu 30 klukkutímar í sólarhringnum, í stað þessara hefðbundnu 24. Að minnsta kosti högum við okkur þannig.

Til að spara mér tíma hef ég ákveðið að tína ekki allt fram úr öllum skápum, eins og uppeldið býður mér, heldur verður bara vel skúrað fyrir aðfangadag. Ég ætla bara að baka þrjár sortir af smákökum, en ekki tíu. Sparnaðarráðin, til að spara mér tíma, hrannast upp í kollinum.

Það er þó eitt sem ekki er hægt að sleppa við eða gera með hangandi hendi og það er laufabrauðsgerðin. Það var mætt með fjölskylduna á sunnudag og í sameiningu skárum við út og steiktum áttatíu kökur. Yngstu skurðarmeistararnir voru tveggja ára og skreyttu sín laufabrauð með ljómandi fínum broskörlum. Það var kannski ekki gert með þessu hefðbundna laufabrauðsmynstri, en útskornar voru kökurnar og foreldrar og börn ánægð.

Það þykir ekki fínt í minni fjölskyldu að skera með skurðarjárni. Þess í stað er notast við samansafn af misbeittum vasahnífum. Og það sem virkar mun betur - litlir skurðarhnífar sem hægt er að kaupa í apótekum. Með slíkum hnífum er hægt að skera út undurfínt mynstur sem er listamönnunum til sóma og þó ég segi sjálf frá eru margir slíkir listamenn í fjölskyldunni.

Eina vandamálið er að þegar búið er að skera út upphafsstafi allra í fjölskyldunni, skrifa „JÓL“ á nokkrar kökur, gera stjörnur, kerti og jólakúlur, þá eru hugmyndirnar uppurnar. Það er kannski spurning um að einhver fari að gefa út bókina 200 hugmyndir fyrir laufabrauðsútskurð. Enn stórvirkari fjölskyldur en mín, þessar sem skera út fjögur til fimm hundruð kökur fyrir hver jól, ættu að fara létt með að skrifa slíka bók.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 3 | | 4 | | | | 5 |
| 9 | | | | 6 | 5 | 8 | | |
| | | | | | 1 | 4 | | |
| | | 5 | | | 6 | | | |
| 8 | | | | | | | | 6 |
| | | | 5 | | | 1 | | |
| | | 4 | 2 | | | | | |
| | | 2 | 6 | 5 | | | | 8 |
| 7 | | | | 1 | | 9 | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 | 7 |
| 8 | 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 2 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 9 | 8 | 4 | 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 |
| 3 | 2 | 1 | 8 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 6 | 5 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILID
SECURITAS

# Leikbær

## Fékkst þú ekki stóra jóla-bæklinginn frá Leikbæ?




Sendu þá tölvupóst til leikbaer@leikbaer.is, eða hringdu í síma 568 4860 og láttu okkur vita, svo við getum sent þér eintak!




Hringbrot

**!** **Kl. 20.00**

*Hin árlega **bókaveisla** Sagnfræðingafélags Íslands og Söguafélags verður haldin í húsi Söguafélags í Fischersundi þar sem tíu höfundar nýrra sagnfræðilegra rita kynna verk sín.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Fara um Japan syngjandi

Íslenski söngflokkurinn Voices thules, sem sérhæfir sig í miðaldasöng, er á ferðalagi um Japan þessa dagana ásamt hópi hljóðfæraleikara og dansara. Þau, sem nefna sig Borealis Ensemble, eru samtals fimmtán, og eru að kynna íslenska miðaldatónlist á tónleikaferðalagi um fimmtán borgir í Japan. Ferðalagið hófst með tónleikum í Okayama í lok nóvember. Í kjölfarið fylgja borgirnar hver af annarri en lokaáfanginn er höfuðborgin Tókýó og er ferðinni heitið þangað núna í þessari viku.

Sverrir Guðjónsson, einn helsti forsprakki þessa ferðalags, segir undirbúning sýningarinnar hafa tekið heilt ár. Yfirskrift hennar er „Goðsagnir í íslenskri tónlist“, en þarna er að sögn Sverris á ferðinni viðamikil „myndræn tónlistarflétta þar sem miðaldir og samtími ganga í eina sæng“.

Hann segir eitthvað heillandi við japanskt samfélag, sem við Íslendingar getum lært mikið af. „Rætur listar, fágunar og mannlegra samskipta liggja langt aftur í aldir og er Japönum í blóð bornar. Hvert einasta viðvik er unnið af ýtrustu nákvæmni og fagmennsku,



þar sem virðingin fyrir verkinu er í fyrirrúmi. Maður gæti ætlað að slík nálgun kalli á þunga undiröldu og alvarlegheit, en annað er uppi á teningnum, húmorinn aldrei langt undan og Japanir afar hláturmildir.“

## > Ekki missa af ...



... hinum árlegu aðventutónleikum **Diddúar** og **Blásarasextetts Mosfellsbæjar**, sem haldnir verða í Mosfellskirkju annað kvöld.

... jólakvikmynd Kvikmyndasafns Íslands, sem í ár er **Pelle sigurvegari** eftir Bille August. Myndin verður sýnd í kvöld og á laugardaginn í Bæjarbíói í Hafnarfirði.

... **Stefáni Mána** og **Hermanni Stefánssyni** sem lesa upp úr nýjum bókum sínum á Skáldaspírukvöldi í bókaversluninni Iðu í kvöld.

# Rétt hljómsveit á réttum stað

**ANTONY AND THE JOHNSONS Í FRÍKIRKJUNNI 10. DESEMBER**

NIÐURSTAÐA

Frábær hljómburður Fríkirkjunnar hentaði tónlist Antony and the Johnsons fullkomlega, þeir gengu á lagið og skiluðu sínu óaðfinnanlega.

Hljómsveitin Antony and the Johnsons sótti Íslendinga heim í annað sinn á árinu um síðustu helgi og tróð upp í Fríkirkjunni á laugardags- og sunnudagskvöld. Sá sem þetta skrifar hlýddi á fyrri tónleikana.

Það væri synd að segja að stemningin í Fríkirkjunni hafi ekki verið hátíðleg á aðventunni og ljóstýrurnar frá kertunum og jólatrésseríunni hentuðu Antony and the Johnsons fullkomlega. Frá gluggasæti aftarlega í kirkjunni var reyndar enginn úr hljómsveitinni í sjónlínu, nema trommarinn og bassaleikarinn, auk frelsarans sem hékk í bakgrunni, en það kom ekki að sök.

Kevin Barker, gítarleikari sveitarinnar, hitaði upp með eigin efni og lék vissulega listavel á gítarinn þótt lögin væru í það heila óeftirminnileg.

Anthony var fagnað óspart þegar hann gekk í salinn; hluti af því helgaðist sjálfsagt af fjarveru klakaskúffunnar á NASA sem barþjónarnir léku svo eftirminnilega á á tónleikunum í sumar en áhorfendur höfðu greinilega miklar væntingar.

Það er óþarfi að fjölyrða um tónlist Antony and the Johnsons, enda nóg verið um hana sagt og skrifað, og skemmst frá því að segja að sveik engan. Tónlistin naut sín afskaplega vel í frábærum hljómburði Fríkirkjunnar og ekki sá ég betur en sumir þerruðu tár af hvörmum á köflum. Meginuppistaða tónleikanna voru lög af I Am a Bird Now sem kom út í ár, en einnig voru leikin lög af fyrri plötu hljómsveitarinnar sem og lög eftir menn á borð við Lou Reed og Leonard Cohen. Anthony gerðist svo forsjáll að mæta með trommusett í þetta sinn og hámark tónleikanna var þegar sveitin tók sitt besta lag, að mínu viti, hið sálarskotna Fistful of Love, þótt ég hafi óneitanlega saknað blásarasveitarinnar.

Sjálfur lék Anthony við hvern sinn fingur og átti salinn, hvort sem er í hæstu hæðum sinna fallegustu laga eða þegar hann sló á létta strengi inni á milli.

Tónleikarnir í sumar voru ágætir, en liðu fyrir staðsetningu. Grímur Atlason, sem stóð að tónleikunum, á hins vegar hrós skilið fyrir að gefa Antony and the Johnsons tækifæri til að koma aftur og skila sínu óaðfinnanlega við réttar aðstæður.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**MÚSÍKVATUR** Hann er einn þeirra sem koma fram í Jólaseríu Tilraunaeldhússins.








# Einvígi í Nýlistasafninu

Jólasería Tilraunaeldhússins fer af stað í kvöld þegar Borko, ásamt hljómsveit, og Magnús Helgason stilla saman strengi sína klukkan átta í Nýlistasafninu. „Verkið hans Magnúsar heitir Það er lifandi en getur dáið, og í kvöld verður einvígi á milli hans og Borko,“ segir Kristín Björk Kristjánsdóttir sem ásamt Jóhanni Jóhannssyni og Hilmari Jenssyni skipar Tilraunaeldhúsið.

Á fimmtudaginn verður svo annað kvöldið í röðinni og munu þá þrjú einvígi fara fram. „Þarna koma fram saman Gunnar Örn Tynes úr hljómsveitinni Múm og Eyrún Sigurðardóttir úr Gjörningaklúbbnum, Músíkvatur sem einnig er í hljómsveitinni Apparat og Örvar Þóreyjarson Smárason og að lokum Hildur Guðnadóttir úr Stórsveit Nix Noltes og Ingibjörg Birgisdóttir. Það hefur verið okkar áhersla í Tilraunaeldhúsinu að búa til skringilega tónleika og etja saman listamönnum í samstarfsverkefni og þetta erum við að leika okkur með í Jólaseríunni. Þar stefnum við saman myndlistarmanni á móti tónlistarmanni og er mjög misjafnt hvort listamennirnir æfi sig fyrir tónleikana eða hvort úr þessu verður einn allsherjar spuni.“

„Á laugardaginn munu svo Benni Hemm Hemm og Paul Lydon stilla saman strengi sína, einnig í Nýlistasafninu klukkan átta en Lydon hefur búið á Íslandi í um 15 ár, gaf út plötuna Vitlaust hús á sínum tíma og semur einhverja flottustu dægurlagatexta á íslenskri tungu sem um getur.“ Ókeypis er inn á öll kvöldin og því upplagt að skella sér í Nýlistasafnið og fylgjast með spennandi einvígjum á milli framúrstefnulegra listamanna. ■

# Mýrin heillar í Vesturheimi

Gagnrýnendur í Bandaríkjunum hafa látið heillast af Mýrinni eftir Arnald Indriðason, sem kom út þar vestra fyrir skömmu.

Gagnrýnandi Baltimore Sun segir söguna stórkostlega, Booklist segir hana kraftmikla og næma og gagnrýnandi Bookpage heillast af æsispennandi fléttu hennar.

Gagnrýnandi Baltimore Sun segir Arnald meðal annars sýna vel hvers vegna verk hans hafi sópað til sín verðlaunum erlendis og að Mýrin dragi allt í senn fram framandleika Íslands og það hversu líkir íbúar þess eru öðrum íbúum jarðarinnar.

Þá hafa fjölmargir skáldbræður Arnalds í Bandaríkjunum lýst opinberlega yfir hrifningu sinni á Mýrinni og segir John Connolly, höfundur Dark Hollow, að Arnaldur Indriðason sé að verða „ein skærasta stjarnan á myrkum himni glæpasagnaheimsins“.

Mýrin er ein af tíu áhugaverðustu glæpasögum sem komu út í Bandaríkjunum á árinu að mati ritstjórnar bandaríska blaðsins Kansas City Star. Er Arnaldur þar í hópi kunnra rithöfunda á borð við Michael Connelly og P.J. James. ■



**ARNALDUR INDRIÐASON** Heillar Bandaríkjamenn upp úr skónum.


MISS WORLD
Fegursta kona heims!
SKJÁREINN óskar Unni Birnu
til hamingju með titilinn Ungfrú heimur.

ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN





Björgvin Halldórsson Áragöld

SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970-2005

Stórkostleg safnplata í næstu verslun



BORGARLEIKHÚSIÐ

Carmen | Salka | Alveg brilljant | Woyzeck

| Stóra svið | | Nýja svið/Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **Salka Valka** | | **Þrjár systur e. Tsjekhov** | |
| Mi 28/12 kl. 20 | Su 8/1 kl. 20 | Nemendaleikhúsið | |
| | | Aðeins sýnt í desember | |
| **Woyzeck** | | Í kvöld kl. 20 | Fö 16/12 kl. 20 |
| Fi 29/12 kl. 21 | Fö 30/12 kl. 21 | Lau 17/12 kl. 20 | Su 18/12 kl. 20 |
| Lau 7/1 kl. 20 | Su 15/1 kl. 21 | **Manntafl** | |
| **Kalli á þakinu** | | Mi 28/12 kl. 20 | |
| Má 26/12 kl. 14 | Su 8/1 kl. 14 | **Alveg brilljant skilnaður** | |
| Su 15/1 kl. 14 | | | |
| **Carmen** | | Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING | |
| Fi 12/1 kl. 20 FORSÝNING miðav. 2.000- kr | | Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING | |
| Fö 13/1 kl. 20 FORSÝNING miðav. 2.000- kr | | Síðustu sýningar! | |
| Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | | | |

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

**Miðasala á netinu**
Borgarleikhúsið hefur opnað miðasölu á netinu
Einfalt og þægilegt á vefsíðunni www.borgarleikhus.is

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.

EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00 nokkur sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag þri. 13/12 kl. 10:00 **uppselt** og kl. 11:15 **uppselt**, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 **uppselt**, lau. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, **aukasýning kl. 15:00** og kl. 17:00 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 15/12 kl. 21:00 Útgáfutónleikar L'Amour fou - Íslensku lögin.
Fös. 16/12 **uppselt** og lau. 17/12 örfá sæti laus - Jólahlaðborð Leikhúskjallarans.
Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum.
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




**SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR SÖNGKONA** Hún heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld en platan hennar, Melodia, er komin í verslanir.

# Notaleg jólastemning

Fyrsta sólóplata söngkonunnar Sólveigar Samúelsdóttur er komin í verslanir og í kvöld heldur hún útgáfutónleika af því tilefni.

„Þetta verður á ljúfu nótunum hjá okkur í kvöld og fólk má bara búast við mjög notalegri stemningu. Þetta eru ekki beinlínis jólalög en þau passa samt inn í þessa rólegheita jólastemningu," segir Sólveig.

Platan nefnist Melodia og á henni er að finna tólf lög eftir ýmsa tónlistarmenn og má þar helst nefna Burt Bacharach, Henry Mancini, George Michael, Ennio Morricone og Samúel Jón Samúelsson úr Jagúar en hann er einnig bróðir Sollu og er þetta í fyrsta skipti sem þau systkinin vinna saman að tónlist.

„Við völdum lögin í sameiningu og það er eiginlega þarna sem okkar tónlistarsmekkur sameinast. Við höfum bæði mikinn áhuga á kvikmyndatónlist og við lögðum upp með að lögin hefðu fallegar melódíur, það var skilyrðið fyrir því að lögin kæmust á plötuna."

Páll Óskar Hjálmtýsson er sérstakur gestur á plötunni og syngur lagið „We have all the time in the world" með Sollu. Páll Óskar kemur einnig fram á tónleikunum sem haldnir eru í Iðnó og hefjast klukkan níu.

Solla kemur fram ásamt tíu manna hljómsveit sem spilar einnig með henni á plötunni og er Samúel bróðir hennar tónlistarstjóri. Miðasala er farin vel af stað og fer hver að verða síðastur að kaupa sér eitt stykki, en miðasalan er í Iðnó og á www.midi.is.

# Sálin fékk gullplötu

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns fékk á dögunum afhenta gullplötu fyrir nýjustu plötu sína Undir þínum áhrifum, sem hefur selst í 5000 eintökum. Afhendingin fór fram við verslun Skífunnar í Kringlunni, þar sem Sálin var jafnframt að árita plötuna.

Undir þínum áhrifum hefur fengið mjög góðar viðtökur síðan hún kom út og þykir minna á eldri verk sveitarinnar þegar blásturshljóðfæri voru áberandi.



**SÁLIN** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns ásamt Höskuldi Höskuldssyni frá Senu með gullplöturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
24. sýn. 28. des.
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA



fim. 15.12 laus sæti
fös. 16.12 laus sæti
lau. 17.12 laus sæti
þri. 27.12 örfá sæti laus
mið. 28.12 laus sæti
fim. 29.12 **uppselt**

GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.



Leikhópurinn Á senunni kynnir:
ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN
Sýnt í Tjarnarbíói Tjarnargötu 12.
Miðasala er hafin í síma 861 9535 og á senan@senan.is



mið. 14. des. kl. 10.00
fim. 15. des. kl. 10.00
lau. 17. des. kl. 17.00
sun. 18. des. kl. 14.00
sun. 18. des. kl. 16.00
ATH - AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!
www.senan.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

10 11 12 **13** 14 15 16

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

- 20.00 Jólamynd Kvikmyndasafnsins að þessu sinni er dansk-sænska kvikmyndin **Pelle sigurvegari** í leikstjórn **Bille August**. Sýnd í Bæjarbíói í Hafnarfirði í kvöld og á laugardag.

### TÓNLEIKAR

- 21.00 Útgáfutónleikar **Sólveigar Samúelsdóttur** verða í Iðnó. Hún kemur fram ásamt 10 manna hljómsveit skipaðri **Ómari Guðjónssyni, Jóhanni Hjörleifssyni, Petter Winnberg, Mikael Svensson, Kjartani Hákonarsyni** og **Samúel Jóni Samúelssyni**. Einnig mætir **Páll Óskar Hjálmtýsson**.

### FUNDIR

- 20.30 **Vilborg Dagbjartsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Silja Aðalsteinsdóttir** og **Þorleifur Hauksson** ræða um **Stefán Jónsson** rithöfund og kennara í Snorrastofu í Reykholti í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu hans.

### BÆKUR

- 12.15 **Árni Þórarinsson** les úr spennusögu sinni, Tími nornarinnar, í bókasal Þjóðmenningarhússins í hádeginu. Súpa í boði á veitingastofunni.

- 20.00 Hin árlega **bókaveisla** Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags verður haldin í húsi Sögufélags í Fischersundi. **Guðjón Friðriksson, Guðmundur Magnússon, Jón Ólafur Ísberg, Jón M. Ívarsson, Magnús Guðmundsson, Magnús Lyngdal Magnússon, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Þóra Kristjánsdóttir** og **Viðar Hreinsson** segja frá nýjum bókum sínum af sagnfræðilegum toga. Fundarstjóri verður **Guðni Th. Jóhannesson**.

- 20.00 **Stefán Máni** og **Hermann Stefánsson** les upp á 49. Skáldaspírukvöldinu sem haldið verður í bókaverslunninni Iðu við Lækjargötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







# Íslendingasaga Sturlu endurútgefin

Sturlungaútgáfan svonefnda gaf 1946 út Sturlungu í tveimur bindum. Aðalumsjónarmaður þeirrar útgáfu var Jón Jóhannesson prófessor, en að henni unnu með honum þeir Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn.

Árið 1974 gaf Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins hins vegar sérstaklega út fyrra bindi útgáfunnar 1946, Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar, með leyfi þeirra sem stóðu að útgáfunni, og annaðist Finnbogi Guðmundsson þá útgáfu. Hún er löngu ófáanleg og réðist Þjóðvinafélagið í að gefa hana út á ný.




Það var nýjung 1974 að útgáfan var myndskreytt. Hafði Finnbogi valið úr allri sögunni um eitt hundrað atvika en listamennirnir Þorbjörg Höskuldsdóttir og Eiríkur Smith gerðu sér myndefni úr helmingi þeirra og setja teikningar þeirra mikinn svip á útgáfuna. Bókarkápuna prýðir mynd eftir Þorbjörgu og sýnir viðburð þann sem svo er lýst í bókinni: „Ari andaðist í Nóregi. Hann gekk til með mönnum að bera langskipsrá. En með því að þeir vissu að Ari var sterkari en aðrir menn, þá hljópu þeir undan ránni, en Ari lét eigi niðr falla at heldr.

Eftir þat tók hann sótt ok andaðist.“

Styrk til endurútgáfunnar veittu Menningarsjóður, Menningarsjóður Íslandsbanka og Dalabyggð.

# Talað um Hjalta litla í Reykholti

Stefáns Jónssonar rithöfundar og kennara verður minnst í Snorrastofu í Reykholti í dag í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá fæðingu hans. Stefán var þjóðþekktur barnabókahöfundur, en þekktustu barnabækur hans eru bækurnar um Hjalta litla sem komu út 1948-51.

Dagskráin hefst á því að Vilborg Dagbjartsdóttir segir fáein orð um Stefán, síðan flytur Dagný Kristjánsdóttir erindið „Fullorðin börn. Um Hjalta og Snorra.“

Síðan ræðir Silja Aðalsteinsdóttir um konu og karla í lífi Ásgeirs Hansen og loks gluggar Þorleifur Hauksson í bréf og dagbækur Stefáns.

Á dagskránni syngur Snorri Hjálmarsson nokkur lög við kvæði Stefáns og einnig verða til sýnis munir í eigu Safnahúss Borgarfjarðar.



**SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR** Segir nokkur orð um Stefán Jónsson rithöfund á minningardagskrá í Reykholti í dag.






fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is





Páll Ketilsson og Ásdís Pálmadóttir komust í hátíðarskap á fjórðu tónleikum Frostrósa.

**GLÆSILEG UMGJÖRÐ** Laugardalshöllin hefur sennilega aldrei litið jafn glæsilega út og hafði öllu verið tjaldað á þessum jólatónleikum.

# Laugardalshöll í jólabúningi Frostrósa

Laugardalshöllin skartaði sínu fegursta síðastliðið laugardagskvöld þegar síðustu tónleikar Frostrósa voru haldnir. Aðsóknin var gríðarleg og neyddust tónleikahaldarar til að bæta við aukatónleikum sem voru haldnir fyrr um daginn. Þar var öllu tjaldað sem til var og segja kunnugir að Laugardalshöll hafi aldrei verið flottari. Góður rómur var gerður að tónleikunum en á næsta ári verða þessir tónleikar haldnir hér á landi á evrópska vísu. Íslensku söngdívurnar sjö kvöddu því þetta verkefni með stæl og sungu jólin inn í hvert hjarta. ■



Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Valgerður Guðnadóttir, Gunnar Guðbjörnsson og Ragnhildur Gísladóttir voru ánægð með dagsverkið enda troðfylltu þau Höllina tvívegis sama daginn.



**FLOTT** Margrét Eir tók sig vel út á sviðinu í Laugardalshöll en góður rómur var gerður að tónleikunum.




# Tarantino tryllir lýðinn 30. desember í Háskólabíói

Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Quentin Tarantino heldur bíópartí hér á landi föstudaginn 30. desember en hann kemur hingað á vegum IFF. Tarantino kemur með þrjár myndir úr einkasafni sínu og sýnir íslenskum kvikmyndagestum. Þeim gefst síðan tími til að spjalla við hann eftir sýningu hverrar myndar en leikstjórinn er annálaður safnari. Þetta verður því sannkallað maraþon því fyrsta myndin verður sýnd klukkan níu en reiknað er með að veislan standi til klukkan þrjú um nóttina.

Tarantino var hér á landi fyrr á þessu ári í kringum heimsforsýningu á kvikmyndinni Hostel. Hann hreifst af landi og þjóð og boðaði komu sína fljótlega aftur. Að þessu sinni ætlar Tarantino að dvelja hér yfir áramótin og mun eflaust standa á öndinni yfir sprengjuæðinu sem grípur landann á þessum tíma. Eins og frægt er orðið talaði bandaríski leikarinn Kiefer Sutherland um þetta magnaða kvöld í þætti Davids Letterman og sagðist aldrei hafa séð annað eins. Miðað við góðærið að undanförnu ættu lætin að vera engu minni nú en þá.

Tarantino verður þó ekki einn á ferð því samkvæmt fréttatilkynningu IFF ætla fjórir til fimm vinir hans að koma með honum. Meðal þeirra má reikna með að verði vel þekkt andlit úr skemmtanabransanum en leikstjórinn hefur verið ötull við að kynna land og þjóð meðal vina sinna. Miðað við þá frásagnargleði sem Tarantino sýndi á blaðamannafundinum þá hefur það varla reynst honum erfitt að sannfæra fólk um að koma með. Hann hefur haft Hrafninn flýgur og skyr uppi í erminni enda fór hann héðan hlaðinn gjöfum og víkingamyndirnar voru þar langvinsælastar, enda lýsti leikstjórinn því yfir að hann dreymdi um að gera slíka mynd. ■



**TARANTINO** Féll fyrir landi og þjóð í sinni fyrstu heimsókn hingað. Hann heldur bíópartí í Háskólabíói föstudaginn 30.desember. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI



**TRABANT** Ragnar Kjartansson og félagar í Trabant munu væntanlega gera allt vitlaust á Nasa.

# Eðal jólagrautur

Mugison, Hjálmar og Trabant koma fram á Nasa næstkomandi föstudag í sannkölluðum jólagraut.

Mugison, sem er hættur að koma fram einn með fartölvuna sína, mun syngja bæði með Hjálmum og Trabant og munu lög eftir alla aðila fá að hljóma.

Einnig er líklegt að nýtt lag eftir Mugison sem hann syngur með Hjálmum verði frumflutt opinberlega á Nasa. Lagið nefnist Ljósvíkingur og er að sjálfsögðu í reggístílnum. Gæti svo farið að tónleikarnir endi síðan í einum stórum tónlistargraut.

Mugison er nýkominn úr tónleikaferð um Bandaríkin, Þýskaland og Skandinavíu sem gekk prýðilega. „Það var mjög gaman í Bandaríkjunum. Þeir eru svolítið „crazy“ þar en samt mjög jákvæðir og glaðir,“ segir hann. Þegar Mugison var staddur í Danmörku segist hann hafa rekið upp stór augu er hann sá andlit sitt á forsíðu dagblaðsins Politiken. „Ég hélt í eitt augnablik að ég væri orðinn stórstjarna en síðan breyttist það þegar enginn leit við mér úti á götu,“ segir hann.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison mun koma fram ásamt Hjálmum og Trabant.

Mugison mun á næstunni hefja vinnu við nýja plötu, en síðasta plata hans, A Little Trip sem hefur að geyma tónlist úr myndinni A Little Trip to Heaven, er nýkomin út.

Tónleikarnir á föstudag hefjast klukkan 24.00 og kostar 2000 krónur inn. Forsala miða fer fram í 12 Tónum.



**HJÁLMAR** Reggísveitin Hjálmar tók nýverið upp lag með Mugison.
















## FRÉTTIR AF FÓLKI



Jessica Simpson er strax farin að skoða íbúðir í New York eftir að hafa nýlega sagt skilið við eiginmann sinn Nick Lachey. Simpson hefur engan áhuga á að snúa aftur til Calabas í Kaliforníu þar sem þau hjónin bjuggu áður og er því að leita að íbúð í New York þar sem hún vill helst komast sem lengst í burtu.



Leikkonan Kate Winslet passaði alltaf fremur illa inn í hópinn þegar hún var yngri og telur hún að það hafi bjargað sér frá því að prófa eiturlyf. „Ég missti af öllu djamminu og mér hefur aldrei á ævinni verið boðið kókaín og ég hef aldrei prófað það. Ég var ekki í slíku umhverfi. Ég sætti mig bara við að vera utanveltu og hugsaði, „Allt í lagi, svona er ég bara,““ sagði Winslet.



Paula Abdul hefur ákveðið að gefa út ævisögu sína. Poppsöngkonan, sem nú er dómari í Ameríska Idol þættinum, segist hlakka til að segja frá lífi sínu. „Ég hitti Richard Branson um daginn og hann ætlar að gefa út ævisöguna mína," þetta er svo spennandi!" sagði hún æst.



George Michael hefur gagnrýnt poppsenuna í dag og segir orðið popp núorðið merkja það sama og orðið skítur. Hann segist þó ekkert hafa á móti þessari tónlistarstefnu heldur frekar hvað hún stendur fyrir. „Ég er alls ekki anti-popp. Ég er popp, Motown var popp en núorðið virðist orðið popp merkja það sama og orðið skítur," sagði hann hneykslaður.



Aðdáendur söngkonunnar Britney Spears hafa sett á fót heimasíðuna DivorceKevin.com þar sem hún er hvött til að skilja við eiginmann sinn Kevin Federline. Í síðustu viku var orðrómur uppi um að þau ætluðu að skilja eftir fimmtán mánaða hjónaband, eftir að bíll Federline var dreginn frá heimili þeirra í Malibu.






**SHREK** Dreamworks hefur framleitt Shrek-teiknimyndirnar með góðum árangri undanfarið

# Paramount kaupir Dreamworks

Kvikmyndaframleiðandinn Paramount Pictures hefur keypt kvikmyndaverið Dreamworks fyrir tæpa 64 milljarða króna. Með kaupunum er vonast til að bæði fyrirtækin bæti fjárhagsstöðu sína, sem hefur ekki verið upp á það besta upp á síðkastið.

Stórlaxarnir Steven Spielberg, Jeffrey Katzenberg og David Geffen stofnuðu Dreamworks fyrir ellefu árum og ætluðu sér stóra hluti með fyrirtækið. Ætluðu þeir að stofna fjölmiðlaveldi sem hefði yfir að ráða öflugri framleiðslu fyrir sjónvarp, kvikmyndir, tónlist og netið. Þeir munu halda áfram að starfa undir merkjum Dreamworks. Talið er að kaupin séu töluverð áhætta fyrir Paramount, sem hefur verið undir þrýstingi frá eiganda sínum Viacom Inc. um að auka gæði mynda sinna og þéna meiri pening í leiðinni.

Með kaupunum fær Paramount dreifingarréttinn á 59 titlum, þar á meðal óskarsverðlaunamyndunum American Beauty og Gladiator. Fyrirtækið fær einnig dreifingarréttinn að Shrek-myndunum sem hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár.



HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is



















ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 12 Á MIÐNÆTTI | B.I. 12 |
| KING KONG VIP | KL. 12 Á MIÐNÆTTI | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 4-5-7.10-8.10-10.20 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 3.50-6-8.10-10.20 | |
| NOEL | KL. 3.50-6-8.10 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 8 | B.I. 10 |
| THE EXORCISM OF EMILY ROSE | KL. 10.15 | B.I. 16 |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8 | B.I. 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 8-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 | |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 12 Á MIÐNÆTTI | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8-10.10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-8-10 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 5.45-8-10.15 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 6 | |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.20 | B.I. 16 |

Háskólabíó



**JENNY SHIMIZU** Samkvæmt Jenny hefur samband hennar og Angelinu Jolie aldrei tekið enda.

# Ég er ennþá ástkona Angelinu

Ofurfyrirsætan Jenny Shimizu segist ennþá vera ástkona Angelinu Jolie, þrátt fyrir samband þeirrar síðarnefndu og leikarans Brad Pitt. „Sambandi okkar hefur aldrei lokið og ég held að því eigi aldrei eftir að ljúka," sagði Jenny. Lét hún þessi orð falla í heimildarmyndinni Angelina - Saint or Sinner á sjónvarpsstöðinni Sky One-s. Þetta er í fyrsta sinn í tíu ár sem Jenny talar opinberlega um samband sitt við Jolie.

Jenny segist aldrei hafa hitt Pitt, sem skildi við eiginkonu sína Jennifer Aniston til að geta byrjað með Jolie. „Hann virðist koma úr allt annarri átt. Hann vill eignast börn og eiga fullkomið hjónaband. Hún er aftur á móti erfið kona að eiga við því hún gerir allt sem henni dettur í hug. Ég held að það sé ekki hægt að hafa stjórn á Angelinu. Hún verður aldrei húsmóðir."

Jenny, sem er einnig leikkona, byrjaði að sofa hjá Jolie eftir að þær hittust við tökur á myndinni Foxfire árið 1993. Þá var Angelina í tygjum við leikarann Jonny Lee Miller sem hún giftist síðan. Það kom þó ekki í veg fyrir ástarsambandið með Jenny. „Hún er gullfalleg," sagði Jenny um Jolie. „Munnurinn hennar er ótrúlegur. Ég hef aldrei kysst neinn með stærri munn en Angelina. Hann er eins og tvö vatnsrúm; stór, þægilegur og fallegur."



**ROBBIE** Söngvarinn breski hefur verið beðinn um að syngja næsta Bond-lag.

# Beðinn um að syngja Bond-lag

Söngvarinn Robbie Williams hefur verið beðinn um að flytja titillag næstu James Bond-myndar. Tony Christie hefur þegar samið lagið og hann segir að rödd Robbie henti laginu fullkomlega.

„Rödd Robbie myndi passa mjög vel. Hann er líka afar vinsæll núna og þess vegna myndi það passa vel ef hann tæki verkefnið að sér. Ég er mikill aðdáandi gamalla 007-laga eins og Goldfinger með Shirley Bassey og Thunderball með Tom Jones og þess vegna reyndi ég að semja lag sem endist vel og lengi," sagði Christie.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Grínistinn Chris Rock segist ekki verða kynnir á næstu óskarsverðlaunahátíð. Rock var kynnir í fyrsta sinn í fyrra. Þrátt fyrir að fleiri yngri áhorfendur hafi horft á hátíðina en áður vegna hans þótti hann fullgrófur í gríni sínu. Meðal annars gerði Rock grín að Jude Law. Fór það fyrir brjóstið á Sean Penn, sem kom Law til varnar skömmu síðar og sagði hann prýðisleikara.



Leikarinn Matt Damon kvæntist Luciana Barroso í kyrrlátri athöfn í New York á föstudagsmorgun. Alexa, sjö ára dóttir Barroso, var viðstödd athöfnina en Ben Affleck, góðvinur Damon, var hvergi sjáanlegur. Hjónin nýgiftu hittust á næturklúbbi í Miami fyrir rúmu einu og hálfu ári og trúlofuðu sig í september.



Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



GÓLF-MOTTUR
við innganginn borga sig
Vörn gegn óhreinindum og bleytu
CORAL®
Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar
GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

Áttu eitthvað mýkjandi og gott fyrir jólin?




L'ORÉAL MEN EXPERT

Með L'Oréal Men Expert rakakremi og rakgeli fylgja taska og hreinsigel með sem kaupauki.

Lyf & heilsa
Við hlustum!



## Óveður í Laugardal

Það gustar af stuðningsmönnum Þróttar þessa dagana sem fara mikinn á spjallsvæði félagsins en þeir eru ekki par sáttir við Atla Eðvaldsson og stjórn Þróttar og virðast standa þétt við bak hins brottrekna fyrirliða liðsins, Páls Einarssonar. Heyrst hefur að aðeins sé tímaspursmál hvenær spjallinu verði lokað.

**sport**
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN SKÚLASON LANDSLIÐSÞJÁLFARI KVENNA Í KÖRFUKNATTLEIK: SKRIFAÐI UNDIR SAMNING Í GÆR

# *Er í körfubolta til þess að vinna*

Guðjón Skúlason skrifaði í gær undir samning við Körfuknattleikssamband Íslands en hann mun þjálfa A-landslið kvenna næstu tvö árin. „Það leggst afar vel í mig að þjálfa íslenska landsliðið. Það eru margir góðir leikmenn í íslenskum kvennakörfubolta og ég held að það sé vel hægt að búa til gott íslenskt landslið. Ég hef ávallt farið í leiki til þess að vinna þá og það breytist ekkert þó ég sé orðinn landsliðsþjálfari. Vonandi tekst mér að skapa mikinn sigurvilja innan landsliðsins," sagði Guðjón.

Fyrsta verkefni Guðjóns sem landsliðsþjálfara verður að undirbúa íslenska liðið undir Evrópukeppnina sem fram fer í febrúar á næsta ári, en dregið verður í riðla ellefta febrúar.

Guðjón vonast til þess að landsliðið nái að leika nokkra leiki áður en úrslitakeppnin í B-deild Evrópumótsins fer fram. „Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir landsliðið að spila helst ekki minna en fjóra leiki áður en úrslitakeppnin fer fram. Ég sem landsliðsþjálfari mun fyrst og fremst einbeita mér að því að koma á góðu skipulagi og efla leikskilning leikmanna. Landsliðsþjálfari verður að geta gert kröfur að leikmenn skili sér í góðu formi frá félögunum og ég reikna með því að starfa farsællega með þjálfurum félaga."



Kvennakörfubolti hefur verið í mikilli sókn síðustu ár og var fyrst á þessu ári sem íslenskt félagslið tók þátt í Evrópukeppni, en það var lið bikarmeistara Hauka sem það gerði.

Fyrsti sigur íslenska kvennalandsliðsins var árið 1989, en þá lagði liðið Kýpur með tíu stiga mun. Árið 1996 vann liðið svo sinn fyrsta mótssigur, þegar Ísland sigraði á smáþjóðamóti FIBA, og hafa síðan verið miklar framfarir í íslenskum kvennakörfubolta.

Guðjón segist hafa mikla trú á þeim fjölmörgu efnilegu stelpum sem leika hér á landi. „Ég hef fylgst vel með körfubolta kvenna, og það er alveg ljóst að framtíðin er björt í íþróttinni."

## > D-dagur hjá Loga



Handknattleikskappinn Logi Geirsson fer í myndatöku í dag vegna þrálátra bakmeiðsla en hann er nýbyrjaður að leika á ný og fann strax verki í bakinu. Hann sleppti því að spila í Evrópukeppninni með Lemgo um helgina og hann fær væntanlega úrskurð um það í dag hvort hann geti leikið næstu vikur og þá um leið hvort hann eigi nokkra von um að komast í EM-hóp landsliðsins.






# Indriði á leið til Stoke?

**Íslenski landsliðsmaðurinn Indriði Sigurðsson er sterklega orðaður við enska 1. deildarfélagið Stoke City í The Sentinel í gær. Vinstri bakvörður er efstur á óskalista stjóra félagsins, Johans Boskamp, sem hefur skoðað Indriða í tvígang.**

**FÓTBOLTI** Johan Boskamp, knattspyrnustjóri Stoke, virðist ekkert hafa á móti Íslendingum eins og talið var að forveri hans, Tony Pulis, gerði því hann er nú að spá í að bæta við sig öðrum Íslendingi.

Indriði er einn margra leikmanna sem Boskamp skoðaði í nýelgri „njósnaför" til Belgíu og Hollands. Þetta er í annað sinn sem Boskamp skoðar Indriða því hann var fyrst að spá í hann í upphafi árs en hætti við að kaupa áður en leikmannamarkaðurinn lokaði.

Staðan er samt enn sú sama hjá Stoke. Þá vantar góðan vinstri bakvörð og þess vegna ákvað Boskamp aftur að kíkja á Indriða og er talið líklegt að hann geri tilboð í hann í janúar en Indriði spilar með Genk í Belgíu.

Fram kemur í frétt The Sentinel að Boskamp ætli að stokka hressilega upp í leikmannahópi sínum í janúar. Margir munu koma og einhverjar fá að fjúka en tekið er fram að hann hafi sagt Þórði Guðjónssyni að honum sé óhætt að yfirgefa svæðið.

„Ég vissi ekkert af því að hann væri að fylgjast með og veit í raun ekkert meira en stendur í Sentinel í dag," sagði Indriði þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær en Indriði sagði það ekki hafa komið sér á óvart að Boskamp hafi ekkert gert í málunum í ágúst því hann hafi átt dapran dag þegar Boskamp mætti á völlinn. Hann átti mun betri leik þegar Boskamp sá hann um daginn.

Samningur Indriða við Genk rennur út næsta sumar og Indriði segist vera tilbúinn að prófa nýja hluti og þá horfir hann sérstaklega til Englands.

„Ég mun ekki skrifa undir nýjan samning við Genk og því er aldrei að vita nema ég fái að fara í janúar. Mig langar að fara til Englands og því myndi ég skoða



**INDRIÐI SIGURÐSSON** Spenntur fyrir því að fara til Englands og aldrei að vita nema tilboð komi frá Stoke City innan tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/

það mjög alvarlega ef Stoke hefði samband. Mér líst vel á klúbbinn og svo er þetta frábær deild sem ég held að myndi henta mér vel," sagði Indriði Sigurðsson, leikmaður Genk í Belgíu.

henry@frettabladid.is



**JOHN ARNE RIISE** Verðlaunapeningurinn fyrir sigur í meistaradeildinni hefur greinilega ekki mikið gildi fyrir hann.

John Arne Riise:

## Seldi medalíuna

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Liverpool eru ekki beint sáttir við John Arne Riise þessa dagana enda bendir flest til þess að verðlaunapeningurinn sem hann fékk fyrir sigur í Meistaradeildinni með Liverpool hafi verið seldur á eBay.

Aðeins voru gefnar 25 medalíur eftir leikinn og það er staðfest að ein þeirra var seld fyrir rúmlega 150 þúsund krónur á eBay. Breska slúðurblaðið The Sun hefur gögn undir höndum sem eiga að sanna að það hafi verið Riise sem seldi medalíuna sína. Liverpool er enn að rannsaka málið en getur eflaust lítið gert enda ekki félagsins að ákveða hvað leikmenn gera við verðlaunin sín.



**DEJAN PERIC** Meiddur og fer ekki á EM.

Dejan Peric:

## Missir af EM

**HANDBOLTI** Serbneski markvörðurinn Dejan Peric, sem stendur á milli stanganna hjá Barcelona, verður væntanlega ekki með Serbum á EM í janúar en hann meiddist í leik Barcelona og Magdeburg um helgina og verður frá næstu átta vikurnar.

Þetta eru góðar fréttir fyrir íslenska landsliðið enda erum við í riðli með Serbum.



**RONALDINHO** Tryggði Barcelona enn einn sigurinn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Barcelona á siglingu:

## Jafnaði met

**FÓTBOLTI** Barcelona er heitasta lið Evrópu í dag og til að undirstrika það vann liðið sinn ellefta leik í röð á sunnudag en það er jöfnun á félagsmeti.

Snillingurinn Ronaldinho tryggði sigurinn gegn Sevilla með stórkostlegu einstaklingsframtaki skömmu fyrir leikslok. Hann fékk afhent verðlaunin fyrir að vera besti knattspyrnumaður Evrópu fyrir leikinn og það var móðir hans, Miguelina, sem afhenti honum verðlaunin.

- hbg

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, fer ekki fögrumorðum um Alan Shearer:

# Wenger farinn í stríð við Shearer

**FÓTBOLTI** Newcastle lagði Arsenal um helgina, 1-0, og tapið virðist ekki hafa farið vel í Wenger, sem hefur látið heyra í sér í fjölmiðlum sem aldrei fyrr. Wenger sagði þetta aðspurður um hvort hann myndi sakna Shearers en hann ætlar að leggja skóna á hilluna næsta sumar.

„Mun ég sakna hans? Ég þekki hann ekki einu sinni. Hann hefur aldrei verið leikmaður hjá mér og ég vil ekkert tjá mig um það," sagði Wenger frekar fúll en framganga Shearers í leiknum var Wenger ekki að skapi.

„Þegar Shearer fer upp í skallabolta fer hann alltaf fyrst í manninn. Ég meina, viljum við horfa á fótbolta eða eigum við að slá þessu upp í eitthvert júdópartí? Ég hef ekkert á móti átökum eða slíku en mér fannst leikmenn Newcastle ganga of langt. Þá er ég að tala um hvernig þeir fara í boltann," sagði Wenger en Shearer gefur lítið fyrir gagnrýni Frakkans.

„Maður verður að láta finna fyrir sér. Ef maður mætir á völlinn og lætur hrinda sér fram og til baka þá kemst maður ekkert áfram. Ég veit ekki um neinn leikmann sem lætur ekki finna fyrir sér. Þetta er leikur fyrir stóra stráka," sagði Shearer og játaði einnig að hans menn hefðu reynt að æsa Arsenal upp. „Að sjálfsögðu. Við erum ekkert heimskir. Við vitum hvað við erum að gera."

henry@frettabladid.is

**ÞOLIR ILLA MÓTLÆTIÐ** Mótlætið fer ekki vel í Arsene Wenger, stjóra Arsenal, sem kvartar og kveinar undan Alan Shearer. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES





Jóla pakkinn í ár
Playstation2 er jólapakkinn í ár
Gleðileg leikjajól!
Krakkapakkinn
Playstation2 + leikjapinni + 3 leikir
Ratchet 3
Jak 3
Kingdom Hearts
15.999
Hasarpakkinn
Playstation2 + leikjapinni + 3 leikir
Killzone
Tekken 4
Getaway Black Monday
15.999
Bílapakkinn
+Playstation2 +leikjapinni 3 leikir
WRC 4
Formula one 04
Gran Turismo 3
15.999
BT
Playstation2 í jólapakkann
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



**CHRIS RIGGOTT** Riggott hefur verið einn besti varnarmaður Middlesbrough síðustu ár, og er eftirsóttur þessa dagana.

Chris Riggott ósáttur:

## Ekki besti vinur Bennett

**FÓTBOLTI** Chris Riggott, varnarmaður Middlesbrough, var rekinn útaf í leik Middlesbrough og Liverpool um síðastliðna helgi og er hann æfur út í Steve Bennett, dómara leiksins. „Ég skil ekki hvers vegna ég var rekinn útaf. Mér fannst fyrra gula spjaldið vera harður dómur en seinna spjaldið var alls ekki sanngjarn dómur. Ég ætlaði mér ekki að sparka í Gerrard og ég kom varla við hann. Ég er ekki mikill aðdáandi Bennett þessa dagana,“ sagði Riggott reiður í viðtali við opinbera vefsíðu Middlesbrough.

Riggott hefur verið orðaður við Liverpool í haust en Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, hyggst styrkja leikmannahóp sinn í janúar og leitar sérstaklega að sterkum varnarmanni.

Steve McLaren, knattspyrnustjóri Middlesbrough, segir Riggott ekki vera til sölu. „Það kemur ekki til greina að selja Riggott. Hann á framtíðina fyrir sér og á eflaust eftir að verða fastamaður í enska landsliðinu í framtíðinni. Ég vona bara að þetta bjánalega rauða spjald gegn Liverpool verði til þess að Benitez reyni að kaupa aðra leikmenn.“ - mh

Tal Ben Haim:

## Undir smásjá Chelsea

**FÓTBOLTI** Chelsea er alltaf að leita að nýjum leikmönnum og sá nýjasti sem orðaður er við félagið er ísraelski varnarmaðurinn Tal Ben Haim.

Þessi 23 ára strákur hefur slegið í gegn hjá Bolton og vakið verðskuldaða athygli. Bolton ætlar að gera allt til að halda honum.

“Tal er lykilmaður í okkar liði og hreinlega ekki til sölu,” sagði Sam Allardyce, stjóri Bolton. “Chelsea hefur ekki verið í neinu sambandi við okkur og það dugar heldur ekkert því við ætlum ekki að selja hann.”

Það kom mörgum á óvart þegar Allardyce keypti þennan strák frá Maccabi Tel Aviv síðasta sumar en Stóri Sam sýndi enn og aftur að hann er lunknari en flestir aðrir stjórar að finna óslípaða demtanta sem síðan hafa blómstrað undir hans stjórn hjá Bolton.

# Orðinn kóngurinn á Ítalíu

**Frakkinn Patrick Vieira hefur staðið sig frábærlega með liði Juventus það sem af er leiktíð. Fabio Capello, knattspyrnustjóri Juventus, telur hann besta miðvallarleikmann í heims í dag.**

**FÓTBOLTI** „Á ótrúlega skömmum tíma hefur Vieira tekist að aðlagast ítalskri knattspyrnu og hann er að mínu mati besti miðjumaður heimsins í dag,“ sagði Fabio Capello, knattspyrnustjóri Juventus, fyrir skömmu en síðan Patrick Vieira gekk til liðs við Juventus hefur hann leikið frábærlega í ítölsku úrvalsdeildinni.

Það bjuggust ekki margir við því að Vieira myndi fara frá Arsenal, þar sem hann gegndi stöðu fyrirliða um árabil, en eftir að Arsenal ákvað að selja hann til ítalska stórliðsins Juventus í sumar hefur hann á stuttum tíma náð að skapa sér nafn sem einn allra besti miðvallarleikmaður sem nú leikur á Ítalíu.

Brasilíski landsliðsmaðurinn Emerson, sem leikur við hlið Vieira inni á miðjunni, segist ekki hafa gert sér grein fyrir því hversu góður leikmaður Vieira væri áður en hann fór sjálfur að leika með honum.

„Vieira er sennilega besti miðvallarleikmaður sem ég hef leikið með. Hann hefur hæfileika sem gera hann að mikilvægum liðsmanni og það er alveg ljóst að með hann innanborðs eigum við meiri möguleika á því að verða Evrópumeistarar, en það er yfirlýst markmið okkar. Ég get líka viðurkennt það að ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu góður leikmaður Vieira væri þegar hann var að leika með Arsenal. En nú hef ég komist að því að hann er einn sá allra besti sem leikið hefur með Juventus.“

Patrick Vieira sjálfur segist ánægður með hvernig honum hefur gengið hjá Juventus, en margir eru á því að liðið sé líklegt til afreka í meistaradeild Evrópu. „Ég fór til Juventus vegna þess að ég tel líklegt að ég nái markmiði mínu, sem er að vinna meistaradeildina.“

Patrick Vieira var lengi einn af sterkustu miðjumönnum enskrar knattspyrnu og efuðust margir um að hann myndi standa sig á Ítalíu, þar sem fótboltinn þar í landi er frábrugðinn þeim enska. Annað hefur þó komið á daginn því öllum helstu spekingum á Ítalíu ber saman um að Vieira hafi sannað sig sem einn besti miðmiðjumaður í Evrópu. magnush@frettabladid.is



**PATRICK VIEIRA** Vieira hefur leikið stærra sóknarhlutverk hjá Juventus en hann gerði hjá Arsenal og virðist njóta sín betur í því hlutverki.



**ÉG ÆTLA AÐ FARA TIL MADRID** Keane gæti orðið liðsfélagi Beckhams á ný eftir áramót.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Roy Keane:

## Real staðfestir áhuga sinn

**FÓTBOLTI** Spænska stórveldið Real Madrid játaði í gær að Roy Keane væri einn þeirra leikmanna sem félagið hefði áhuga á en neitaði við sama tækifæri að Keane hefði þegar gengist undir læknisskoðun eins og enskir fjölmiðlar héldu fram um helgina.

Talið er að Real muni bjóða Keane sex mánaða samning með 80 þúsund pund í vikulaun. Standi hann sig vel þá verður því haldið opnu að Keane framlengi samning sinn um eitt ár.

Fari svo að Keane endi ekki í Madrid bíða Celtic, Everton og Bolton með opinn faðminn. - hbg



**MICHAEL SCHUMACHER** Ætlar að bæta fyrir tímabilið í ár á næsta ári.

Michael Schumcaher:

## Sleppti fríinu

**FORMÚLA 1** Þýski ökuþórinn Michael Schumacher er greinilega hungraður eftir magurt tímabil í Formúlunni og tók sér lítið sem ekkert frí áður en hann kom aftur til æfinga hjá Ferrari.

„Það var allt öðruvísi þegar ég kom heim úr síðustu keppninni í Kína. Ég þurfti ekki á fríi að halda og vildi ekki hvíla mig. Ég vildi byrja tímabilið strax,“ sagði Schumacher sem mætti svakalegu mótlæti á síðustu leiktíð eftir einstaka velgengni. „Nú mun ég keyra eins og brjálæðingur.“

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, horfir öfundaraugum á Chelsea:

# Öfundar Chelsea af vörninni

**FÓTBOLTI** Chelsea er búið að halda hreinu í fimmtán leikjum í vetur en slíkt hið sama er ekki uppi á teningnum hjá liði Manchester United, sem fær á sig mark í nánast hverjum leik. Alex Ferguson, stjóri United, getur ekki annað en dáðst að slíkum varnarleik.

„Við erum búnir að fá á okkur mark á fyrstu tíu mínútum leiksins í síðustu fjórum heimaleikjum. Það segir sig sjálft að það er ekki nógu gott. Ég veit að Chelsea vinnur marga leiki 1-0 og það verður að hrósa liðinu fyrir varnarleikinn. Við öfundum allir Chelsea af vörninni,“ sagði Ferguson og bætti við að eins og staðan væri orðin í deildinni mættu önnur lið við litlum skakkaföllum og hvert jafntefli væri mjög blóðugt. - hbg



**SIR ALEX FERGUSON** Vildi gjarna hafa Chelsea-vörnina í Manchester.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES






BBC útnefndi þjálfara ársins 2005 í gær:

# Mourinho þjálfari ársins í Bretlandi

**FÓTBOLTI** Breska ríkisútvarpið kaus í gær Jose Mourinho, knattspyrnustjóra Chelsea, þjálfara ársins á Bretlandi en hann varð Englandsmeistari með Chelsea á sínu fyrsta starfsári hjá félaginu.

Í öðru sæti í valinu varð Duncan Fletcher, þjálfari enska landsliðsins í krikkett.

Í næstu sætum á eftir komu Mike Ruddock, þjálfari landsliðs Wales í ruðningi, og Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool.

Jose Mourinho var að vonum ánægður með verðlaunin, en hann tók við þeim úr höndum brasilíska knattspyrnugoðsins Pelé.

„Öll verðlaun skipta mig miklu máli. Þau eru hvatning og nauðsynlegur hluti af því að ná árangri. Þetta hvetur mig til dáða og vonandi tekst mér að vinna enn meira með Chelsea.“

Sebastian Coe, sem á sínum tíma var fremsti frjálsíþróttamaður Bretta, fékk sérstök heiðursverðlaunin fyrir að beita sér fyrir því að ólympíuleikarnir verði í London árið 2012. - mh



**JOSE MOURINHO** Mourinho er afar umdeildur á Englandi en hann hefur náð frábærum árangri með Chelsea.



**SHAQ** Sjóðheitur á vítalínunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Shaquille O´Neal:

# Tryggði framlengingu

**KÖRFUBOLTI** Shaquille O´Neal sneri aftur á völlinn um helgina eftir fimm vikur á hliðarlínunni vegna meiðsla. Það hafði sitt að segja því hann sá til þess að fjögurra leikja taphrinu lauk með hann innanborðs.

Miami sigraði Washington, 104-101, eftir framlengingu en það var Shaq sem tryggði framlenginguna með því að setja niður síðara vítaskot sitt þegar sekúnda var eftir af leiknum. Kom það verulega á óvart enda er Shaq ein slakasta vítaskytta í sögu NBA-deildarinnar.

- hbg

Dwain Chambers viðurkennir þriggja ára lyfjamisnotkun:

# Þarf að skila verðlaununum

**FRJÁLSAR** Líklegt þykir að breski frjálsíþróttamaðurinn Dwain Chambers þurfi að skila öllum þeim verðlaunum sem hann hefur unnið til frá árinu 2002, en hann hefur viðurkennt að hafa neytt steralyfsins THG frá því í byrjun árs 2002.

Istvan Gyulai, starfsmaður alþjóða frjálsíþróttasambandsins, segir að verðlaun Chambers verði afturkölluð. „Samkvæmt lögum sambandsins er hægt að svipta íþróttamenn, sem fallið hafa á lyfjaprófi, verðlaunum sínum allt að átta árum eftir að þeir falla. En við munum skoða tilvik Chambers sérstaklega þar sem hann viðurkennir að hafa tekið lyf á bannlista, án þess að hafa vitað hvað það gerði. Það er þó alltaf á ábyrgð íþróttamannsins að taka ekki bönnuð lyf, og auðvitað eiga þeir ekki að láta lækna ráða því hvaða lyf íþróttamaðurinn er að taka.“

Chambers var í mörg ár fremsti spretthlaupari Breta og átti öll helstu bresku metin í 100 og 200 metra hlaupi, en þau hafa nú verið felld niður eftir að Chambers viðurkenndi að hafa tekið ólögleg lyf.

David Moorcroft, framkvæmdastjóri breska frjálsíþróttasambandsins, sagðist ánægður með að Chambers hefði viðurkennt neyslu sína. „Það skiptir máli að öllum sem að þessu máli koma sé sýnd virðing og mér finnst Chambers hafa gert það hingað til. En hann sakar lækni sinn um að bera ábyrgð á lyfjagjöfinni og það þarf vitanlega að rannsaka nánar.“

- mh



**DWAIN CHAMBERS** Chambers á ekki sjö dagana sæla þessa dagana, en hann segir lækni sinn bera ábyrgð á lyfjatökunni.



**JOHN TERRY** Er að verða ein mesta markamaskína Chelsea.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

John Terry:

# Stoltur af mörkunum sínum

**FÓTBOLTI** John Terry, fyrirliði Chelsea, er stoltur af því hve oft hann skorar fyrir liðið, en Terry hefur landað sigri fyrir Chelsea í síðustu tveimur leikjum liðsins.

„Ég fer ekkert leynt með að ég er stoltur af mörkunum mínum. Það er oft langt upp í dauðu boltana en ég reyni að gera mér mat úr þeim. Þegar ég skalla þá passa ég mig á því að skalla það fast að boltinn fari annað hvort í netið eða yfir svo ég hafi tíma til að hlaupa aftur í vörnina,“ sagði Terry.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

10 11 12 **13** 14 15 16

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- ☐ 19.00 **Bikarmótið í fitness** á Sýn.
- ☐ 19.25 **Strandblak** á Sýn.
- ☐ 20.15 **X-Games** á Sýn.
- ☐ 21.10 **Sharapova** á Sýn.
- ☐ 21.40 **Torfæra í Noregi** á Sýn.
- ☐ 22.35 **World Supercross** á Sýn.
- ☐ 23.30 **Stjörnukylfingur Íslands** á Sýn.
- ☐ 23.55 **Enska mörkin** á Sýn.





# Hvað á það að heita?

## Samkeppni um nafn á nýja bílahúsið



**Vegleg verðlaun**
Vinningshafi fær Miðborgargjafakort að verðmæti kr. 50.000.-

**Nýja, fína bílahúsið** við Laugaveginn, þar sem Stjörnubíó var áður, er nafnlaust enn sem komið er. Við viljum bæta úr því og biðjum alla sem vettlingi geta valdið að koma með tillögur. Best er að þátttakendur komi tillögum sínum á framfæri á heimasíðu Bílastæðasjóðs: **www.rvk.is/bilast**

Tillögum má einnig skila með pósti eða tölvupósti og jafnframt verður tekið við þeim á afgreiðslustöðum Bílastæðasjóðs.

**Munið að merkja tillögurnar vel ... Góða skemmtun!**




Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
... svo í borg sé leggjandi




MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.




**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Eiður Smári tekur hér við verðlaununum úr hendi Geirs Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands, en Eggert Magnússon, formaður sambandsins, fylgist brosandi með.

# Á eftir að sýna mitt besta

**Eiður Smári Guðjohnsen var í gær útnefndur knattspyrnumaður ársins á Íslandi, en Eyjamennirnir Hermann Hreiðarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson voru í öðru og þriðja sæti.**

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu fyrir afrek sín. Þetta gefur manni stolt og aukið sjálfstraust. Þetta ár hefur verið einstaklega viðburðaríkt fyrir mig en það stendur auðvitað upp úr að hafa verið Englandsmeistari með Chelsea. Ég tel mig enn geta bætt mig í knattspyrnu,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen, eftir að hann hafði tekið við viðurkenningu fyrir að vera valinn knattspyrnumaður ársins.

Eiður hefur leikið stórt hlutverk með liði Chelsea á árinu en hann er þó viss um að liðið geti náð enn lengra. „Við eigum enn eftir að ná fram okkar besta. Það er erfitt fyrir liðið að halda fullkominni einbeitingu í toppbaráttu, þegar mótherjarnir eru ekki að setja meiri pressu á okkur en raun ber vitni. En ég er viss um að við getum unnið alla þá bikara sem í boði eru núna. Við viljum samt tryggja okkur Englandsmeistaratitilinn og það er það sem hefur forgang. En við erum með nógu sterkt lið til þess að vinna meistaradeild Evrópu.“

Eiður lék fimm landsleiki á árinu og skoraði í þeim þrjú mörk. Hann er bjartsýnn fyrir hönd íslenska landsliðsins og segir margt jákvætt hafa verið í leik landsliðsins á árinu. „Ungir leikmenn hafa komið með ferska vinda inn í liðið og það er alveg ljóst að við getum betur en við sýndum á árinu. Sérstaklega þarf að bæta varnarleikinn en það er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn. Ég er nokkuð sáttur við mína frammistöðu með landsliðinu í leikjum ársins og tel mig hafa verið að spila minn besta fótbolta í nokkrum leikjanna. Með betri skipulagningu eigum við að geta náð góðum árangri og ég er viss um reynsla Eyjólfs Sverrissonar, landsliðsþjálfara, eigi eftir að nýtast vel. Það eru smáatriði sem þarf að laga og þess vegna er ég bjartsýnn á gott gengi landsliðsins í næstu leikjum.“

Hermann Hreiðarsson var í öðru sæti í kjörinu á eftir Eiði Smára, en hann er einn lykilmanna hjá úrvalsdeildarliði Charlton Athletic í ensku úrvalsdeildinni. „Það er alltaf ánægjulegt að fá viðurkenningar. En ég er nú fyrst og fremst að hugsa um að leika með Charlton og það hefur ekki gengið nógu vel upp á síðkastið. En við unnum mikilvægan sigur um liðna helgi og vonandi komumst við aftur á sigurbraut.“

Hermann er líkt og Eiður Smári bjartsýnn á gott gengi landsliðsins í næstu verkefnum. „Við lékum oft á tíðum ágætis knattspyrnu í landsleikjunum á árinu en það er óásættanlegt að fá á sig þrjú mörk í hverjum leik. Við verðum að laga það, og jafnframt að halda áfram að leika skynsaman sóknarleik. Þá gætum við náð góðum árangri.“

magnush@frettabladid.is

Ásthildur Helgadóttir var kjörin knattspyrnukona ársins:

# Náði öllum markmiðunum

**FÓTBOLTI** Ásthildur Helgadóttir lék afar vel með liði sínu Malmö FF á árinu og var þar að auki einn af máttarstólpum landsliðsins, og var því vel að því komin að vera knattspyrnukona ársins. „Það er einstaklega gaman að hljóta þessa viðurkenningu núna því ég missti úr allt síðasta ár vegna erfiðra hnémeiðsla. Það er alltaf ánægjulegt að ná markmiðum sínum og ég held að það geti vel verið að þetta sé mitt besta ára á knattspyrnuferlinum.“

Íslenska kvennalandsliðið lék einstaklega vel á árinu og var Ásthildur fyrirliði þessi. „Landsliðið er skipað mörgum góðum leikmönnum og ég er viss um að það á eftir að ná langt í framtíðinni. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að vera fyrirliði liðsins á miklum framfaratíma í íslenskri kvennaknattspyrnu.“



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Ásthildur lék einstaklega vel með landsliði Íslands á árinu og var þar auki einn af bestu leikmönnum sænsku úrvalsdeildarinnar.

Systir Ásthildar, Þóra Helgadóttir, var í þriðja sæti í kjörinu en Margrét Lára Viðarsdóttir, sem var knattspyrnukona ársins árið 2004, var í öðru sæti, en hún var markahæst allra leikmanna í Landsbankadeild kvenna.

- mh

# Jólapakki




## Allir sem fá sér áskrift í desember fá jólapakka

- Einn mánuður frítt hjá Stöð2
- Fyrsti áskriftar mánuður frítt hjá BTnet
- 12.000 afsláttur af öllum tölvum í BT

## Kíktu í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift!

BT

M.v. 12.mánaðra samning

BTNET

www.btnet.is.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Are you trying to develop a sense of humor or am I going deaf?“**

**Svar:** Indiana Jones úr kvikmyndinni Indiana Jones and the Temple of Doom frá árinu 1984.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **VEÐJAR Á LEIKIÐ EFNI**

## *Burt með hugmyndafátæktina*

Síðasta fjölmiðlakönnun Gallup sýndi að þjóðin vill íslenskt sjónvarpsefni en ekki hvað sem er. Hún vill helst ekki raunveruleikaþætti að erlendri fyrirmynd heldur kýs 20 ára gamlan húmor Spaugstofunnar. Þjóðin sest inn á Kalla kaffi þó mörgum finnist kaffið sem þar er borið fram vera heldur þunnt. Niðurstöður síðustu fjölmiðlakönnunar Gallup sýna það svart á hvítu að það er þörf á einhverju nýju og fersku í íslenskt sjónvarp. Sjónvarpsþættir á borð við Ástarfleyið eða Piparsveininn áttu að boða nýja tíma í dagskrárgerð en hefur gjörsamlega mistekist að fá þjóðina á sitt band. Háum fjárhæðum hefur verið eytt en þær engu skilað nema aumingjahrolli og köldum svita sjónvarpsáhorfenda. Ef einhver skyldi efast þá tala tölurnar sínu máli.



**REYKJAVÍKURNÆTUR** Heiðarlegt framlag til að láta okkur hafa leikið sjónvarpsefni þó svo að þættirnir hafi alls ekki staðið undir væntingum.

Danska ríkissjónvarpinu tókst í upphafi níunda áratugarins að fá til liðs við sig kvikmyndagerðarmenn. Áður hafði þeirri starfsstétt hryllti við því að þurfa vinna við imbannn. Það er ekki síst þessari sameiningu að þakka hversu blómleg dönsk kvikmyndagerð er í dag. Það tókst að skapa leikstjórum starfsvænt umhverfi sem hefur leitt af sér þætti á borð við Krónikuna og Nicolaj og Juliu. Hinn hálfíslenski Hallgrímur Örn mælist með meira áhorf en fréttir Stöðvar 2 samkvæmt síðustu könnun. Íslenskum sjónvarpsstöðvum ætti að renna blóðið til skyldunnar að taka mark á skoðanakönnunum. Þær geta ekki slegið ryki í augu sjónvarpsáhorfenda eins og stjórnmálamenn gera þegar þeir tapa fylgi. Hver helvita viðskiptamaður myndi sjá það í hendi sér eftir síðustu fjölmiðlakönnun að hvorki hriplekt skipsbrak né norðlenskur smiður eru líkleg til vinsælda heldur ætti hann að setja alla sína peninga á vel framleitt leikið íslenskt efni.



▶ 22.25 *Spenna*

SÓLISTAR



▶ 20.40 *Raunveruleiki*

AMAZING RACE



▶ 20.30 *Raunveruleiki*

IDOL EXTRA



▶ 20:00 *fræðsla*

BORGIN MÍN



▶ 21.10 *Tennis*

SHARAPOVA

### SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (12:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (16:25) **18.25** Gló magnaða (29:52)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (13:24)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.40 Veronica Mars (12:22)**
**21.25 Undir pólstjörnunni – Cantores Minores** (Pohjantähden alla: Pikkukantorit)Þáttur um finnska drengjakórinn Cantores Minores sem hefur starfað í hálfa öld.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Sólistar (2:3)** (Solisterna) Margverðlaunaður sænskur myndaflokkur. Hjónum er bjargað úr brennandi húsi þar sem þau eru bundin við rúm sitt en dóttir þeirra finnst látin og eru áverkar á líkinu. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.30** Örninn (7:8) **0.25** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Grey's Anatomy **11.05** Eldsnöggt með Jóa Fel (e)

**11.35** Alf **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** The Guardian **14.15** Life Begins 2 **15.05** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Shin Chan **16.20** He Man **16.45** Ginger segir frá **17.10** Jellies **17.20** Jesús og Jósefína (13:24) (e) **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Galdrabókin (13:24)**
**19.45 The Simpsons (2:22)** (Simpson-fjölskyldan 11) (Brother's Little Helper)
**20.10 Strákarnir**
▶ **20.40 Amazing Race**
**21.25 Numbers (4:13)** (Tölur) Nýr bandarískur sakamálaþáttur.
**22.10 Over There (7:13)** (Á vígaslóð) (Mission Accomplished)
**22.55 Crossing Jordan (17:21)** (Réttarlæknirinn) (Locard's Exchange) Jordan Cavanaugh er kjarnakvendi sem starfar hjá dánardómstjóranum í Boston.J ordan er réttarlæknir og er kölluð til þegar andlát ber að höndum.

**23.40** Deadwood 2 (11:12) **0.30** Control Factor (Stranglega bönnuð börnum) **1.55** Shooting War **3.25** Twenty Four 3 (12:24) (e) **4.15** Silent Witness (3:8) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Veggfóður**
**20.00 Friends 5 (11:23)**
▶ **20.30 Idol extra 2005/2006** Í
**21.00 Laguna Beach (11:11)**
**21.30 Fabulous Life of (5:20)**
**22.00 HEX (11:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie er feimin ung stelpa sem uppgötvar einn daginn að hún hefur hættulega krafta sem hafa fylgt ætt hennar, kynslóð eftir kynslóð. Það sem hún veit ekki enn er að einhver vill hana feiga og mun gera allt til þess að takast það. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn í Bretlandi.
**22.45 Fashion Television (7:34)**

**23.10** Friends 5 (11:23) (e) **23.35** The Newlyweds (7:30) **0.00** Tru Calling (7:20)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið (e)**
**19.30 Silvía Nótt (e)**
▶ **20.00 Borgin mín** Íslenska þjóðin er ekki svo ýkja fjölmenn en þó finnast Íslendingar á ólíklegustu stöðum.
**20.30 Allt í drasli**
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Judging Amy**
**22.50 Sex and the City – 2. þáttaröð** Carrie, Samantha, Charlotte og Miranda fara til the Hamptons og Charlotte hittir 26 ára mann sem smitar hana af flatlús. Samantha verður pirruð á aðstoðarstúlkunni sinni og rekur hana. Carrie rekst á Mr. Big sem er komin aftur frá parís með eina unga upp á arminum.

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** NÁTTHRAFNAR **1.25** Everybody loves Raymond **1.50** Da Vinci's Inquest **2.35** Fasteignasjónvarpið (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Timeless**
**19.00 Bikarmótið í fitness 2005**
**19.25 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak) (Huntington Beach Open – Men's Final)
**20.15 X-Games 2005 (1:1)**
▶ **21.10 Sharapova** Sharapova er ein skærasta Tennisstjarna heims í dag.
**21.40 Mótorsport 2005** (Torfæra í Noregi)Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**22.35 World Supercross GP 2004-05** (Sky dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.

**23.30** Stjörnukylfingur Íslands **23.55** Ensku mörkin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Benny and Joon **8.00** Flight Of Fancy **10.00** Big **12.00** Brown Sugar **14.00** Benny and Joon **16.00** Flight Of Fancy **18.00** Big **20.00 Brown Sugar** (Púðursykur) Rómantísk gamanmynd með hjartaknúsaranum Taye Diggs úr Kevin Hill. Leikstjóri: Rick Famuyiwa.2002. **22.00 Birthday Girl** (Afmælisstelpa) Dramatísk gamanmynd..Leikstjóri: Jez Butterworth.2001. Bönnuð börnum. **0.00** Solaris (Bönnuð börnum) **2.00** Pursuit of Happiness **4.00** Birthday Girl (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** Uncut **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 50 Most Wicked Women of Primetime **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **22.00** The Soup UK **22.30** Wild On Tara **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup UK **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Tottenham – Portsmouth frá 12.12 **16.00** Charlton – Sunderland frá 10.12 **18.00** Blackburn – West Ham frá 10.12
**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Liverpool – Middlesbrough frá 10.12**
**0.00** Man. Utd. – Everton frá 11.12 **2.00** Dagskrárlok




# Áttu leið í bæinn?
## – stæði fyrir alla



Á bíl í jólaösinni í miðborg Reykjavíkur. Hvað má bjóða þér? Miðastæði, stöðumæli eða bílahús. Viltu greiða með korti eða krónum, eða kannski gsm símanum þínum?

**Tímamiðar** úr miðamælum gilda áfram þegar lagt er við stöðumæli innan sama gjaldsvæðis.

**Ótakmarkaður tími** býðst á stöðumælum í miðborginni.

**Bílahúsin** eru nú opin tveimur klukkustundum lengur en verslanir í miðborginni en **frá 15. desember og fram til jóla verða þau opin til kl. 24:00.** Gleðilega aðventu!

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
... svo í borg sé leggjandi

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Amazing Race — Stöð 2 **kl. 20.40**

### *Lokakeppni kapphlaupsins mikla*



*Keppendur í Amazing Race skoða spennandi verkefni.*

Ellefu lið hófu þátttöku í þessu sjöunda Kapphlaupinu mikla. Keppendurnir hafa ferðast út um allt og og höfðu m.a. viðkomu á Íslandi. Fjórar heimsálfur eru að baki, fjöldi landa og ennþá fleiri þrautir en nú fyrst reynir fyrir alvöru á útsjónarsemi og snerpu keppenda. Þekktustu keppendurnir í þessari þáttaröð eru án efa skötuhjúin úr Survivor, Rob og Amber. Nú er lokastundin er runnin upp og þrjú lið eru eftir í Kapphlaupinu mikla og bítast í þessum lokaþætti um stóru sigurlaunin; eina milljón dala. Stjórnandi þáttarins, hinn geðþekki Phil Keoghan, er mættur á endastöðina, sem er í Fort Lauderdale í Bandaríkjunum. Hér verður að sjálfsögðu ekkert gefið upp um hvernir leikar fara, en það eitt er víst að endaspretturinn er æsilegur og uppfullur af dramatík.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Hermann **14.30** Miðdegistónar **15.03** Líður að jólum **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Bær verður til **21.10** Púsl **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Mylo **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **15.00**
*Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN EFTIR HÁDEGI

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut
▶ **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþr

**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir, Íþróttir og veður**
**22.30** **Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.**

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**14.00** Snooker: UK Championship York **17.45** Football: Football World Cup Season Legends **18.45** Football: Football World Cup Season Journeys **19.00** Snooker: UK Championship York **22.00** Rally: Dakar Challenge **22.30** Curling: European Championship Germany **0.00** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Are You Being Served? **12.30** Porridge **13.00** Daniel Deronda **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Jeopardy **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Top Gear Xtra **20.00** Trouble At the Top **20.40** The Ship **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** John Wayne: The Unquiet American **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Into the Lost World **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** When Expeditions Go Wrong **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastructures **19.00** Into the Lost World **20.00** Inside 9/11 **21.00** Seconds From Disaster **22.00** When Expeditions Go Wrong **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** When Expeditions Go Wrong

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** The Life of Birds **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Magnetic Storm **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Wars **17.00** Dream Machines **17.30** Dream Machines **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Ultimate Ten **21.00** Monster Moves **22.00** Deadliest Catch **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Air Wars

**JETIX**

**12.20** Jacob two-two **12.45** So Little Time **13.10** Goosebumps **13.35** Black Hole High **14.00** Spider-Man **14.25** Moville Mysteries **14.50** Digimon II **15.15** Martin Mystery **15.40** Totally Spies **16.05** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X






## HRÓSIÐ

*...fær Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fyrir að sigra keppnina Miss World með glæsibrag.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** glans **6** mannþvaga **8** sjór **9** blástur **11** í röð **12** brella **14** teygjudýr **16** málmur **17** ögn **18** eignarfornafn **20** tónlistarmaður **21** elska.

**LÓÐRÉTT**
**1** magi **3** í röð **4** asfalt **5** tímabils **7** sárabindi **10** forskeyti **13** útdeildi **15** sót **16** tunnu **19** ónefndur.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT: 2** gljá, **6** ös, **8** mar, **9** más, **11** rs, **12** bragð, **14** amaba, **16** ál, **17** fis, **18** mín, **20** kk, **21** unna. **LÓÐRÉTT: 1** vömb, **3** lm, **4** jarðbik, **5** árs, **7** sáralín, **10** sam, **13** gaf, **15** aska, **16** ámu, **19** nn.






## FJÓRIR SPURÐIR TÓNLEIKAR Í FRÍKIRKJUNNI Í REYKJAVÍK Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG

# *Hvernig líkuðu þér tónleikar Antony and the Johnsons?*

**Spessi ljósmyndari**



Mér fannst þetta frábærir tónleikar. Ég hafði aðeins hlustað á tónlistina í útvarpinu og hjá vinum mínum, en það kom mér á óvart hvað hljómsveitin var góð. Stemningin var frábær, þetta er svo lágstemmd tónlist á köflum og Fríkirkjan hentaði henni vel.

**Helga Vala Helgadóttir laganemi**



Ég er orðlaus og enn þá að jafna mig. Ég sá hann líka á NASA í sumar og þessir tónleikar voru fullkomnun. Ég tek undir með Árna Matthíassyni á Mogganum sem sagði að af fimm stjörnum mögulegum fengju þessir tónleikar sex.

**Þorgrímur Þráinsson rithöfundur**



Mér finnst þetta afskaplega merkileg og skemmtileg hljómsveit, öðru vísi en allt annað. Mér fannst það galli að það sást lítið til hennar. Ég hefði fengið meira út úr þessum tónleikum hefði ég getað séð hljómsveitarmeðlimi, það skiptir svo miklu máli fyrir heildarupplifunina. Að öðru leyti tókust þessir tónleikar mjög vel.

**Ragna Fróðadóttir hönnuður**



Mér fannst þetta frábærir tónleikar. Ég er mikill aðdáandi Antony and the Johnsons og fór líka á tónleikana í sumar, en þessir voru mun betri á meira viðeigandi stað. Ég var svo heppin að sitja upp á svölum og horfði beint niður á hann, en ég hefði ekki viljað sitja aftarlega á neðri hæðinni í kirkjunni.



**ANDRÉS, HJALTI, MAGNÚS OG JÓN PÁLL** Andrés Guðmundsson og Jón Páll reyna með sér. Í bígerð er heimildarmynd um Jón Pál, sem fjórum sinnum vann titilinn sterkasti maður heims.

**HJALTI ÚRSUS:** GERIR HEIMILDARMYND UM JÓN PÁL

# Efni frá tuttugu löndum

Nýverið héldu kraftajötnar landsins upp á tuttugu ára afmæli aflrauna á Íslandi á Kaffi Reykjavík. Þar sýndi Hjalti Úrsus brot úr heimildarmynd sem hann er með í bígerð um ævi þekktasta aflraunamanns heims, Jóns Páls Sigmarssonar. Nýleg könnun, sem Gallup gerði fyrir Visa Europe og birtist í fjölmiðlum í gær, sýnir að Jón Páll á enn sinn fasta samastað í þjóðarsálinni því Íslendingar töldu hann vera þann íþróttamann sem væri í mestum metum.

Í janúar á næsta ári eru þrettán ár síðan Jón Páll lést langt fyrir aldur fram, aðeins 33 ára að aldri. „Það hefur engum tekist að feta í fótspor Jóns Páls og hann á mikinn heiður að því hversu vinsælar aflraunir eru í dag,“ segir Hjalti, sem undanfarin þrjú ár hefur verið að safna efni í myndina en hann hefur fengið Steingrím Þórðarson til liðs við sig. „Við erum með umsókn í Kvikmyndasjóðnum og reiknum með að koma myndinni í kvikmyndahús í september á næsta ári,“ útskýrir hann en úgáfufyrirtækið Sena hefur einnig keypt sig inn í þessa framleiðslu.

Hjalti segir að það verði engu til sparað við gerð myndarinnar og þeir muni meðal annars fá efni frá yfir tuttugu löndum enda þurfti Jón Páll að fara víða til að keppa. Þá reiknaði hann með að þeir sviðsettu einhver atriði úr æsku Jóns Páls og að þær tökur yrðu í maí. Þekktir kappar eins og Jeff Capes munu tjá sig um Jón en þeir tveir háðu oft harða keppni á sínum tíma. Hjalti segir því ljóst að það verði af nógu að taka en hann er þó hvergi banginn. „Ég tel mig þekkja þessa sögu nokkuð vel,“ segir hann.

Jón Páll var feykilega vinsæll íþróttamaður og vakti mikla athygli á bæði land og þjóð með einstakri framkomu sinni. Hann vann titilinn Sterkasti maður heims fjórum sinnum og var kjörinn Íþróttamaður ársins 1981. Vinsældir Jóns Páls eru engu minni erlendis og á spjallsíðum má sjá að aðdáendur kappans bíða í ofvæni eftir myndinni. Sjálfur segist Hjalti hafa fengið beiðnir um að setja upp pöntunarlista á netinu fyrir DVD-útgáfuna.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Jóhannes Kr. Kristjánsson og samstarfsfólk hans á NFS hefur vakið athygli fyrir fréttaskýringaþættina Kompás, þar sem ljósi er brugðið á menn og málefni. Umfjöllun Jóhannesar um útbreiðslu „læknadóps“ hefur meðal annars vakið talsverða umræðu, ekki síst vegna sláandi mynda af fíkli sem sprautaði contalgeni í sýktan handlegg sinn. Jóhannes notar ýmis tól og tæki við rannsókn mála, til dæmis falda myndavél, en sjálfur þykir hann með eindæmum ósérhlífinn við gerð þáttanna. Það kom kom berlega í ljós á aðfaranótt sunnudags þegar hann gisti á Litla-Hrauni yfir eina nótt vegna fréttaskýringar sem hann vinnur að um fanga sem afplána dóma þar. Jóhannes ræddi við nokkra fanga um aðbúnað þeirra, daglegt líf og líðan og mun hafa sóst eftir gistingu með það að markmiði að komast betur inn í reynsluheim þeirra sem þar búa. Gert er ráð fyrir að afraksturinn birtist á skjánum sunnudagskvöldið 18. desember.

Það er óhætt að segja að hljómsveitin Antony and the Johnsons hafi lagt íslenska tónlistarunnendur að fótum sér á árinu. Um helgina lék hún í annað sinn á hér landi á þessu ári. Fyrstu tónleikarnir voru á skemmtistaðnum Nasa en í þetta sinn var brugðið á það ráð að halda tvenna tónleika í Fríkirkjunni og er skemmst frá því að segja að miðarnir seldust upp á nokkrum mínútum.
Það varð vitaskuld ekki þverfótað fyrir íslensku mektarfólki í Fríkirkjunni á laugardags- og sunnudagskvöld, þar var Björk Guðmundsdóttir, Sigurjón Sighvatsson, Baltasar Kormákur, Hildur Vala Einarsdóttir, Arnar Gunnlaugsson (eða Bjarki), Magga Stína, nafna hennar Vilhjálmsdóttir og Ellen Kristjánsdóttir svo fáir séu nefndir. Sú síðastnefnda hvarf reyndar á braut áður en tónleikunum lauk, þó ekki vegna óánægju heldur mun hún hafa átt að troða upp sjálf annars staðar og kvaddi víst kirkjuna með trega enda var almennt gerður góður rómur að Antony og félögum.




STÓR HUMAR
RISARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Djúpt snortinn af framtakinu



**JÓNAS ÞÓRIR ÞÓRISSON** Jónas segist vera djúpt snortinn af framtaki þeirra sem stóðu að endurútgáfu lagsins Hjálpum þeim.

Plata með nýju útgáfunni af laginu Hjálpum þeim kemur í verslanir í dag. Platan inniheldur, auk nýju útgáfunnar sem tekin var upp af Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni, ósungna karókí-útgáfu, sem og upprunalegu útgáfuna frá árinu 1985.

Jónas Þórir Þórisson frá Hjálparstarfi kirkjunnar segist vera djúpt snortinn af framtaki tónlistarmannanna sem sungu lagið og allra hinna sem stóðu að verkefninu. Jónas Þórir var við hjálparstörf í Eþíópíu þegar fyrri útgáfan kom út en situr nú hinum megin borðsins. „Mér finnst þessi nýja útgáfa mjög skemmtileg. Hún vekur hjá mér sömu tilfinningar og lagið í upphafi gerði eftir að ég fékk það sent á kassettu suður til Eþíópíu,“ segir Jónas. „Allir voru fúsir til að taka þátt í verkefninu og enginn spurði hvort hann fengi eitthvað fyrir. Að sjá bara gleðina og geislunina þegar fólkið söng í Salnum gaf það mér staðfestingu á því að það á stórt hjarta,“ segir hann. „Menn hafa verið fljótir til þegar eitthvað bjátar á, ekki bara listafólkið, heldur fullt af tæknifólki líka. Þetta er ótrúlegt mitt í allri þessari peningjahyggju sem ræður ríkjum hér.“

Platan kostar aðeins þúsund krónur og rennur allur söluhagnaður, fyrir utan virðisaukaskatt, óskiptur til söfnunarátaks Hjálparstarfs kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan og hungursneyðar og annars neyðarástands víða um heim. Platan er fáanleg í öllum verslunum Hagkaupa og völdum verslunum Bónuss, 10-11 og Top Shop um land allt. ■

# Jólatilboðin í fullum gangi




## Temprakon hitajöfnunarsængin




### Sængin sem breytir öllu

Nú á jóla-tilboði

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™




www.design.is @ 2005

# Heilsukoddar

## Mjúki pakkinn sem bætir lífið

TEMPUR-PEDIC
Heilsunnar vegna



Tempur Original



Tempur Classic



Tempur Millenium

ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI




Allir sem kaupa Tempur heilsukodda fyrir jólin fá hina frábæru bók, Með lífið að láni, að gjöf.

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**
**Sunnudag frá kl. 13-17**

www.design.is @ 2005

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Jólastemning*

Það brast á með furðulegu rafmagnsleysi í Grasabæ í liðinni viku. Svartamyrkur skall á líkt og í afdal inn til sveita. Inni í myrkvuðu húsi heyrðist hvísl og pískur. Óttaslegnir krakkaormar í leit að vasaljósi urðu fegnir að sjá mömmu sem fór um líkt og ljósálfur og kveikti á kertum í dimmum skotum. Það er ekkert samband! hrópaði einn og hélt á símtóli. Tölvan er dauð! kallaði annar og starði skelkaður á svartan tölvuskjá. Það er ekkert sjónvarp, dæsti þriðji og sá fjórði gerði árangurslausar tilraunir til að kveikja á útvarpi. Hvað gerum við? Smákökur, spilastokkur og bjarmi af kertaljósunum, kyrrð og myrkur úti.

**ÞAÐ** er eins og tíminn sé hættur að líða, sagði lítil skotta. Sögur flugu af fólki og fyrirbærum og rökkrið fékk viðstadda til að mala í hálfum hljóðum. Rafmagnið var á bak og burt í tvær klukkstundir. Íbúar í að minnsta kosti einu húsi þakka kærlega fyrir sig og hafa afráðið að slá reglulega út aðalrofann til að upplifa galdurinn aftur og stöðva stundina í smástund.

**MANNFJÖLDINN** í Hringlunni var á leið í allar áttir um helgina, upp og niður rúllustigann. Pinklar og pjönkur og pakkar á pósthús. Rosknar og miðaldra mæðgur sátu þar saman yfir kaffibolla. Ein kvartaði undan hausverk, önnur nöldraði yfir því að hafa týnt jólunum í tvöföldu biðröðinni við kassann.

**HVAÐA** endemis væl er þetta? sagði ættmóðirin. Hugsið ykkur hvað þessi staður gerir mikið fyrir eldri borgara. Hér er engin hálka og endalaust sumar, hægt að hitta fræga skemmtikrafta; ekkert ósvipað ensku ströndinni á Kanarí. Þetta er dásamlegt, dæsti frúin, - svo gaman að vera saman.

**FÍNISVÍN** piffuðu sig og puffuðu á lokuðum stórtónleikum útvaldra fyrir helgi. Nú kaupa bankarnir upp listviðburði rétt eins og laxveiðiár svo silkihúfur geti mátað sig hver við aðra í ró og næði. Þar hristu menn djásnin sín, líkt og Lennon heitinn hvatti til forðum. Öryrkjar og aldraðir röskuðu stemningunni aðeins með því að mæla með örlítið huggulegri framkomu við sig og sína. Raðirnar hjá Mæðrastyrksnefnd og kirkjunni verða langar fyrir þessi jól líkt og önnur. Af hverju borðar fólkið ekki bara kökur? spurði eitt af glæsikvendum veraldarsögunnar fyrir langa löngu og það má svo sem spyrja sig? ■




HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

